

TÍUND

FRÉTTABLAÐ RSK • OKTÓBER 2010

Tapað hlutafé
Afskriftir og greiðsluúrræði
Breytt skipan skatteftirlits



Niðurstöður álagningar 2010

Virðisaukaskatturinn

Rétt 20 ár eru liðin síðan innheimta virðisaukaskatts hófst hér á landi og kom hann í stað söluskatts. Undirbúningur að skattkerfisbreytingunni hafði staðið um árabíl og sýndist sitt hverjum. Fyrsta skýrslan hélendis um breytingu yfir í virðisaukaskatt var rituð snemma á áttunda áratug síðustu aldar eða fyrir næstum 40 árum. Í aðdraganda þeirra miklu skattkerfisbreytinga sem urðu á árunum 1988 – 1990 með upptöku staðgreiðslu, tryggingagjalds og virðisaukaskatts, var því sterklega haldið fram að hinn nýi virðisaukaskattur væri öruggur og mun betri en söluskattskerfið, sem væri gallað og „hriplekt“, eins og einn stjórnmálamaður hélt fram á þeim tíma. Var talið að hinn nýi skattur bæri með sér innbyggt innra eftirlit og væri þannig öruggari og skilvirkari skattur. Á grundvelli þessa héldu Íslendingar á vit virðisaukaskatts og fetuðu þar í fótspor annarra Evrópuríkja og horfðu til bættra skattskila og minni undanskota.

Enda þótt virðisaukaskatturinn hafi í eðli sínu töluvert innra eftirlit opnar hann einnig nýja svikamöguleika, annars vegar offærslu á innskatti til að lækka skattstofninn og hins vegar möguleika á að fá fjármuni greidda úr ríkissjóði. Er þetta til viðbótar þeim „hefðbundna“ skattundandrætti sem felst í því að vantelja tekjur og skattskylda veltu en þar skiptir ekki máli hvort um virðisaukaskattsskylda starfsemi er að ræða eða ekki.

Flestir gerðu sér grein fyrir að skattkerfisbreytingin kallaði á aukinn mannafla til að annast framkvæmdina enda er virðisaukaskatturinn þannig uppbyggður að hann er í eðli sínu mannaflsfrekur. Þess utan bentu skattamenn ítrekað á að hættur við virðisaukaskattinn væru miklar og skatturinn væri í eðli sínu viðkvæmur. Það leið heldur ekki á löngu þar

til í ljós kom að þær áhyggjur voru ekki ástæðulausar. Rösku ári eftir að virðisaukaskattur var innleiddur kom upp fyrsta málið þar sem reynt var að svíkja fjármuni út úr kerfinu.

Við alla skattframkvæmd er mikilvægt að gætt sé að einfaldleika til að tryggja skilvirkni. Í virðisaukaskattskerfinu hefur því miður verið fetuð sú braut að flækja framkvæmd skattsins til að koma til móts við þarfir ýmissa hagsmunahópa. Enda þótt vel sé skiljanlegt að stundum sé rétt að taka tillit til slíkra þarfa hafa flækjustig við álagningu aukist um of af þeim ástæðum frá upptöku skattsins. Það að lögum og reglugerðum um virðisaukaskatt skuli hafa verið breytt oftar en 100 sinnum á fyrstu 10 árum skattsins og þar af margsinis til þess að auðvelda skattaðilum að losa um fjárbindingu vegna hans - segir sína sögu.

Hin alvarlegu virðisaukaskattsmál þar sem ranglega hefur tekist að ná fjármunum úr ríkissjóði með því að setja á svið atburðarás með enga stoð í raunveruleikanum eru reyndar ekki mörg, sem betur fer, en hvert mál er einu máli of mikið. Í september nýliðnum keyrði þó um þverbak þegar röskegla 270 milljóna kr. svik uppgötvuðust. Að þessu sinni var ekki um að ræða „hefðbundin“ svik heldur voru lagðir inn falsaðir pappírar á mjög þröngu sviði virðisaukaskattsframkvæmdarinnar, svokallaðri sérstakri skráningu fasteigna. Á grundvelli þeirra tókst hópi manna að svíkja út þá miklu fjármuni sem hér um ræðir. Háttsemi þessi virðist þaulskipulögð og augljóst er að hinir brotlegu hafi í það minnsta notið aðstoðar sérfróðs aðila við gerð svikamyllunnar. Í húsleit hjá hópi manna sem grunaðir eru um aðild að svikunum hefur jafnframt verið lagt hald á mikið magn ólöglegra fíkniefna.

TÍUND

BLAÐ NR. 54

Útgefandi: RÍKISSKATTSTJÓRI

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson.


Framleiðslustjórn, ljósmyndir og hönnun: Logi Halldórsson.

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir.

Prófarkalestur: Helga Valborg Steinarsdóttir.

Forsíðumyndin er af Skólagötu 10, Ísafirði, en þar var skattstofa Vestfjarða til húsa um langt árabíl.

Húsið er nú í eigu Ísafjarðarbæjar.



Allt ber því að sama brunni; að um sé að ræða lið í glæpastarfsemi, ugglaust til að fjármagna aðra brotastarfsemi. Atburður þessi hefur orðið starfsmönnum skattfyrvalda alvarlegt áhyggju- og umhugsunarefni. Vitað var frá upphafi að endurgreiðslur virðisaukaskatts gætu verið varasamar og líklegt að einhverjar endurgreiðslukröfur yrðu falsaðar eða rangar. Umfang þess máls sem nú er uppi er þó að miklum mun alvarlegra en nokkurn óraði fyrir. Allt bendir til að aðstæður við hina brotlegu háttsemi hafi verið með þeim hætti að þær auki verulega saknæmi hennar. Fleiri en einn virðast hafa sammælt um brotin og notið við það liðsinnis sérfróðs aðila sem greinilega þekkir til vinnuferla skattfyrvalda. Erlend skattfyrvöld hafa einnig glímt við alvarleg virðisaukaskattsbrot, m.a. í viðskiptum á milli landa og þeirra reynsla er að skipulögð glæpastarfsemi sækir í að svíkja út fjármuni úr ríkissjóði.

Í virðisaukaskatti er í takmörkuðum mæli unnt að búa við sjálfsafgreiðslu gjaldenda svo sem er í almennum skattskilum. Mun meira eftirlit þarf með virðisaukaskattinum og treysta þarf varnirnar enn frekar. Óhjákvæmilegt er því að taka alla umsýslu virðisaukaskatts til gaumgæfilegrar endurskoðunar. Það á bæði við framkvæmdina sjálfa og hinn lagalega grundvöll. Ef koma á í veg fyrir að glæpagengi geti gengið í fjárreiður íslenska ríkisins til að fjármagna athafnasemi sína með þessu móti er nauðsynlegt að bregðast við með afgerandi hætti. Atburður sem þessi er e.t.v. lýsandi dæmi um þær breytingar sem eru að verða á íslensku samfélagi þar sem skipulögð glæpastarfsemi mun að öllum líkindum verða eitt af stærri áhyggjuefnum komandi kynslóða.

Skattfyrvöld eru stöðugt að endurskoða skattframkvæmdina til að sporna við svikum. Íhugunarefni er hvort



Skúli Eggert Þórðarson
ríkisskattstjóri



Sigmundur Stefánsson
sviðsstjóri atvinnurekstrarsviðs

fjármunir til framkvæmdar virðisaukaskattskerfisins séu ekki af of skornum skammti. Allt að einu er augljóst að herða þarf mjög alla varúðarþætti í því skyni að setja skorður við því að fjársvik sem þessi geti leitt til útborgana úr ríkissjóði. Án efa getur slíkt komið niður á afgreiðsluhraða og jafnvel almennri þjónustu. Um langt skeið hefur verið lögð mikil áhersla á að afgreiða innan of skamms tímafrests inneignarskýrslur til að fjárbinding verði ekki óþarflega mikil. Sú stefna verður að þoka fyrir meiri varúð en verið hefur. Líklegt er því að ýmis konar afgreiðsla muni taka lengri tíma til að unnt verði að yfirfara beiðnir og kröfur um fjármuni úr ríkissjóði mun ítarlegar en gert hefur verið hingað til. Ef það getur orðið til þess að uppgötva og stöðva í tíma svikastarfsemi er slík breyting ekki aðeins réttlætanleg heldur sjálfsgöð.

EFNI BLAÐSINS

Leiðarinn	2	Breytt skipan skatteftirlits	26
Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri	4	Sigrún Ólafsdóttir, skattstofunni Hellu	30
Nýtt skipurit RSK	9	Atvinnuleysisbætur	34
Afskriftir og greiðsluúræði	12	Framtalsskil lögaðila	36
Þjónustumiðstöð fyrir erlenda starfsmenn í Noregi	17	Starfsmannafundur með fjarfundabúnaði	38
Framkvæmd virðisaukaskatts endurskoðuð	18	Niðurstöður álagningar 2010	40
Hlutfé í efnahagshruni	20	Úrskurðir	49
Áhættusvið í virðisaukaskatti	23	Dómar	52
Skattstjórafundir – að breyttu breytanda	24	Lokaorðið - Hvert stefnir?	55



~ Viðtalið ~
Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri

Skattar eru þverfaglegt viðfangsefni

Embættismenn eru lítt sýnilegir og vinna langflestir störf sín í hljóði af mikilli samviskusemi og iðni.

Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri í heilbrigðisráðuneytinu lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1978 og MA-prófi í alþjóðlegum samskiptum árið 1985. Eftir að hún lauk lagaprófi frá HÍ hóf hún störf í utanríkisráðuneytinu og var m.a. sendiráðsritari í Bonn og síðar sendiráðunaatur í Stokkhólmi þar til hún var skipuð ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu árið 1988. Hún gegndi starfi framkvæmdastjóra Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn árin 1996-1999 og tók þá á ný við starfi ráðuneytisstjóra í félagsmálaráðuneytinu. Árið 2002 tók Berglind við stöðu aðstoðarforstjóra Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, sem staðsett er í París þar sem hún starfaði í fjögur ár. Árið 2006 fór hún aftur til starfa í utanríkisráðuneytinu og stýrði viðskiptasviði þess. Berglind tók svo aftur við stöðu ráðuneytisstjóra í september 2007 þegar hún réðist til starfa í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Nú er hún á leið í ársleyfi til náms í efni tengdu heilbrigðis- og utanríkismálum. Tíund tók hús á þessum athafna-sama embættismanni.

Nú byrjaðir þú snemma að vera í forystu í stjórnsýslu og varst m.a. fyrsta íslenska konan til að gegna embætti ráðuneytisstjóra. Hvaðan kemur þessi mikli áhugi á pólitík og stjórnsýslu?

Ég hef haft brennandi áhuga á stjórnmálum síðan ég var barn. Ég hugsa að ég hafi valið lögfræðina af því að hún er svo nátengd pólitíkinni og því hvernig málum er skipað í samfélaginu. Ég taldi lögfræði mjög nytsamlega menntun en hafði aldrei beinlínis áhuga á að vinna í lögmennsku. Ég tók þátt í stúdentapólitíkinni en margir af þeim sem starfa í stúdentapólitík fara þaðan út í stjórn-mál. Ég hef reyndar verið beðin um að fara í framboð síðan þá, og

ekki bara fyrir einn flokk, en ég hef einhvern veginn aldrei verið tilbúin í það. Með því að vinna í stjórnsýslu finnst mér ég hafa tekið þátt í stefnumótun og lært að embættismenn geti haft veruleg áhrif. Það er eðlilega meiri langtímahugsun í gangi í stjórnsýslunni heldur en í pólitíkinni. Sem embættismaður er hægt að hafa það sem hugsjón að vinna að því að semja leikreglur sem stuðla að sem mestri hagsæld þegnanna, byggðar á jafnræðisreglu, jafn-

”

*Almennt fá
embættismenn litlar
þakkir fyrir sitt framlag.
Það sem þeir gera vel
fer hljótt en ef eitthvað
fer úrskeiðis er það
mjög sýnilegt*

rétti og sanngirni. Mér hefur þótt gaman í embættismennsku þetta 31 ár en ég er ekki viss um að ég hefði unnið svona lengi á þessu sviði nema af því að ég hef starfað í þremur ráðuneytum og verið svo heppin að fá stórkostleg tækifæri til starfa á alþjóðavettvangi.

Hvaða þýðingu hafði fyrir þig að vera valin kona ársins 2002 af tímaritinu Nýju lífi?

Fyrir mér var þetta viðurkenning á störfum embættismanns og mér vitanlega hafði kona ársins ekki komið úr þeim geira áður. Almennt fá embættismenn litlar þakkir fyrir sitt framlag. Það sem þeir gera

vel fer hljótt en ef eitthvað fer úrskeiðis er það mjög sýnilegt. Embættismenn eru lítt áberandi og vinna langflestir störf sín í hljóði af mikilli samviskusemi og iðni. Það er til stytta í Reykjavík sem sýnir nafnlausu embættismanninn. Það er greinilega karlmaður með hatt. Það er fyrst á seinni árum sem fólki dettur í hug að kona sé embættismaður.

Í ræðu sem ég hélt við þetta tækifæri lagði ég ríka áherslu á hið mikilvæga hlutverk sem stjórnsýslan gegnir. Væntanlega fékk ég viðurkenninguna í tilefni af því að þetta sama ár varð ég aðstoðarforstjóri OECD og er fyrsta evrópska konan til að gegna því starfi.

Oft er sagt að starfsmenn ráðuneyta þurfi reglulega að aðlagast nýjum ráðherra. Hefur þetta verið mjög mismunandi milli ráðherra sem þú hefur unnið með og ráðuneytanna sem þú hefur starfað hjá?

Ég vann með fjórum ráðherrum á síðastliðnu ári. Það tekur alltaf sinn tíma bæði fyrir ráðherrann og embættismennina að venjast hver öðrum. Ráðherrarnir koma inn og vilja ná fram umbótum fljótt og vel. Ég hugsa að þeim þyki mörgum hlutirnir ganga hægt fyrir sig í stjórnsýslunni. Starfsfólkinu finnst hins vegar oft að ráðherrarnir átti sig ekki á því hvað mál séu flókin. Það eru hins vegar ráðherrarnir sem taka ágjöfina. Það getur tekið nokkra mánuði að finna hinn gullna meðalveg fyrir ráðherra og starfsmenn ráðuneyta til að samstarfið verði árangursríkt.

Þegar ég var skipuð ráðuneytisstjóri fyrst kvenna höfðu sárafaar konur verið ráðherrar og engin gegnt starfi ráðuneytisstjóra. Ég hef unnið með 17 ráðherrum, þar af fimm konum. Sem ráðuneytisstjóri hef ég starfað með níu ráðherrum í tveimur ráðuneytum. Mér finnst ráðuneytisstjórastarfið hafa breyst

mjög mikið. Þegar ég byrjaði var svolítið um „Humphrey“-týpur, eins og úr þáttunum Yes Minister, sem réðu miklu á bak við tjöldin. Ráðuneytisstjórnir voru virðulegir eldri menn sem veittu ráðherrum mikla handleiðslu. Það er fræg saga úr menntamálaráðuneytinu þar sem Birgir Thorlacius var lengi ráðuneytisstjóri. Það var einhver að reyna að ná tali af ráðherra en ritari spurði hvort hann vildi bara ekki fá að tala við Birgi „sjálfan“. Nú þegar ég er sjálf með lengstan starfsaldur ráðuneytisstjóra verð ég ekki mikið vör við „humphreya“ en er líklega ekki dómbær á það sjálf. Hvort það hefur breyst eftir því sem konum hefur fjölgað í þessu starfi eða hvort ráðherrar eru farnir að vera meira í málum sem ráðuneytisstjórar sáu alfarið um áður, skal ósagt látið.

Ráðuneyti eiga að vinna að stefnu- mótun og heildarsýn með ráðherra. Að mínum dómi er allt of mikið af einstaklingsmálum sem koma inn í ráðuneytin og byrgja okkur sýn þegar við leitumst við að horfa fram á veginn. Þar sem einstaklingsmálin koma gjarnan í fjölmiðlum kalla þau á athyglina. Við reynum að vinna eftir almennum reglum þar sem borgararnir geta kynnt sér rétt sinn en kvartanir einstaklinga, að ég tali nú ekki um á tímum niðurskurðar, setja

til annarra landa. Þegar menn glíma í pólitískum átökum hér heima þá má búast við að atburðarásin sé þýdd yfir á erlend mál og birtist sem fréttæfni alls staðar þar sem einhver hefur áhuga á því.

Eftir að hafa starfað á alþjóðavettvangi, bæði á Norðurlöndunum og í Frakklandi, þá hefur þú kynnst stjórnsýslunni erlendis. Í því samhengi er áhugavert að heyra viðhorf þín til Íslands í alþjóðasamfélaginu.

Alþjóðlegt samstarf er hverri þjóð nauðsynlegt. Ísland, eins og sérstaklega á við um mörg smáríki, er háð alþjóðlegu samstarfi. Það er varhugavert fyrir smáríki sem getur ekki bæði unnið af festu í sínum málum en um leið haft skilning á þörfum annarra. Einangrun er hættuleg fyrir land eins og okkar sem er gríðarlega háð viðskiptum við aðrar þjóðir. Á upphafsárum íslenska lýðveldisins tókst okkur að komast inn í fjölmargar alþjóðastofnanir og höfum við haft af því ómældan styrk.

Það sem mér finnst merkilegt við viðhorf okkar til alþjóðlegs samstarfs er ákveðinn tvískinnungsháttur. Annars vegar teljum við okkur heimsborgara þar sem margir hafa dvalið erlendis um árabil við nám og vinnu. Hins vegar hættir okkur til að líta svo á að við höfum sérstöðu á

erlendir hagfræðingar héldu fram fremur en að laga það sem betur mátti fara. Ísland er eins og fjölskylda þar sem þú getur leyft þér að gagnrýna innan fjölskyldunnar og segja og gera allskonar hluti en við þolum ekki utanaðkomandi gagnrýni.

Þar sem við erum svo fámenn þjóð liggur sérstaða okkar í því að fáir, ef nokkrir, þurfa eins á góðum alþjóðlegum samskiptum að halda. Utanríkismál eiga að vera málefni hvers einasta ráðherra á sínu sviði. Ég er ekki að tala um að við séum að elta uppi alla fundi eða ráðstefnur. Við eigum hins vegar að velja okkur viðfangsefni og greina á milli þess hvar við ætlum að hafa áhrif á þróun og svo hins vegar hvar við ætlum að læra af öðrum þjóðum. Ég tel að við dreifum kröftunum um of og gerðum það sérstaklega þegar ríkisútgjöldin og þjóðartekjurnar voru stöðugt að aukast.

Í heilbrigðismálum er ég sem dæmi mjög áhugasöm um það sem kallað er heimsheilsa, „global health“, það er að við horfumst í augu við það að heilbrigðismál annarra þjóða koma okkur mjög mikið við. Ég held að margir séu að ranka við sér í tengslum við farsóttir sem eru að bresta á. Við getum ekki lokað augunum fyrir því að fátækt og eymd í einhverju tilteknu landi geta valdið því að sýkingar byrji þar og berist síðan á milli landa. Svisslendingar, Bretar og Norðmenn hafa lagt mikla áherslu á alþjóðlega heilbrigðisstefnu og norski utanríkisráðherrann segir, svo dæmi sé tekið: „heilbrigðismál eru utanríkismál“. Við eigum að gefa heilbrigðismálum meira vægi í þróunarsamvinnu.

Íslendingar eru stundum uppteknir af því að stutt sé síðan við vorum fátæk þjóð og sumir virðast álíta að alþjóðasamstarf eigi að gera okkur kleift að fleyta rjómann ofan af. Við erum fullgild í samfélagi þjóðanna, hvorki meira né minna. Við berum sömu skyldur og við eigum sama rétt. Við þurfum að vera raunsæ og átta okkur á því að það er löngu liðin tíð að við fáum einhverja sérmeðferð eins og við gerðum býsna lengi.

Hvernig getur stjórnsýslan hér á landi bætt sig?

Á síðastliðnum áratugum hafa úrlausnarefni jafnt innanlands sem utan krafist þverfaglegrar og oft á tíðum alþjóðlegrar nálgunar. Ég tel að rannsóknarskýrsla Alþingis sýni m.a. að skortur á þverfaglegu samráði sé hluti af skýringunni á hruninu.

Þverfagleg nálgun birtist best í sjálfbærri þróun. Þetta var sá málaflökkur sem ég hafði yfirumsjón með hjá OECD og fól

99

Mér finnst mjög athyglisvert að hér á landi var skapað sérlega hagstætt skattaumhverfi fyrir fyrirtæki, eitthvert hagstæðasta skattaumhverfi í heiminum, en þó leiddi það til þess að sum fyrirtæki sóttu í skatta-paradísir. Hagstætt umhverfi dugði ekki til. Höfðu menn ekki áhuga á að borga til samfélagsins?

okkur í ákveðinn vanda. Við eigum ekki að tjá okkur um einstaklingsmál svo oft sitjum við undir alvarlegum ásökunum og getum lítið sagt. Við skulum hafa í huga að þegar þrýst er á um sérúrlausnir fyrir einstakling er hættu á að við séum að fara á svig við jafnræðisregluna. Allir eiga, jú, að vera jafnir fyrir lögunum.

Upplýsingatækni hefur breytt gríðarlega miklu í starfi ráðuneytisstjóra og krafist er sífellt hraðari afgreiðslu erinda. Það þolir aldrei bið að svara fjölmiðlum og það getur þýtt að ekki séu alltaf teknar yfirvegaðar ákvarðanir. Alþjóðavæðingin birtist meðal annars í því að það sem er frétt næmt í einu landi berst á augabragði

flestöllum sviðum í alþjóðlegum samamburði. Þetta birtist m.a. þegar við erum ekki ánægð með hvernig við stöndum gagnvart öðrum þjóðum.

Ágætt dæmi um hvar við getum leitað eftir samstarfi um það sem betur megi fara er innan OECD. Þar er um að ræða samstarf 30 aðildarríkja í Evrópu, Ameríku og Asíu þar sem löndin eru borin saman og umbótatillögur settar fram. Íslendingar þurfa að forðast að vera of mikið í vörn og varast að þola ekki utanaðkomandi gagnrýni. Voru þetta ekki viðbrögðin þegar skrifað var erlendis um efnahagsmál á Íslandi á umliðnum árum? Við fórum í átak til að „leiðrétta“ það sem



í sér að reyna að samþætta efnahagslega, félagslega og umhverfislega þætti. Ég tel að stjórnsýslan hér hafi verið alltof íhaldsöm. Við höfum verið meira og minna með sömu ráðuneytisskipan í 40 ár. Það er lykilatriði þegar horft er til opinberrar þjónustu að við forðumst allan tvíverkn-að og skipuleggjum þjónustuna þannig að hún sé með sem minnstum tilkostnaði og notendavæn fyrir íbúa landsins.

Stjórnsýslan þarf að vinna betur saman þvert á ráðuneyti og stofnanir. Verk-efnaflutningar gætu verið mun meiri en nú er. Aðalatriðið er að fólkið sem vinnur í stjórnarráðinu sé hvert og eitt með skýrt verkefni og vinni þverfaglega innan og utan ráðuneytis. Allir þurfa að setja sér tímamörk. Við látum stundum mál sem hægt væri að svara eða afgreiða mjög hratt fara í einhverja biðröð á eftir gríðarstórum og flóknum málum. Við þurfum ekki aðeins að forgangsraða í útgjöldum ríkisins heldur einnig í verkefnum í stjórnsýslunni.

Við erum að krafsa okkur upp á bak-ann 2010 og byrjuð að tala um 2011 en verðum að lyfta okkur yfir þessi fjárlagaár og hugsa mun lengra fram í tímann. Þrátt fyrir tímapressu og mikið álag verður starfsfólk stjórnsýslunnar að leyfa sér að

hugsa hvernig stjórnsýslan geti skilað sínu verkefni sem allra best. Stjórnarráðið er mikilvægur vinnustaður og það verður að gera hann aðlaðandi með hvatningu og virðingu fyrir því starfsfólki sem þar vinnur. Það er langtímaáskorunin að innra skipulag verði með þeim hætti að markviss vinnubrögð einkenni stjórnarráðið sem skipað verði mjög öflugum starfsfólki.

Hver er skoðun þín á stöðu Íslands í skattamálum í samanburði við aðrar þjóðir?

Skattamál eru mjög heillandi og flók-in að því leyti að þú ert að hafa áhrif á athafnir fólks. Skattapólitík er ekki bara tekjuöflun fyrir ríkið. Hún getur tekið til jöfnunar lífskjara, stýringar á neyslu eins og gert er með umhverfissköttum, sykur-skatti, tóbaksgjöldum og svo framvegis. Skattastefna getur því haft mjög mikil áhrif á samfélagið og á hegðan fólks. Hver er til dæmis hin hárfína lína í tekjuskatti sem gefur góðar og stöðugar tekjur fyrir ríkissjóð en letur ekki fólk til vinnu eða ýtir undir „svarta“ starfsemi? Hvað mega umhverfisskattar vera háir? Eigum við að leggja meiri áherslu á neysluskatta almennt? Mér finnst að skattamál séu of oft álitin tæknilegs eðlis og almennt líti fólk

svo á að skattar séu of háir en hugleiði ekki hversu fjölbreytt tekjuöflun getur átt sér stað með skattheimtu. Skattamál eru í eðli sínu þverfagleg. Kjörgrein mín í lögfræð-inni var skattaréttur. Ég skrifaði kandidats-ritgerð mína um samsköttun einstaklinga og réði jafnréttisá huginn þar mestu um. Í ritgerðinni kom fram að í ákvæði skatta-laga frá árinu 1971 væri litið á konuna sem einhvers konar „viðhengi“ við eiginmann-inn. Svo var lögunum reyndar breytt um það leyti sem ég var að ljúka við ritgerð-ina. Viðkomandi samsköttun endurspegl-aði hugsun síns tíma en spurningin var hvort þetta hafi verið hluti af skattastefnu til lengri tíma og hvaða áhrif það hefði á atvinnuþátttöku karla og kvenna.

OECD fjallar mikið um það hvað skattar megi vera háir áður en hækkun hætti að skila sér sem auknar tekjur ríkis-sjóðs. Einkaneyslan hlýtur til dæmis að minnka þegar skattar hækka. Allt of lít-ið er fjallað um skattapólitík. Það er svo auðvelt að horfa bara á eitt fjárlagaár en skattastefna á að vera til langframa og fá jafn mikla umfjöllun og aðrir málaflokk-ar. Skattar eru almennt álitnir neikvæðir þótt allir viti að við þurfum að afla tekna fyrir hið opinbera. Menn vilja samneysl-una - eins mikla þjónustu og hægt er -

en hver á að borga? Ríkisstjórn glímir við gríðarlega erfið verkefni sem snúa að niðurskurði annars vegar, skattheimtu hins vegar og hvenær jafnvægi sé náð. Gangir þú of langt í skattheimtunni hefur þú veruleg áhrif á vinnu fólks og svo þarf að skoða hvað hægt er að skera mikið niður þannig að það skaði ekki. Hvað má það kosta mikið atvinnuleysi sem þarf svo að borga með sköttunum?

Mér finnst mjög athyglisvert að hér á landi var skapað sérlega hagstætt skattumhverfi fyrir fyrirtæki, eitthvert hagstæðasta skattumhverfi í heiminum, en þó leiddi það til þess að sum fyrirtæki sóttu í skattaparadísir. Hagstætt umhverfi dugði ekki til. Höfðu menn ekki áhuga á að borga til samfélagsins? Hver er skýringin á að menn fóru í önnur skattumhverfi? Það gæti hafa verið græðgi en mér finnst að sérstaklega í fámennu þjóðfélagi sé skylda hvers og eins að leggja sitt til samfélagsins. Þar af leiðandi er mjög athyglisvert að eigi að síður hafi fyrirtæki talið sig þurfa að fara í annað umhverfi þar sem var enginn skattur. OECD hefur unnið mjög mikið starf í skattamálum og að því að uppræta skattaparadísir. Það hefur þótt mjög mikið hnjóðsyrði að vera skattaparadís þannig að OECD hefur hægt og bítandi tekist að fækka þeim mjög. Það er kallað „peer pressure“, jafningjaþrýstingur, innan OECD. Slíkur þrýstingur gerir það að verkum að viðkomandi ríki hafa smátt og smátt ákveðið að reka af sér slyðruorðið. Styrkur OECD liggur í traustri gagnaöflun og samanburði. Stofnunin vinnur náði með stjórnsýslunni í viðkomandi löndum og hefur þess vegna svo mikil áhrif. Hún kemur með ábendingar um úrbætur og „best practices“. OECD hefur þessi áhrif hægt og hljótt.

Umfjöllun um skattamál hefur verið í öðru ljósi nú þegar fólki er ljóst að í samdrættinum verður að hækka skatta og skera niður. Hver eiga þá hlutföllin að vera – hvert er samhengi málanna?

Hvaða leiðir sérðu færar til að mæta þeim sparnaðarkröfum sem gerðar eru í rekstri ríkisins nú?

Ég er hrædd um það að sé tilhneiging hjá stofnunum að ná sér innan ramma fjárlaga en huga minna að því þótt kostnaður aukist hjá einhverjum öðrum. Við verðum að skoða sameiningu og tilfærslu verkefna að því tilskildu að það skili raunverulegum sparnaði og að þjónusta skerðist ekki. Markmiðið á að sjálfsögðu að vera að þjónustan verði í raun betri.

Fengjum við meira út úr færri ráðuneytum? Ég er mikill talsmaður þess að það sé horft á þetta í heild.

Hver eru verkefnin sem stjórnarráðið á að sinna og hvar er þeim best fyrir komið? Við megum ekki byrja á að hugsa út frá ráðuneytum heldur viðfangsefnum. Í niðurskurðinum verður að reyna að skerða þjónustu sem minnst. Ríkisútgjöldin hafa vaxið hratt á undanförunum árum og því eigum við að geta lækkað þau töluvert án þess að það komi mjög mikið niður á þjónustu.

Við sem þjóð verðum að hafa öflugra stjórnmalamenn og stjórnsýslu til að hugsa sjálf hvernig við förum út úr þessum aðstæðum með langtímahugsun. Það þarf mikið pólitískt hugrekki til að grípa til aðgerða sem enginn hefur lagt í vegna

”
**Þegar mikill
niðurskurður er
vaknar spurning um
öryggismörkin og líka
hvort nægjanlegt eftirlit
sé á ýmsum sviðum.
Ætlum við að slaka á
klónni til dæmis
í skattaeftirliti?**

þrýstings sérhagsmunahópa. Við erum allt af undir pressu og því vill brenna við að í staðinn fyrir að hafa frumkvæðið þá erum við allt of mikið að bregðast við ytra áreiti. Ráðuneyti verða að vera í kostnaðargreiningu og meta hvað er hagkvæmast og gefur besta þjónustu til lengri tíma.

Við erum með of mikla hólfun á verkefnum ráðuneyta og stofnana. Ég tel að áhrifaríkast sé í niðurskurðinum að við hafa þverfaglega nálgun sem tryggi sem hagkvæmasta nýtingu og að kostnaður færist ekki til.

Þegar mikill niðurskurður er vaknar spurning um öryggismörkin og líka hvort nægjanlegt eftirlit sé á ýmsum sviðum. Ætlum við að slaka á klónni t.d. í skattaftirliti? Sama gildir annars staðar í stjórnsýslunni. Nú er mikið talað um að við höfum almennt ekki haft nægilegt eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja. Af hverju ætli það hafi verið? Höfðum

við ekki sett nægilegt fé í stjórnsýsluna? Höfðum við ekki nægilega góðar heimildir? Var starfsfólkið sem hægt var að fá miðað við launakjör ekki með nægilega þekkingu?

Í opinbera geiranum er endalaust hægt að bæta þjónustuna og auka eftirlitið. Ef við förum í mikla forgangsröðun og fellum niður þjónustu þá er spurningin hvort við megum við því að slaka á eftirlitinu. Getum við náð tilskildum árangri með færra starfsfólki? Verður löggjöfin óvandaðri? Ná menn niður kostnaði hér og ætla að fara að kaupa mikla sérfræðiþjónustu utan frá? Þetta kemur allt úr sama vasa. Það sem ég held að skipti máli núna við niðurskurðinn er að nýta þekkingu starfsmanna en gæta þess að hver og einn líti ekki bara á mál út frá sínum eigin geira. Það er hægt að loka stofnunum en kostnaður getur þá aukist annars staðar.

Ráðherrar taka iðulega ákvarðanir sem eru mjög nauðsynlegar en illa verjandi pólitískt. Þarna skiptir fagleg vinna í ráðuneytum og góð kostnaðargreining mjög miklu máli þegar ráðherrar þurfa að verja gjörðir sínar. Því meira sem unnt er að rökstyðja samræmda nálgun, meginlínur, skýra stefnumörkun og að jafnræðisreglunnar sé gætt, þeim mun þolanlegra verður þetta erfiða hlutverk ráðherra.

Við skulum ekki gleyma að þegar efnahagshrunið varð af mannavöldum hér á Íslandi þá var stjórnkerfið óviðbúið sem er alger andstæða þess þegar náttúruhamfarirnar urðu fyrir á þessu ári. Við verðum að læra af þessu og styrkja innviðina þar sem þeir brugðust. Hins vegar stóðu til dæmis mennta- og heilbrigðiskerfin af sér hrundið. Samfélagsleg þjónusta var áfram til staðar.

Við í stjórnsýslunni eigum að takast á við efnahagsástandið og niðurskurðinn með það að leiðarljósi að íslenskt samfélag komi út úr þessum erfiðleikum með þeim hætti að börnin okkar vilji búa á Íslandi. Hér á stjórnkerfið ríkari skyldum að gegna en aðrir í landinu. Nú er þess krafist að við bjóðum upp á sambærileg lífskjör og nágrannalöndin. Þá á ég ekki aðeins við að slíkt sé mælanlegt með launum heldur með allri samfélagsgerðinni; þau lífskjör og það samfélag að fólk kjósi að búa hér. Slíkt tekst meðal annars með skilvirkri stjórnsýslu.

Nýtt skipurit



Sameining ríkisskattstjóra og skattstjóra í eina stofnun er mikil breyting fyrir starfshætti allra þeirra sem hjá þessum stofnunum hafa starfað og hefur eðli máls samkvæmt kallað á heildarendurskipulagningu allra starfa. Eitt fyrsta verkefni hinnar sameinuðu stofnunar var að móta nýtt skipulag. Við undirbúning þess var haft gott samráð við fjármálaráðuneytið. Hinn 5. maí 2010 var kynnt á starfsmannafundi hvernig skipulagi embættisins yrði háttað í stórum dráttum. Síðan þá hefur verið unnið að útfærslu þess og frekari athugun á ýmsum þáttum.



Jóhannes
Jónsson

Í skipulagsvinnu hins nýja skipurits komu ýmsar leiðir til athugunar hvað varðar niðurröðun verkefna. Ein var sú að halda hverri einingu, skattstofu, að mestu óbreyttri, önnur var að ganga langt í sérhæfingu starfa með þeim hætti að hver skattstofa sinnti aðeins einu meginverkefni. Sú leið sem ákveðið var að fara er sambland beggja framangreindra, að teknu tilliti til þeirra starfsmanna sem á hverjum stað starfa, og

leitast þannig við að nýta sérþekkingu þeirra og reynslu. Ef aðstæður hefðu verið þær að verið væri að koma á fót algjörlega nýju skattkerfi á Íslandi hefði að öllum líkindum verið lögð meiri áhersla á sérhæfingu og ugglaut færri starfsstöðvar. Skipulagið tekur mið af því að leitast er við að auka sérhæfingu án þess þó að tapa sérþekkingu einstakra starfsmanna.

Skattstofur og ríkisskattstjóraembættið hafa síðustu 48 ár unnið í 10 misstórum einingum. Þá setur það svip á hið nýja skipulag að öllum skattstofum nema í Reykjavík er haldið áfram í fullum rekstri. Störfin hafa á hinn bóginn verið endurskilgreind og færð á milli starfsstöðva. Við sameininguna verður starfsstöðvum fækkað í 9, þar sem skattstofan í Reykjavík verður lögð

niður um áramótin 2010/2011 og störf-in þar færð á Laugaveg, til Hafnarfjarðar og á hinar ýmsu skattstofur út um allt land.

Hið nýja skipulag ríkisskattstjóra gerir ráð fyrir fjórum framleiðslusviðum, sem eru einstaklingsvið, atvinnurekstrarvið, eftirlitssvið og skráasvið. Sjö stoðsvið verða hjá stofnuninni, þar af sex sem ganga þvert á framleiðslusviðin, þ.e. lögfræðisvið, fagsvið, skipulagssvið, tæknisvið, fjármálasvið og starfsmannasvið. Sjöunda stoðsviðið er svið alþjóðasamskipta.

Framleiðslusviðin

Meginverkefni einstaklingssviðs er að annast álagningu skattframtala einstaklinga og veita gjaldendum þjónustu og upplýsingar varðandi skattamál.

Undir sviðið heyrir öll vinnsla framtala, kæruafgreiðsla og afgreiðsla skatterinda einstaklinga. Ennfremur heyrir alþjóðamál og þjónustuver ríkisskattstjóra undir einstaklingssviðið.

Á atvinnurekstrarsviði eru meginverkefni að annast álagningu skattframtala og virðisaukaskatts rekstraraðila, jafnt einstaklinga sem lögaðila. Undir sviðið heyrir öll vinnsla framtala, kæruafgreiðsla og afgreiðsla skatterinda rekstraraðila. Ennfremur heyrir undir sviðið allt er viðkemur virðisaukaskatti.

Eftirlitssviðið sér um að yfirfara gögn og upplýsingar um skattskil lögaðila og einstaklinga í þeim tilgangi að greina vantalda skattstofna og endurákværða opinber gjöld. Í því felst að skapa varnaðaráhrif og vera leiðbeinandi og með þeim hætti tryggja jafnræði meðal skattaðila. Sviðið sér einnig um áhættugreiningar.

Meginverkefni skráasviðs er að halda utan um lögbundnar skrár, s.s. fyrirtækjaskrá, hlutafélagaskrá og ársreikningaskrá. Halda þarf þessum skráum reglubundið við svo þær séu sem réttastar hverju sinni. Sviðið sér um upplýsinga- og vottorðagjöf og hefur eftirlit með áreiðanleika upplýsinga sem og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

”

Leitast er við að auka sérhæfingu án þess þó að tapa sérþekkingu einstakra starfsmanna


Stoðsviðin

Lögfræðisvið sér um lögfræðialit og almenna stjórnsýslu. Sviðið sér um umsagnir líkt og til ríkislögmanns og Alþingis, aðstoðar fjármálaráðuneytið vegna lagafrumvarpa, gerir kröfugerðir til yfirsattaneðndar og sér um álitssgerðir fyrir Alþingi og endurákværðanir fyrir skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Meginverkefni fagsviðs eru fræðslumál, upplýsingamiðlun og samræmingar-

mál en sviðið sér um útgáfu handbóka, verklagsreglna og leiðbeininga, sér um að samræma skattframtalvæmd og heldur námskeið fyrir starfsmenn ríkisskattstjóra og viðskiptavini.

Undir skipulagssvið falla þróunarmál, stefnumótun, hagræðing og innra samræmi og skipulag. Einnig sér sviðið um öryggismál líkt og aðgangshemildir, gerir úttektir á innra öryggi og öryggisáætlanir.




Tæknisvið sér um hugbúnaðar- og vél-
búnaðarmál embættisins. Í því felst rekst-
ur á hugbúnaðarkerfum, tölvum, stað-
albúnaði og gagnagrunnum. Auk þess
sér sviðið um álagningarmál (álagningar-
stjórnun, regluþrófanir o.fl.), hefur yfir-
umsjón með staðgreiðslu sem og allri
prentun og hönnun.

Meginverkefni fjármálasviðs snúa
að rekstri, líkt og bókhaldi, áætlana-

gerð, innkaupum o.þ.h. en undir sviðið
fellur líka innri þjónusta eins og mála-
skráning og skjalavistun sem og skatta-
tölfræði.

Starfsmannasvið hefur yfirumsjón
með ráðningum, sér um launavinnslu
og mótar og viðheldur starfsmanna-
stefnu. Undir sviðið fellur einnig útgáfa
fréttablaðsins Tíundar og ársskýrslu
embættisins.

Undir alþjóðasamskipti falla öll erlend
samskipti vegna alþjóðasamninga, sam-
skipti við IOTA og OECD sem og erlend
upplýsingaskipti, bæði regluleg og tilfall-
andi.



Afskriftir og greiðsluúrræði

— Eignir og skuldir —

Í desember tölublaði Tíundar frá árinu 2008 var stiklað á stóru varðandi reglur um skattalega meðferð á eftirgjöf skulda. Á þeim tæpu tveimur árum sem liðin eru hefur mikið verið fjallað um eftirgjöf skulda og sitthvað breyst varðandi skattalega hlið málsins, a.m.k. tímabundið. Í þessari grein verða raktar í tímaröð helstu breytingar á laga- og reglugerðarákvæðum í þessum efnum, auk þess sem fjallað verður stuttlega um þau ýmsu greiðsluúrræði sem gripið hefur verið til vegna skuldavanda einstaklinga utan rekstrar og skattaleg áhrif þeirra.



Elín Alma
Arthursdóttir

Til upprifjunar

Almenna reglan er sú að allar tekjur, í hvaða formi sem þær eru, teljast skattskyldar með þeim undantekningum og takmörkunum sem kveðið er á um í lögum um tekjuskatt nr. 90/2003. Er tekjuhugtak laganna þannig mjög víðtækt og á það bæði við um tekjur einstaklinga og rekstraraðila. Um það sem ekki telst til tekna gildir 28. gr. laganna.

Skuldir rekstraraðila

Skattyfirvöld hafa talið alveg ótvírætt að almennt gildi að eftirgjöf skuldar sem tengist atvinnurekstri skuli ætíð teljast til skattskyldra tekna samkvæmt tekjuskattlögnum. Er þetta m.a. í takt við það að rekstrartekjur og rekstrargjöld kallast almennt á. Það sem fært er til tekna hjá einum rekstraraðila er fært til gjalda hjá öðrum, í þessu tilviki sem tapaðar kröfur. Um slíka gjaldfærslu gildir 3. tölul. 31. gr. tekjuskattlaganna, sbr. nánari útfærslu á hvenær sannað er að krafa sé töpuð í 13. og 14. gr. reglugerðar nr. 483/1994. Á þessari almennu reglu varðandi skuldir sem tengj-

ast atvinnurekstri var gerð tímabundin breyting með lögum nr. 104/2010 og nánar verður vikið að á eftir.

Skuldir einstaklinga utan rekstrar

Eftirgjöf skuldar einstaklings utan rekstrar skapar almennt skattskyldu í hendi einstaklingsins nema tiltekin undantekningarskilyrði séu uppfyllt. Slíkar undantekningar ber samkvæmt almennti lögskýringarreglu að túlka þröngt. Þessi skilyrði er að finna í 3. tölul. 28. gr. tekjuskattlaganna. Eins og ákvæðið hljóðaði áður en því var breytt með lögum nr. 46/2009 gildi að ekki bar að telja til tekna einstaklings utan rekstrar eignaauka sem stafaði af eftirgjöf skulda við nauðasamninga. Engin frekari ákvæði voru í lögum um tekjuskatt að því er þetta varðar.

Ákvörðun stofnverðs eignar

Flogið hefur fyrir að ýmsir telji að eftirgjöf skuldar skuli færa sem lækkun á stofnverði eignar, sbr. 2. mgr. 12. gr. tekjuskattlaganna, jafnvel þótt ákvörðun um eftirgjöfina sé tekin mörgum árum eftir að eign var keypt og lán tekið vegna þeirra kaupa. Þessi hugmynd á væntanlega eingöngu við um þær skuldir sem tengjast tilteknum eignum, en ekki t.d. neysluskuldir eða almennar rekstrarskuldir.

Umrætt lagaákvæði fjallar um ákvörðun á stofnverði eignar og er sett fram samhliða ákvæðum um hvernig reikna skuli út söluhagnað eigna. Segir þar að stofnverð teljist kostnaðarverð eignar

ásamt kostnaði við endurbætur, breytingar eða endurbyggingu og sérhverjum öðrum kostnaði sem á eignina fellur, en að frádregnum óendurkræfum styrkjum, afsláttum, eftirgjöfum skulda og skaðabótum sem til falla í sambandi við kaup þeirra, framleiðslu, breytingar eða endurbætur. Þetta sama stofnverð myndar síðan eftir atvikum fyrningargrunn eignar. Ef litið er til beins orðalags ákvæðisins og þess samhengis sem í því felst, þ.e. þegar stofnverð er ákvarðað í beinu samhengi við kaup á viðkomandi eign og, eftir því sem við á, ákvörðun á fyrningargrunni eignarinnar, verður að telja einsýnt að með lækkun stofnverðs vegna eftirgjafar á skuld er eingöngu átt við slíka eftirgjöf sem verður í beinu samhengi við kaup á eigninni. Ekki er átt við eftirgjöf skuldar sem verður að veruleika löngu eftir að eign var keypt og í engum beinum tengslum við kaupin eða seljanda.

Breytingar samkvæmt lögum nr. 46/2009

Með 1. gr. laga nr. 46/2009 var 3. tölul. 28. gr. tekjuskattlaganna breytt á þann hátt að fleiri undantekningar voru lögfestar frá því að telja eftirgjöf á skuld til tekna einstaklings utan rekstrar. Var eftir breytinguna kveðið á um að ekki skuli telja til skattskyldra tekna eftirgjöf skuldar í tengslum við gjaldþrot, nauðasamninga eða nauðasamninga til greiðsluáðlögunar. Það sama á einnig við ef sannað þykir að eignir séu ekki til fyrir skuldum. Nánari

útlitun á því hvenær síðastgreint skilyrði telst uppfyllt var síðan sett í reglugerð nr. 534/2009, um skilyrði þess að eftirgjöf skulda manna utan atvinnurekstrar teljist ekki til tekna o.fl. Samkvæmt þessu var ákvæðið rýmkað þannig að mun fleiri þættir eiga að koma til skoðunar við mat á því hvort mál viðkomandi einstaklings falli undir þessa undantekningarreglu í 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaganna.



Reglugerð nr. 534/2009

Reglugerð þessi tekur eingöngu til skilyrða er varða eftirgjöf á skuldum einstaklinga utan rekstrar. Í henni kemur m.a. fram að ekki skipti máli varðandi skattskyldu þótt eignir skuldara eða eignaauki myndist við þá formlegu samninga sem kveðið er á um í 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga, eða að ráðstöfunartekjur muni aukast með þeim. Síðan er fjallað um hvenær sannað þyki að eignir séu ekki til fyrir skuldum og tekið fram að slíkt teljist sannað þegar gerðar hafa verið ítrekaðar árangurslausar innheimtutilraunir, þar með árangurslaust fjárnám eða allar eignir skuldara eru metnar yfirveðsettar og fullvíst talið að skuldari og eftir atvikum maki séu ófær til greiðslu. Þá þarf að liggja formlega fyrir að skuld hafi verið gefin eftir að undangengnu hlutlægu mati á fjárhagsstöðu skuldara og maka hans, en einhliða ákvörðun kröfuhafa er ekki nægileg í þessum efnum. Segja má að eignaleyfi og ófærni til greiðslu sé meginatriðið í reglugerðinni, þó þannig að menn geta átt einhverjar eignir, sem eru þá skuldsettar, og jafnframt getur eignastaðan verið betri eftir þær formlegu aðgerðir sem um ræðir.

Af þessu er ljóst að meta þarf aðstæður í hverju tilviki fyrir sig til að skera úr um skattalega hlið málsins. Kemur þá m.a. einnig til skoðunar hvort lánveiting hafi verið liður í ráðningarkjörum og/eða byggst á starfssambandi launþega og lánveitanda, hvort um skuldir sé að ræða milli þeirra sem teljast lögerfingjar samkvæmt erfðalögum og hvort um óvenjuleg skipti í fjármálum hafi verið að ræða.

Lög nr. 104/2010 - ákvæði til bráðabirgða

Með setningu laga nr. 104/2010 var tímabundið horfið frá almennum reglum um skattalega meðferð á eftirgjöf skulda, hvort heldur um er að ræða rekstraraðila eða einstaklinga utan rekstrar. Um er að ræða bráðabirgðaákvæði við tekjuskattslögin og gilda þau um eftirgjöf skulda sem gerð er tekjuárin 2009, 2010 og 2011. Í frumvarpi með lögnum kemur skýrt fram í athuga-



sem dóm að um tímabundnar ráðstafanir sé að ræða vegna þess óvenjulega ástands sem hafi skapast á innlendum lánamarkaði. Engar breytingar séu lagðar til á þeim meginreglum sem gilt hafi um skattalega meðferð á eftirgjöf skulda.

Eftirgjöf á skuldum rekstraraðila

Í stað þess að telja að fullu til tekna eftirgjöf skulda er rekstraraðilum, þ.e. lögaðilum og sjálfstætt starfandi mönnum, heimilt að tekjufæra einungis 50% af fengnum eftirstöðvum eftirgjafar skulda vegna rekstrar- og greiðsluerfiðleika á tekjuárunum 2009,

2010 og 2011, allt að samtals 50 milljónir króna, og 75% af eftirgjöf umfram samtals 50 milljónir króna á framangreindu tímabili. Skilyrði er að til skuldanna hafi verið stofnað í beinum tengslum við atvinnureksturinn. Ef rekstraraðili fær eftirgefna skuldir að fjárhæð 50 milljónir samtals öll umrædd ár er það innan greindra marka og færast því helmingur ekki til tekna í skattalegum skilningi, jafnvel þótt kröfueigandi færi alla fjárhæðina til gjalda sem tapaðar kröfur. Eftirgjöf umfram 50 milljónir skal tekjufæra að 75% leyti þannig að fjórðungur kemur ekki til skattskyldra rekstrartekna.



Jafnframt er rekstraraðilum heimilt að fyrna eignir, sem á annað borð eru fyrnanlegar samkvæmt tekjuskattslögum, um tekjufærða fjárhæð eftirgjafar, þegar rekstrartap og yfirfæranlegt rekstrartap frá fyrri árum hefur verið jafnað en það skal ætíð gera fyrst. Eftir sem áður gildir að eignir verða ekki fyrndar niður fyrir niðurlagsverð, þ.e. 10% af stofnverði. Séu ekki fyrir hendi fyrnanlegar eignir má færa eftirgjöfina til tekna með jöfnum fjárhæðum í skattframtölum næstu þriggja ára frá og með því tekjuári sem skuld var gefin eftir. Taka verður ákvörðun um dreifingu á tekjufærslu á því ári sem skuld er gefin eftir. Á sama hátt og varðandi heimila fyrningu ber að jafna rekstrartap og yfirfæranlegt rekstrartap áður en fjárhæðir eru ákvarðaðar.

Ljóst er að mjög mikið uppsafnað rekstrartap er fyrir hendi hjá félögum, sbr. t.d. upplýsingar sem fram koma í greinum Páls Kolbeins í desember tölublaði Tíundar 2008 og í maí tölublaði 2010. Samkvæmt skattframtölum félaga árið 2008 nam yfirfæranlegt rekstrartap 731 milljarði í lok rekstrarársins 2007. Rekstrartap félaga var mjög mikið tekjuárið 2008 eða sem nam ríflega 5.000 milljörðum þegar tekið hafði verið tillit til skattalegra leiðréttinga. Yfirfæranlegt rekstrartap samkvæmt skattframtölum félaga árið 2009 nam því 5.858

milljörðum í árslok 2008. Skuldir félaga námu á sama tíma samtals 22.675 milljörðum og jukust um 6.798 milljarða frá árinu áður. Upplýsingar liggja ekki fyrir úr skattframtölum félaga árið 2010, þ.e. fyrir tekjuárið 2009. Þegar horft er á framangreindar fjárhæðir er ljóst að komi til þess að skuldir félaga séu afskrifaðar mun verulegur hluti þeirra nýta rekstrartap á móti tekjufærslu, þ.á m. tap sem myndaðist vegna gengisbreytinga og verðbólgu sem hafði áhrif á mat skulda og hafði því væntanlega verið fært til gjalda í rekstrinum. Þau félög sem hafa skulsett sig vegna almenns rekstrar-kostnaðar og fjármagnskostnaðar eiga að öllum líkindum einnig verulegt rekstrartap sem mun ganga á móti tekjufærslu vegna eftirgjafar skulda auk þess sem mögulegt er að fyrna eignir á móti.

Eftirgjöf skulda milli móður- og dótturfélaga

Undantekning frá tekjufærslu á eftirgjöf skulda gildir almennt ekki um eftirgjöf milli móður- og dótturfélaga. Félag telst dótturfélag þegar það er a.m.k. að 50% hluta í eigu annars félags eða tengdra félaga. Þetta á þó ekki við þegar fjármálafyrirtæki yfirtaka félög til að tryggja fullnustu kröfu, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, en þar er kveðið á um að við slíkar aðstæður skuli eignirnar seldar

jafnskjótt og hagkvæmt er. Efnahags- og skattanefnd Alþingis vísaði vegna þessa til umfangsmikils skuldavanda atvinnulífsins og lagði til að fyrirvarinn um skuldaeftirgjöf milli móður- og dótturfélaga yrði ekki látinn gilda að þessu leyti.

Hlutfé sem gagngjald fyrir kröfu

Sérstaklega er tekið á því í lögum nr. 104/2010 hvernig með skuli fara þegar kröfuhafi tekur hlutfé í skuldsettu félagi sem gagngjald fyrir kröfu sína í stað þess að gefa hana eftir. Sé kröfu að öllu leyti breytt í hlutfé skal miða við að um fullnaðargreiðslu hennar sé að ræða og skiptir þá ekki máli þótt áhöld séu um hvert verðmæti hlutafjárins er í raun á þeim tímapunkti. Sé hluta af kröfu breytt í hlutfé og hluti af henni er afskrifaður ber skuldara að tekjufæra sömu fjárhæð og kröfuhafi afskrifar til gjalda, enda séu uppfyllt almenn skilyrði fyrir gjaldfærslunni.

Eftirgjöf skulda sem ekki tengjast atvinnurekstri

– skuldir einstaklinga

Eins og fram er komið eru í gildi undantekningar frá tekjufærslu á eftirgjöf skulda einstaklinga utan rekstrar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Til viðbótar voru með lögum nr. 104/2010 lögfestar undantekningar frá fullri tekjufærslu á eftirgjöf

skulda á tekjuárunum 2009, 2010 og 2011, sem taka til þeirra einstaklinga sem fá eftirgjöf skulda og falla ekki undir formleg skilyrði 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga. Undantekningar þessar taka til eftirgjafar veðskulda utan atvinnurekstrar og skulda vegna bílasamninga utan atvinnurekstrar vegna greiðsluerfiðleika skuldara. Þannig er heimilt að telja ekki til tekna allt að 15 milljónir króna hjá einstaklingi samtals á tekjuárunum 2009, 2010 og 2011. Fari eftirgjöf skulda einstaklings fram úr þessari fjárhæð má falla frá tekjufærslu sem nemur 50% af næstu 15 milljónum eftirgjafarinnar, þ.e. að hámarki samtals 30 milljónir króna, og 25% af eftirgjöf umfram samtals 30 milljónir króna á framangreindu tímabili. Hjá hjónum og samsköttuðum má miða við tvöfaldar greindar fjárhæðir þannig að eftirgjöf að 30 milljónum skapar ekki skattskyldu, helmingur eftirgjafar að næstu 30 milljónum og 25% af eftirgjöf umfram 60 milljónir króna samtals á umræddum þremur tekjuárum. Þessar undantekningar frá tekjufærslu gilda ekki ef gefinn er eftir upprunalegur höfuðstóll skuldar að teknu tilliti til afborgana

Jafnframt er heimilt að fresta tekjufærslu á eftirgjöf skulda manna í tvö ár frá og með því tekjuári sem skuld er gefin eftir og færa hana til tekna með jöfnum fjárhæðum í skattframtölum næstu fimm ára frá og með sama tímapunkti, eða frá og með því ári þegar tveggja ára frestunartímabilinu lauk.

Framangreindar undantekningar geta komið til skoðunar í þeim tilvikum þegar einstaklingar hafa fengið lækun skulda miðað við tiltekið hlutfall af virði fasteigna, t.d. svo kölluð 110% leið. Í þeim tilvikum er ekki um nein formleg almenn úrræði að ræða heldur sérstakt samkomulag á milli skuldara og fjármálastofnunar. Væntanlega byggir slíkur samningur á mati á fjárhagsstöðu og greiðslugetu skuldarans en hann þarf þó ekki að vera eignalaus, hvorki í bráð né lengd, og hefði því að óbreyttu hugsanlega þurft að sæta skattlagningu vegna eftirgjafar á skuld.

Skilmálabreytingar

Ríkisskattstjóri fékk síðsumars á síðasta ári fyrirspurnir frá fjármálastofnunum um hugsanlega skattskyldu við leiðréttingu á skuldum einstaklinga utan rekstrar. Var t.d. um að ræða breytingu á s.k. gengis-tryggðu láni í lán í íslenskum krónum með breytilegum óverðtryggðum vöxtum. Taldi embættið að þegar slíkar leiðréttingar væru almennt í boði fyrir þá sem svipað væri ástatt um, og þær gerðar á grundvelli

núvirðisútreiknings eftir viðurkenndum aðferðum, væri um að ræða skilmálabreytingar sem almennt leiddu ekki til skattskyldu hjá skuldara þótt uppreiknaður höfuðstóll væri lækkaður.

Með lögum nr. 104/2010 var lögfest að sé lánaskilmálum breytt á þann hátt sem nánar er kveðið á um í lögum skuli það ekki teljast eftirgjöf skuldar heldur skilmálabreyting. Þetta ákvæði á bæði við um skuldir sem tengjast rekstri og skuldir einstaklinga utan rekstrar. Ef slík leiðrétting er gerð á skuld rekstraraðila þá ber að leiðrétta áður gjaldfærðan fjármagnskostnað til samræmis, þ.e. þegar lán hefur áður verið uppreiknað miðað við gengi erlendra gjaldmiðla eða vísitölur og þannig reiknuð breyting færð til hækkunar á skuldum og til gjalda í rekstrinum. Þá er einnig tekið af skarið með að leiðréttingar á skuldum sem gerðar eru í tengslum við sértæka skuldaaðlögun og sjálfvirka greiðslujöfnun, sbr.

”

**Sértæk skuldaaðlögun
á við þá einstaklinga sem
eru í alvarlegum skuldavanda
og kemur eftir því sem best
verður séð einungis til álita
ef vægari úrræði eru
ekki talin nægja**

lög nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, teljist til skilmálabreytinga en ekki eftirgjafar skulda, enda sé framkvæmdin í samræmi við verklagsreglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga. Sama á við um leiðréttingu samkvæmt tímabundinni greiðsluaðlögun samkvæmt lögum nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

Ekki verður annað séð en að almenn úrræði lánastofnana, a.m.k. að tilteknum fjárhæðum, og þær aðgerðir sem ríkisvaldið hefur staðið fyrir vegna greiðsluvanda heimilanna skapi þannig almennt ekki skattskyldu hjá skuldara. Önnur sjónarmið koma til skoðunar ef um einhvers konar örlætisgerninga reynist vera að ræða.

Greiðsluúrræði

Ýmis konar greiðsluúrræði hafa verið lögfest undanfarin misseri. Sum hver eru í boði fyrir alla skuldara en önnur að uppfylltum vissum skilyrðum og athugun á fjárhagsstöðu viðkomandi.

Sjálfvirk greiðslujöfnun

Greiðslujöfnun samkvæmt lögum nr. 63/1985, eins og þeim var breytt með lögum nr. 107/2009, var beitt á öll fasteignaveðtryggð lán, ef skuldari baðst ekki undan henni. Tilgangurinn var að jafna greiðslubyrði með hliðsjón af þróun vísitölu neysluverðs. Þessi aðgerð hefur áhrif á greiðslubyrði einstaklinga og lengd lánstíma. Sérstaklega er síðan kveðið á um í lögum nr. 104/2010 að leiðrétting á skuldum með sjálfvirkri greiðslujöfnun eigi ekki að hafa í för með sér skattskyldar tekjur. Spyrja má hvernig með á að fara í lok greiðslujöfnunartíma, sem er upprunalegur lánstími að viðbættum þremur árum. Væntanlega er það í öllum tilvikum að loknum gildistíma laga nr. 104/2010.

Sértæk skuldaaðlögun

Sértæk skuldaaðlögun á við þá einstaklinga sem eru í alvarlegum skuldavanda og kemur eftir því sem best verður séð einungis til álita ef vægari úrræði eru ekki talin nægja. Þótt þetta úrræði eigi einungis að varða skuldir einstaklinga er sérstaklega tekið fram í verklagsreglum að þær gildi þótt skuldir stafi að miklu leyti af sjálfstæðum rekstri, þ.e. sem rekinn er með ótakmarkaðri ábyrgð. Úrræðið gengur út á að forða einstaklingum frá formlegu gjaldþroti eða nauðasamningum. Að óbreyttu verður ekki annað séð en skattalega hefði þurft að skoða hvert einstakt tilvik og stöðu hvers einstaklings fyrir sig á þeim grunni sem kveðið er á um í 3. gr. reglugerðar nr. 534/2009, en með lögum nr. 104/2010 var tekið af skarið með það að eftirgjöf skulda í tengslum við sértæka skuldaaðlögun skapar almennt ekki skattskyldar tekjur hjá skuldara enda sé hún framkvæmd eftir þeim lögum og reglum sem um hana gilda nú.

Önnur úrræði

Þau greiðsluúrræði önnur sem sýnast hafa verið fyrir hendi eru frysting eða lenging lána, frestun greiðslna að hluta eða öllu leyti og aðrar skilmálabreytingar. Þá getur orðið um að ræða tímabundna greiðsluaðlögun samkvæmt lögum nr. 50/2009. Þessi úrræði ættu í flestum tilvikum almennt ekki að hafa neinar skattalegar afleiðingar, enda sé farið að tilteknum leikreglum, en gætu í einhverjum tilvik-

um haft áhrif á vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta, þ.e. tímafærslu þeirra. Með lögum nr. 101/2010, um greiðsluáðlögun einstaklinga, voru lögfest enn frekari úrræði fyrir þá sem enn eru í verulegum greiðsluferfiðleikum. Lög þessi taka bæði til persónulegra skulda og skulda sem tengjast atvinnurekstri. Skattalega hlið eftirgjafar samkvæmt þeim lögum þarf því að skoða í þessu ljósi.

Þróun eigna og skulda einstaklinga

Athyglisvert er að skoða þróun eigna og skulda einstaklinga samkvæmt skattframtölum undanfarinna ára. Þegar litið er til eignfærðra fasteigna og framtalinna skulda vegna íbúðarkaupa hefur þróunin orðið sú að hlutfall þeirra skulda af fasteignamati eignanna hefur farið úr 38,3% samkvæmt skattframtölum árið 2001 í 46,2% samkvæmt skattframtölum árið 2010, en var lægst 32,8% á þessu árabili, þ.e. samkvæmt skattframtali árið 2006. Eignfært verð fasteigna þrefaldaðist á þessu tímabili en skuldir vegna íbúðarkaupa voru nær því að fjórfaldast. Tekið skal fram að þetta er samanburður á öllum eignfærðum fasteignum í skattframtölum allra einstaklinga á landinu og skuldum sem tilgreindar eru

sem skuldir vegna íbúðarhúsnæðis. Þannig eru allar fasteignir meðtaldar en t.d. ekki tekið tillit til skulda vegna sumarhúsa sem færðar eru meðal annarra skulda, eða skulda vegna annars konar fasteigna.

Á sama hátt koma fram ákveðnar vísbendingar þegar aðrar eignir en fasteignir og aðrar skuldir en vegna íbúðarhúsnæðis eru bornar saman. Ef skoðað er hlutfall á milli eignfærðra ökutækja, hlutabréfa og annarra eigna samtals í skattframtölum (sem dæmi hjólhýsi, skemmtibátar og slíkar eignir, en ekki innstæður og verðbréf), og annarra skulda en vegna íbúðarhúsnæðis sést að í skattframtali árið 2001 námu þessar skuldir um 70% af eignum en þetta hlutfall hækkaði stöðugt þangað til það varð 174% í skattframtali árið 2010. Tilfærðar slíkar eignir í skattframtölum tæplega tvöfölduðust milli skattframtala árið 2001 og 2010 en aðrar skuldir en vegna íbúðarhúsnæðis fjór- eða fimmfölduðust. Þótt gengisbreytingar og verðbólga og það að hlutabréf séu færð til eignar á nafnverði en ekki kaupverði og skekki þannig þessa mynd þá blasir samt við að eignastaða manna hefur í heild versnað undanfarin ár og skuldir aukist umfram eignir. Ljóst er að stór hluti þessarar þróunar skýrist af því að einstaklingar hafa keypt ökutæki fyrir

lánsfé. Jafnframt má sennilega draga þá ályktun að einhverju marki að það sama hafi verið uppi á teningnum varðandi kaup á hlutabréfum. Þegar þessar eignir falla í verði eða verða jafnvel verðlausar sitja skuldirnar eftir uppreiknaðar.

Að lokum

Sitt hefur hverjum sýnst um framangreindar skattareglur varðandi eftirgjöf á skuldum og margir hafa talið að þær væru ekki til þess fallnar að auðvelda fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja og einstaklinga. Lítil ávinningur væri af því að létta skuldastöðu fyrirtækja og einstaklinga ef við það vaknaði upp skattkrafa sem skuldararnir hefðu ekki burði til að greiða. Aðrir hafa talið að skuldaafskriftir sem ekki tækju mið af almennum samræmdum reglum sköpuðu hættu á ójafnræði. Margt er að athuga í þessu eins og fleiru og ekkert mat skal á þetta lagt hér. Ýmislegt áhugavert mætti fá fram við nánari greiningu á þróun skulda og eigna, t.d. eftir aldurshópum og búsetu, sem og launapróun. Slíkar upplýsingar hljóta að geta verið gagnlegar ráðamönnum við úrlausn og stefnumótun í þessu sem öðru.

Olíu- og kílómetragjald

Þann 1. okt. sl. tóku gildi breytingar á lögum nr. 87/2004, um olífugjald og kílómetragjald er varða takmarkanir á sölu litaðrar olíu í sjálfsafgreiðsludælum. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Gjaldskyldum aðilum skv. 1. mgr. 3. gr. er óheimilt að selja litaða olíu í sjálfsafgreiðsludælum nema slík viðskipti eigi sér stað með sérstöku viðskiptakorti gjaldskylds aðila.“

Þá eru sektarfjárhæðir hækkaðar um 50% en kveðið er á um sektir vegna notkunar á litaðri olíu á skráningarskyld ökutæki.

Eftir breytingarnar verða sektirnar eftirfarandi:

Heildarþyngd ökutækis	Fjárhæð sektar
0-3.500 kg.	300.000 kr.
3.501-10.000 kg.	750.000 kr.
10.001-15.000 kg.	1.125.000 kr.
15.001-20.000 kg.	1.500.000 kr.
20.001 kg. og þyngri	1.875.000 kr.



Þjónustumiðstöð fyrir **erlenda starfsmenn** í Noregi

Útlendingar sem koma til Noregs hafa þurft að bíða í löngum röðum á nokkrum opinberum skrifstofum eftir nauðsynlegum gögnum. Nú hefur ferlið verið einfaldað og hægt er að fá afgreiðslu mála á einfaldan hátt á einum stað eftir að komið var á fót þjónustumiðstöð fyrir erlenda starfsmenn í Osló (Servicesenter for utenlandske arbeidstakere).

Áður gat komið fyrir að norskir vinnuveitendur þyrftu að horfa á eftir erlendu vinnuafli úr landi þar sem ekki fengust tímanlega nauðsynleg leyfi. Í nýju þjónustumiðstöðinni er innflytjendum m.a. gert auðvelt að sækja um atvinnuleyfi og skattkort.

Fjórar stofnanir tóku saman höndum til að auka og samhæfa þjónustu við erlenda starfsmenn; Vinnueftirlitið (Arbeidstilsynet), lögreglan (politiet), Útlendingastofnun (Utlendingsdirektoratet) og ríkisskattstjóri (Skatteetaten). Ólíkt regluverk, vinnuvenjur, tölvukerfi og menning einkenna stofnanirnar svo mikil áskorun var að fara í verkefnið en þó ákveðið að slá til. Fimm mánuðum eftir að formleg ákvörðun var tekin opnuðu ráðherrar miðstöðina formlega.

Þjónustumiðstöðin hefur gengið mjög vel og nú hafa verið settar á fót tvær á móta þjónustumiðstöðvar á öðrum stöðum í Noregi. Mikið af rússneskum innflytjendum vinnur í Kirkenes, sem er mjög norðarlega, og var opnuð smærri þjónustumiðstöð þar. Á vesturströndinni, í Stavanger, eru olíulindir Norðmanna og koma starfsmenn þar alls staðar að úr heiminum. Þjónustumiðstöð var opnuð þar vorið 2009 en til lengri tíma litið er gert ráð fyrir slíkum þjónustumiðstöðvum í öllum fimm skattumdæmunum.

Erlendir starfsmenn auðkenna sig í þjónustumiðstöðinni fyrir lögreglunni, fá upplýsingar um og sækja um atvinnu- eða búsetuleyfi og fá skattkort, allt á sama tíma og sama stað. Ef öll gögn eru í lagi fá þeir allar nauðsynlegar heimildir innan fimm daga. Starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar tala ensku, ítölsku, pólsku, rússnesku og spænsku og boðið er upp á túlkajónustu

en einnig liggja skriflegar upplýsingar frammi á mörgum tungumálum.

Þjónustumiðstöðin þjónar erlendum starfsmönnum og fjölskyldum þeirra óháð því hvar í Noregi þeir búa og koma starfsmennirnir frá öllum þeim fjórum stofnunum sem settu hana á fót. Starfsmaður Vinnueftirlitsins upplýsir og leiðbeinir á meðan Útlendingastofnun, lögreglan og ríkisskattstjóri vinna úr hinum ólíku umsóknum. Í þjónustumiðstöðinni er u.þ.b. 31 stöðugildi og deila stofnanirnar kostnaði af rekstri hennar.

Þjónustumiðstöðin er sett á fót til að þjóna:

- ESB/EES ríkisborgurum sem hafa það meginmarkmið að starfa í Noregi og fjölskyldum þeirra.
- Íbúum utan ESB/EES sem hafa réttindi sem sérfræðingar eða iðnaðarmenn og fjölskyldum þeirra.
- Vinnuveitendum beggja hópa.

Í þjónustumiðstöðinni geta menn:

- Sótt um atvinnu- og/eða dvalarleyfi.
- Sótt um skattkort.
- Skilað inn tilkynningum um flutning til þjóðskrár.
- Fengið upplýsingar um réttindi og skyldur í starfi, s.s. vinnutíma og laun.
- Fengið upplýsingar um auðkenniskort fyrir vinnusvæði.

IHG - Byggt á grein Annette Bjerke í 25. tbl. Tax Tribune

Framkvæmd virðisaukaskatts endurskoðuð



Við sameiningu skattstjóra við embætti ríkisskattstjóra var öll tilhögun skattframkvæmdar tekin til endurmats. Fyrri hluta ársins hafa starfsmenn RSK unnið að greiningu verkefna og mótun skipulags. Mjög fljótlega var tekin ákvörðun um að sameina tiltekna meginþætti skattframkvæmdarinnar undir eina stjórn. Þannig verður öll framkvæmd virðisaukaskatts, hvar sem er á landinu, undir einum hatti. Atvinnurekstrar-svið RSK mun hafa umsjón með framkvæmd virðisauka-skattsins á landinu öllu.

Í ljósi þessara breytinga var ákveðið að endurskoða alla þætti skattframkvæmdarinnar til að tryggja betur skilvirkni hennar og ná fram aukinni hagkvæmni. Ný virðisaukaskattsframkvæmd mun fyrst koma til sögunnar. Til að tryggja árangur var ákveðið að boða alla starfsmenn virðisaukaskattseininga á landinu saman til stefnumótunar.

Alls tóku 44 starfsmenn RSK þátt í verkefninu og flestir þeirra starfa á sviði virðisaukaskatts en sömuleiðis komu að starfsmenn er starfa við framkvæmd annarra þátta atvinnurekstrar. Starfsmenn skipulagssviðs RSK, þau Jóhannes Jónsson og Jarþrúður H. Jóhannsdóttir, önnuðust skipulagningu og stjórnun fundar með öruggu liðsinni Arnars Jónssonar ráðgjafa hjá Capacent.


Fundurinn hófst með inngangsorðum Skúla Eggerts Þórðarsonar en að því loknu veltu Jón Guðmundsson og Elín Alma Arthursdóttir upp hugmyndum um frekari tengingu milli virðisaukaskatts og tekjuskatts í skattframkvæmd. Að erindunum loknum tók við hópavinnna með svipuðu móti og verið hafði á stefnumótunarfundi ríkisskattstjóra og nýu embætta skattstjóra sem haldinn var þann 18. desember 2009.

Var þátttakendum skipt upp í sjö hópa sem fjölluðu um eftirfarandi megin viðfangsefni:

- ✓ Álagningarvinnu
- ✓ Endurgreiðslur
- ✓ Skipulag virðisaukaskattsskrifstofu
- ✓ Stofnskrá virðisaukaskatts
- ✓ Tengsl tekjuskatts og virðisaukaskatts
- ✓ Þjónustu
- ✓ Öryggismál og kerfin

Skemmst er frá því að segja að margar hugmyndir litu dagsins ljós og er greinilegt að starfsmenn hafa miklar skoðanir á því hvernig er að haga störfum skrifstofunnar í framtíðinni.

JHJ/SEP



Hlutfé í efnahagshruni

Í síðasta tölublaði Tíundar skrifaði Páll Kolbeins um álagningu lögaðila 2009. Þar kom fram að eigið fé fyrirtækja skv. skattframtölum rýrnaði um rúm 97% á árinu 2008, eða úr 7.178 milljörðum á framtali 2008 í 177 milljarða á framtali 2009. Margir hlutabréfaeigendur hafa því tapað miklu. Í þessari grein verður fjallað um hlutabréf í framtölum einstaklinga og hlutafélaga og skattalega meðferð hlutabréfa sem orðið hafa verðlaus.



Jón Ásgeir
Tryggvason

Fram að falli bankanna haustið 2008 hafði vægi hlutabréfa vaxið hratt í eignasafni einstaklinga og félaga. Viðskipti með hlutabréf hófust árið 1990 á Verðbréfaþingi Íslands hf. (síðar Kauphöll Íslands hf.) og í lok ársins 2000 var fjöldi skráðra félaga orðinn 75. Frá því að útreikningur Úrvals-vísitölunnar (OMX Iceland 15) hófst í ársbyrjun 1998 til 18. júlí 2007, þegar vísitalan náði sínu hæsta gildi, nam hækkunin rúmum 800%. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 50%. Nú er verulegur hluti þessarar hlutabréfaeignar orðinn verðlítill eða verðlaus.

Með lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, var einstaklingum heimilað að draga kaupverð hlutabréfa í tilteknum félögum frá skattskyldum tekjum. Félagi sem óskaði eftir frádráttarbærni bar að senda ríkisskattstjóra ársreikning fyrir næstliðið reikningsár og ríkisskattstjóri veitti síðan félaginu staðfestingu ef skilyrðum var fullnægt. Ákveðið hámark var á frádrætti á hverju ári en heimilt var að millifæra ónýttan frádrátt og nýta á næstu fimm árum. Frádráttarheimild vegna hlutabréfakaupa var í gildi fram til tekjuársins 2002. Margir einstaklingar nýttu sér möguleikann á lækkun tekjuskattsstofns með fjárfestingu í hlutabréfum.

Þá hækkaði söluhagnaður af hlutabréfum í framtölum einstaklinga mikið. Á framtali 2008 var söluhagnaður af hluta-

bréfum rúmir 142 milljarðar en hafði verið 3,4 milljarðar tíu árum áður. Rétt er þó að hafa í huga að einstaklingum var frá árinu 1997 fram til ársins 2000 heimilt að fresta söluhagnaði hlutabréfa sem fór í almennt skatthlutfall en ekki fjármagnstekjuskatt. Fjárhæð þessi var tæpar 3,2 milljónir (tvöföld sú fjárhæð hjá hjónum) við álagningu 2000. Heimilt var síðan að færa söluhagnaðinn til lækkunar á kaupverði nýrra hlutabréfa. Frá tekjuárinu 2002 til ársins 2007 hækkaði söluhagnaður hlutabréfa um rúm 560%.

Tapað hlutfé einstaklinga (utan rekstrar)

Engin frádráttarheimild er hjá mönnum vegna taps af sölu hlutabréfa nema í þeim tilvikum þar sem þeir eru með söluhagnað

”

Engin frádráttarheimild er hjá mönnum vegna taps af sölu hlutabréfa nema í þeim tilvikum þar sem þeir eru með söluhagnað af hlutabréfum á sama ári

af hlutabréfum á sama ári, sbr. 24. grein laga nr. 90/2003 um tekjuskatt en greinin er svohljóðandi:

„Tap á sölu eigna, sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri, er ekki heimilt að draga frá skattskyldum tekjum. Áður en skattskyldur hagnaður af sölu eigna er ákveðinn má skattaðili þó draga frá heildarhagnaðinum það tap sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna sölu sams konar eigna á sama ári.

Tap á sölu eigna sem notaðar eru í atvinnurekstri er heimilt að gjaldfæra á söluári, sbr. 35. gr., þó ekki tap á sölu eigna þeirra sem um er rætt í 18. og 19. gr.“

Einstaklingar geta því lækkað skattskyldan hagnað af sölu eignar um tap af sölu sams konar eignar á sama ári. Almennt teljast hlutabréf sams konar eign. Tapið þarf að hafa orðið til við sölu hlutabréfa. Kaupverð hlutabréfa í félagi sem fór í þrot getur því ekki komið til frádráttar söluhagnaði hlutabréfa. Í þessu sambandi má vísa til úrskurðar yfirséðanefndar nr. 271/2005. Þar gerði maður kröfu um að fá að draga frá söluhagnaði hlutabréfa tapað hlutfé í erlendu félagi. Erlenda félaginu hafði verið slitið vegna rekstrarerfiðleika og hlutabréf í félaginu urðu þar með verðlaus. Yfirséðanefnd hafnaði kröfum kæranda með eftirfarandi rökstuðningi:

„Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, er óheimilt að draga tap af sölu eigna, sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri, frá skattskyldum tekjum. Áður en skattskyldur hagnaður af sölu eigna er ákveðinn má skattaðili þó draga frá heildarhagnaðinum það tap sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna sölu sams konar eigna á sama ári. Síðastnefnt ákvæði á ekki við í tilviki kæranda, enda er ekki um að ræða tap af sölu hlutabréfa heldur varðar krafa kæranda tapað hlutfé. Samkvæmt því og þar sem öðrum lagagrundvelli er ekki til að dreifa fyrir hinum umdeilda frádrætti verður að hafna kröfu kæranda.“

Í yfirséðanefndarúrskurði nr. 100/2007 var meðal annars deilt um frádrátt sölu-taps af hlutabréfum sem kærandi seldi syni sínum fyrir 1 krónu. Sölutapið var fært á móti söluhagnaði annarra hlutabréfa. Óumdeilt var að hlutabréfin hafi verið orðin verðlaus í hendi kæranda, eins og einnar krónu viðskipti hans við son sinn sýndu með ótvíræðum hætti. Var því fallist á með skattstjóra að virða



bæri umrædda ráðstöfun hlutabréfanna sem málamyndagerðing sem horfa yrði framhjá í skattalegu tilliti. Að því athuguðu, og þar sem ákvæði 1. mgr. 23. gr. laga nr. 75/1981 (nú 1. mgr. 24. gr. laga nr. 90/2003) yrði ekki túlkað svo rúmt að það tæki til afskriftar hlutabréfa vegna gjaldþrots viðkomandi einkahlutafélags, var kröfum kæranda varðandi þetta kæruatriði hafnað. Engin lagaheimild er því fyrir að færa kaupverð hlutabréfa sem menn áttu í bönkunum við fall þeirra til frádráttar söluhagnaði annarra hlutabréfa.

Engin lagaheimild er heldur til að veita mönnum lækkun á tekjuskattsstofni vegna tapaðra hlutabréfa. Heimildir til lækkunar á tekjuskattsstofni er að finna í sex töluliðum í 1. mgr. 65. gr. tekjuskattslaganna. Þau ákvæði 65. gr. sem gætu komið til skoðunar við ákvörðun á því hvort veita skuli ívilnun vegna taps á hlutafé eru í 5. og 6. tölulið en þeir eru svohljóðandi:

„5. Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignartjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.

6. Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna tapa á útistandandi kröfum sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.“

Með lögum nr. 70/1962 um tekjuskatt og eignarskatt varð veruleg breyting á lagaákvæðum sem heimiluðu sérstaka ívilnun. Í 52. grein þeirra laga voru sambærileg

ákvæði og nú eru í 65. gr. Árið 1963 var síðan gefin út reglugerð nr. 245 um tekjuskatt og eignarskatt. Í 49. gr. reglugerðarinnar er að finna nánari útfærslu á ívilunarheimildum þeim sem kveðið var á um í 52. gr. laga nr. 70/1962. Í c- og d-lið er fjallað um eignartjón og skuldatöp en þeir hljóða svo:

„c. Eignartjón, þ.e. eyðing eða óvenjulegar skemmdir fjármuna, svo sem af völdum eldsvoða, flóða, jarðskjálfta, eldgosa, fjárfellis eða skipsskaða. Við ákvörðun um skattlækkun vegna eignartjóns ber m.a. að hafa í huga, hve mikið tjónið er, hvort það eða hluti þar af kemur beint til frádráttar tekjum t.d. sem bústofnsskerðing eða fyrning og hvort eða hver áhrif það muni hafa á gjaldþol skattþegns eða möguleika hans til tekjuöflunar, svo og hvort skattþegn hefur fengið tjónið bætt að nokkru leyti eða öllu.

d. Skattlækkun vegna skuldatapa kemur til greina það ár eitt, sem skuldatap hefur sammanlegt orðið, og þá því aðeins að sennilegt megi telja, að skattþegn hafi upphaflega gert sér vonir um að lán yrði endurgreitt eða ábyrgð félli ekki á hann, og enn fremur því aðeins að um sé að ræða skuldatap, sem ekki er viðkomandi atvinnurekstri aðila.

Skattlækkun kemur því ekki til greina, þótt um sé að ræða töp á útlánum eða ábyrgðum, þegar ætla má að um gjafir eða styrki hafi verið að ræða, þótt upphaflega væri veitt í formi útlána eða ábyrgða.

Ekki skal heldur veitt skattlækkun vegna tapa á hlutabréfum eða öðrum stofnframlögum til félaga eða atvinnurekstrar, veittum peningalánnum, ábyrgðum eða einhverri slíkri aðstoð til stofnunar eða rekstrar fyrirtækis, gegn því að verða vissra viðskiptakjara aðnjótandi.

Töp á útlánum, sem beinlínis stafa af atvinnurekstri, má draga frá tekjum skv. 29. gr. og kemur því frekari skattlækkun þeirra vegna skv. þessari grein ekki til álita.

Sá sem óskar skattlækkunar vegna skuldatapa, skal láta fylgja með framtali sínu allar nauðsynlegar upplýsingar og sönnunargögn, svo sem hvenær lán var veitt eða í ábyrgð gengið og af hvaða ástæðum, gögn fyrir því að útlán sé tapað, sbr. C-lið 29. gr., eða ábyrgð á fallin, án möguleika til endurkröfu og aðrar þær upplýsingar og gögn, sem nauðsynlegar verða að teljast í hverju einstöku tilfelli.“

Til nánari skilgreiningar á því hvaða tilvik falla undir 65. grein hefur verið horft til þessarar reglugerðar frá 1963. Engar breytingar hafa verið gerðar á þessum reglugerðarákvæðum.

Samkvæmt 5. tölulið 1. mgr. 65. gr. skal taka til greina umsókn manns um lækkun á tekjuskattsstofni þegar hann hefur orðið fyrir verulegu eignartjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila. Í reglugerðinni segir að undir eignartjón falli eyðing eða óvenjulegar skemmdir fjármuna, svo sem af völdum eldsvoða, flóða, jarðskjálfta, eldgosa, fjárfellis eða

skipsskaða. Öll þau tilvik sem þarna eru nefnd fela í sér tjón á efnislegum eignum en ekki peningalegum. Því verður ekki talið að menn eigi rétt á ívilnun vegna tapaðs hlutafjár skv. 5. tölulið.

Tapað hlutafé getur heldur ekki talist tap á útistandandi kröfum í skilningi 6. töluliðar 1. mgr. 65. greinar. Hlutabréf teljast ekki til kröfuréttinda, hvorki samkvæmt almenntri málvenju né í fræðilegum skilningi. Þá er einnig sérstaklega tekið fram í reglugerðinni að ekki skuli veitt skattalækkun vegna tapa á hlutabréfum eða öðrum stofnframlögum til félaga eða atvinnurekstrar. Þá má benda á að lagaákvæði varðandi frádrátt tapaðra krafna í atvinnurekstri hafa ekki verið talin taka til tapaðs hlutafjár.

Í máli til Umboðsmanns Alþingis nr. 1970/1996 kvartaði maður yfir synjun skattstjóra og ríkisskattstjóra um að veita ívilnun á grundvelli 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, vegna tapaðrar hlutafjáreignar (nú 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt).

Í málinu reyndi á það hvort tapað hlutafé við gjaldþrot hlutafélags gæti talist eignartjón í skilningi 5. töluliðar 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981, eða fallið undir tap á útistandandi kröfum í skilningi 6. töluliðar 1. mgr. sömu greinar, þannig að lagaskilyrði væru til ívilnunar í sköttum.

Niðurstaða umboðsmanns var að gera ekki athugasemdir við þá ákvörðun skattstjóra, sem ríkisskattstjóri staðfesti, um að synja um ívilnun í sköttum vegna taps á hlutafé. Tapað hlutafé félli hvorki undir ákvæði 5. né 6. töluliðar 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981.

Tapað hlutafé rekstraraðila

Heimild til gjaldfærslu á töpuðum hlutabréfum hjá rekstraraðilum er að finna í 5. tölulið 31. gr. tekjuskattslaganna. Töluliðurinn er svohljóðandi:

„Sammanlega tapað hlutafé í félögum sem orðið hafa gjaldþrota. Sama gildir um hlutafé sem tapast hefur vegna þess að það hefur verið fært niður í kjölfar nauðasamninga samkvæmt lögum nr. 21/1991.“

Hér er sérstök heimild til gjaldfærslu sem ekki verður túlkuð rýmra en orðalag hennar segir til um. Rekstraraðilar geta því ekki gjaldfært tapað hlutafé fyrr en félögin eru orðin gjaldþrota eða hlutafé í þeim hefur verið fært niður vegna nauðasamninga. Engin bein lagaheimild er því til dæmis fyrir gjaldfærslu á töpuðum hlutabréfum í föllnu bönkunum. Spyrja má hvort sanngjarnt væri að heimila gjaldfærslu á þeim hlutabréfum áður en

að formlegu gjaldþroti kemur. Lítil vafi er á að bréfin eru verðlaus þó það liggi ekki formlega fyrir. Hins vegar kunna hlutabréf í félagi þar sem hlutafé hefur verið fært niður í kjölfar nauðasamninga að verða síðar einhvers virði. Þá má benda á að yfirsattanefnd hefur sagt, þegar fjallað hefur verið um hvort hlutafé sé sannanlega tapað, að eðlilegt þyki að hafa til hliðsjónar ákvæði 14. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Heimilt getur verið að gjaldfæra niðurfærslu hlutafjár þó formlegur nauðasamningur liggi ekki fyrir, sbr. úrskurð yfirsattanefndar nr. 141/2010. Í úrskurðinum sagði að skýra eigi orðalagið „í kjölfar nauðasamninga“ svo, í samræmi við tilgang þess, að niðurfærsla hlutafjár verði að vera í beinum tengslum við nauðasamninga. Ekki var nauðsynlegt að formlegur nauðasamningur, staðfestur af héraðs-

”

**Hlutabréf
skal telja til eignar
á nafnverði nema sannað
sé að raunvirði eigna félags
að frádregnum skuldum
sé lægra en hlutafé þess**

dómi, lægi fyrir svo gjaldfærsla væri heimil. Litið var til þess að um samfelld greiðslustöðvunar- og nauðasamningaferli hafi verið að ræða sem lauk með formlegum nauðasamningi.

Eins og áður segir er í 24. grein tekjuskattslaganna heimild til að draga frá söluhagnaði eigna það tap sem skattaðili kann að hafa orðið fyrir vegna sölu sams konar eigna á sama ári. Í 2. mgr. segir að tap á sölu eigna sem notaðar eru í atvinnurekstri sé heimilt að gjaldfæra á söluári, sbr. 35. gr., þó ekki tap á sölu eigna þeirra sem um er rætt í 18. og 19. gr., en í 18. grein eru ákvæði um söluhagnað hlutabréfa. Ekki hefur verið litið svo á að takmörkun á gjaldfærslu sölutaps hlutabréfa skv. þessari málsgrein feli það í sér að rekstraraðilum sé óheimilt að færa sölutap hlutabréfa til frádráttar söluhagnaði hlutabréfa á grundvelli 1. mgr. Í handbók ríkisskattstjóra frá mars 1996,

um tekjuskatt og eignarskatt, er fjallað um tap af sölu eigna. Þar er eftirfarandi tekið fram varðandi tap á sölu eigna sem notaðar eru í atvinnurekstri:

„Tap á sölu eigna sem notaðar eru í atvinnurekstri, má gjaldfæra á söluári, þó ekki tap á sölu hlutabréfa og eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum sem umfram er hagnað vegna sölu sams konar eigna á árinu, sbr. 2. mgr. 23. gr. SL.“

Yfirsattanefnd hefur staðfest þessa túlkun og má þar nefna úrskurð nr. 142/2008.

Eignfærsla hlutabréfa

Þrátt fyrir afnám eignarskatts þá hefur eignfærsla hlutabréfa áfram haft þýðingu í skattskilum. Vaxtabætur geta þannig skerst eða fallið niður ef hrein eign fer yfir ákveðið mark. Með upptöku auðlegðarskatts fær eignfærsla hlutabréfa í framtölum einstaklinga aukna þýðingu. Almenna reglan er að hlutabréf skuli telja fram á nafnverði, sbr. 1. málslíð 5. töluliðar 73. greinar en þar segir:

„Hlutabréf skal telja til eignar á nafnverði nema sannað sé að raunvirði eigna félags að frádregnum skuldum sé lægra en hlutafé þess.“

Telja verður að það sé framteljenda að sýna fram á að raunvirði sé lægra en nafnverð. Það er ekki lagaskilyrði að félag sé orðið gjaldþrota eða að það sé hætt rekstri. Horfa verður til hvert raunvirði einstakra eigna félagsins er. Kæmi þá til dæmis til skoðunar váttryggingarverð eigna eða fasteignamat og markaðsverðmæti kvóta. Yfirsattanefnd hefur fjallað um ágreining um eignfærslu hlutabréfa í nokkrum úrskurðum og má nefna úrskurð nr. 1268/1994 og 91/1998.

Með lögum nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins, kom inn bráðabirgðaákvæði í tekjuskattslögin um álagningu auðlegðarskatts við álagningu 2010, 2011, 2012 og 2013 á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og 4.–9. tölulið 3. gr. Þar segir að þrátt fyrir ákvæði 5. töluliðar 73. gr. skulu lögaðilar telja fram hlutdeild sína í öðrum félögum á markaðsverði ef um er að ræða félög sem skráð eru í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði, en annars hlutdeild sína í skattalegu bókfærðu eigin fé viðkomandi félags í stað nafnverðs. Álagning þessa skatts mun því byggja á markaðsverði hlutabréfa eða eftir atvikum skattalegu bókfærðu eigin fé félaga en ekki nafnverði hlutabréfa.

Áhættusvið í virðisaukaskatti



Guðni
Björnsson

Á síðasta ári kom út athyglisverð skýrsla á vegum IOTA um áhættusvið í virðisaukaskatti (VAT Risk Areas). Skýrslan byggir á vinnu sérstaks starfshóps sem fékk það hlutverk að taka saman upplýsingar um aðferðir og reynslu aðildarríkjanna á þessu sviði. Markmiðið með gerð skýrslunnar er að bæta þekkingu innan aðildarríkjanna á áhættusviðum í virðisaukaskatti og miðla reynslu um aðferðir við að bera kennsl á og fylgjast með áhættu.

Við greiningu áhættusviða er í flestum tilvikum notast við niðurstöður úr þeim greiningarkerfum sem eru í notkun hjá skattýfirvöldum í viðkomandi löndum. Einnig er notast við upplýsingar um atriði sem komið hafa upp við endurskoðun, upplýsingar frá þriðja aðila, upplýsingar um VSK endurgreiðslur o.fl. Þessi vinna fer yfirleitt fram með miðlægum hætti en stundum er notast við niðurvíð (e. top-down) aðferðir eða uppávíð (e. bottom-up) aðferðir við greininguna.

Áhættusviðum er gjarnan skipt í nokkra flokka, s.s. atvinnugrein (fjar-skiptaiðnað, byggingariðnað, upplýsingatækni o.s.frv.), einkenni/prófíl (endurgreiðslu VSK, umboðsaðila eða milliliði) eða eðli vara (bifreiðar, tölvuúhlutir, farsímar). Notast er við ólíkar aðferðir í baráttunni við sviksamlegt athæfi innan þessara áhættusviða. Í fyrsta lagi er um að ræða aðgerðir sem skattýfirvöld eiga frumkvæði að (e. pro-active) eins og samskipti við skattaðila, fjölmiðla, námskeið, samstarfssamninga o.fl. Í öðru lagi er um að ræða þvingandi aðgerðir (e. repressive) eins og sakamálarannsókn, áhlaup/vettvangsheimsóknir og endurskoðun. Í þriðja lagi er um að ræða aðgerðir er taka til breytinga á löggjöf (e. legislative) og einföldun forms og reglna.

Til að ganga úr skugga um að VSK númer sé ekki misnotuð notast skattýfirvöld við upplýsingatækni og áhættugreiningu

til að bera eins snemma í ferlinu og hægt er kennsl á þá skattaðila sem líklegir eru til að stunda sviksamlegt athæfi (e. fraudulent traders). Við áhættugreininguna er notaður hugbúnaður eins og Microsoft Office (Access og Excel), SQL, SPSS, Clementine, Business Objects, Eskort, SAS og IDEA, auk heimasmiðaðra lausna. Það fer síðan eftir ríkjandi löggjöf og tæknilegum möguleikum hvaða gögn eru notuð við greininguna hverju sinni.

Samkvæmt því sem fram kemur í skýrslunni er mjög mikilvægt er að safna þekkingu á skattaðilum og umhverfi þeirra í sérstaka gagnabanka til að styðja við og auka virkni þeirra hugbúnaðarkerfa sem eru í notkun hverju sinni. Slíkir gagnabankar gera söfnun og greiningu grunnupplýsinga mögulega og auðvelda allan samanburð.



Skyldubundin afskráning brotlegra (e. abusive) eða óvirkra (e. non-active) skattaðila er almennt álitin góð leið til að viðhalda heilbrigðu VSK kerfi. Forsenda þess er að skattýfirvöld hafi heimild til að fella VSK aðila af skrá vegna óvirkrar starfsemi, van-skila (e. non-compliance) eða misbeitingar. Skattýfirvöld þurfa með öðrum orðum að geta beitt fyrir sig lögboðnum úrræðum.

Upplýsingar um afskráningu lögaðila eru í fæstum tilfellum aðgengilegar í aðildarríkjum IOTA. Innan ESB hafa bæði skattýfirvöld og almenningur hins vegar möguleika á að ganga úr skugga um hvort

tiltekið VSK númer sé gilt eða ekki með því að fara inn ákveðna heimasíðu: http://ec.europa.eu/taxation_customs/vies/. Það er algert lykilatriði að upplýsingar um ógild/afskráð VSK númer séu gerðar eins aðgengilegar og mögulegt er svo hægt sé að draga úr svikum og styðja við þá skattaðila sem vilja hafa allt sitt á hreinu.

Rík sönnunarbyrði skattýfirvalda gerir þeim stundum erfitt um vik að afla nægilega traustra gagna til að upplýsa um sviksamlegt athæfi eða vanskil, auk þess sem skattaðilar geta í sumum löndum sótt óhindrað aftur um skráningu eftir að búið er að fella þá af skrá.

Í þeim tilvikum þegar lögaðilar sækja sjálfir um afskráningu er mikilvægt að skattýfirvöld láti framkvæma sérstaka endurskoðun til að ganga úr skugga um að umsóknin eigi við rök að styðjast. Jafn-

framt væri skv. skýrslunni æskilegt að heimsækja viðkomandi skattaðila seinna til að ganga úr skugga um hvort breytingar hafi orðið á aðstæðum sem kunni að kalla á endurskráningu.

Til að afskráning skili tilætluðum árangri verða skattýfirvöld að hafa heimildir til að fella þá skattaðila af skrá er gerst hafa brotlegir og taka strax af skrá þau VSK númer sem hafa verið misnotuð, án þess þó að missa sjónar á þörfum skattaðila fyrir viðeigandi áfrýjunarferli.



Skattstjórafundir

– að breyttu breytanda

Í meira en fjóra áratugi hittust helstu stjórnendur skattýfirvalda, skattstjórar og starfsmenn ríkisskattstjóra, árlega á svokölluðum sumarfundi skattstjóra. Framan af voru fundarefnin stuttaraleg, svo sem ríkisskattstjóri ræðir við skattstjóra eða fjármálaráðuneyti ræðir við skattstjóra. Síðustu áratugi voru fundirnir orðnir þriggja daga fundir með ítarlegri dagskrá. Á þessum fundum voru yfirleitt haldnir fyrirlestrar til að skýra tiltekna þætti stjórnsýslunnar og samræma skattframkvæmd á landinu öllu.

Með lögum um eitt skattumdæmi sem tóku gildi 1. janúar 2010 urðu mestu skipulagsbreytingar síðustu áratuga þegar skattstjóraembættin runnu inn í embætti ríkisskattstjóra. Felldir voru niður hefðbundnir mánaðarlegir skattstjórafundir en þess í stað mynduð framkvæmdastjórn RSK sem í sátu helstu stjórnendur. Ákveðið var því að halda sérstakan fund allra

stjórnenda stofnunarinnar í stað árlegs sumarfundar og þannig voru skattstjórafundirnir hinir gömlu teknir til endurmats að breyttu breytanda.

Í byrjun september 2010 hittust helstu stjórnendur RSK á Hótel Örk í Hveragerði til að móta stefnu hinnar nýju stofnunar, m.a. á grundvelli hugarflugsfundar allra starfsmanna frá 18. desember 2009. Þátttakendur voru 49 starfsmenn alls staðar að af landinu.

Verkefni fundarins var að leggja línur fyrir störf embættisins á komandi árum með aðaláherslu á stjórnun, verkaskiptingu og upplýsingaflæði auk nokkurra annarra atriða, þ.m.t. yfirferð gagna og eftirlits með skattskilum. Í stað fyrirlestra var fundarmönnum skipt í fyrirframákveðna hópá sem hver um sig vann að afmörkuðu verkefni. Í lok fyrsta dagsins kynnti fulltrúi hvers hóps síðan niðurstöður sínar. Niðurstöður þessar voru

síðan dregnar saman og skipt upp í þrjá kafla fyrir hvern málaflokk, þ.e. forsendur, markmið og verkefni. Fjallað var um stjórnun, stjórnunaraðferðir og starfsmannamál þar sem fundarmenn ræddu m.a. mismunandi stjórnunaraðferðir. Á fundinum fjölluðu einnig stærstu svið stofnunarinnar, svokölluð framleiðslusvið þ.e. atvinnurekstrarsvið, einstaklingssvið, eftirlitssvið og skráasvið, hvert um sín verkefni og úrvinnslu þeirra með liðsinni stoðsviða.

Síðasti fundardagurinn var nýttur í yfirferð á skipulagi og verkefni framundan. Með þessum fundi var sleginn nýr tónn í stjórnun og skipulagningu stofnunarinnar með nýjum vinnubrögðum í samræmi við endurmetnar áherslur. Mikill samhljómur var í málflutningi allra fundarmanna og margt bar að sama brunni.

SEP/JHJ



Breytt skipan skatteftirlits

Miklar breytingar á skattkerfinu voru ákveðnar með lögum sem samþykkt voru frá Alþingi 18. desember 2009. Frá og með 1. janúar 2010 urðu tíu stofnanir að einni, landið var þá gert að einu skattumdæmi og rekstur á kerfinu í heild sinni var sameinaður hjá ríkisskattstjóra. Eitt af því sem breyttist verulega var skipan skatteftirlits. Áður höfðu verið starfræktar fimm sjálfstæðar eftirlitsdeildir á landinu öllu með um 35 starfsmenn samanlagt.



Guðni
Björnsson

Ríkisskattstjóri hafði í nokkur ár starfrækt fámenna eftirlitsdeild sem vann að sértækum eftirlitsmálum. Skattstjórnir í Reykjavík og Reykjanesumdæmi höfðu starfrækt almennar eftirlitsdeildir hvor í sínu skattumdæmi og skattstjórnir í Vesturlandsumdæmi og Norðurlandsumdæmi eystra höfðu annast almennt skatteftirlit á landsbyggðinni. T.d. hafði deildin á Akranesi annast eftirlit á svæðinu frá Vestfjörðum suður og austur um til Hafnar í Hornafirði, og deildin á Akureyri frá Hrítafirði austur og suður um til Hafnar í Hornafirði. Hluti af starfsemi þessara fjögurra eininga var að framfylgja sérstakri eftirlitsáætlun sem ríkisskattstjóri lagði fram árlega. Eftir breytinguna um síðustu áramót runnu þessar einingar saman í eina heild sem kallast eftirlitssvið. Í marsmánuði 2010 flutti starfsfólk eftirlitsdeildanna í Reykjavík og Hafnarfirði í húsnæði ríkisskattstjóra við Laugaveg en ákveðið var að deildirnar sem verið höfðu á Akranesi og Akureyri yrðu áfram starfræktar þar en undir stjórn og leiðsögn eftirlitssviðsins á Laugavegi.

Í kjölfar samrunans var eftirlitssviðinu skipt í þrjú teymi: greiningarteymi, vettvangsteymi og endurskoðunarteymi.

Flest mál sem upp koma eiga uppruna sinn hjá greiningarteyminu sem samanstendur af fjórum til fimm starfsmönnum. Teymið vinnur margháttaðar upplýsingar úr skattframtölum og öðrum gögnum sem til eru í skattkerfinu og leitast við að greina þau skattskil sem af einhverjum ástæðum eru afbrigðileg. Vettvangsteymið, þar sem einnig starfa fjórir til fimm starfsmenn, fer einkum í fyrirtækjaheimsóknir og sendir þau

”

... meiri árangur næst í vettvangseftirliti sé það aðgreint frá öðru skatteftirliti og mælti það með þessari breytingu. Það að landinu var breytt í eitt skattumdæmi styrkti mjög þessa áherslubreytingu

mál sem upp koma í frekari úrvinnslu hjá endurskoðunarteyminu eða til skattrannsóknarstjóra ríkisins eftir tilfni. Einnig mun vettvangsteymið sjá um greiningar í flóknum stjórnunar- og upplýsingakerfum. Endurskoðunarteymið er langstærst og þar starfa að jafnaði 25 til 30 starfsmenn. Endurskoðunarteymið vinnur úr þeim eftirlitsmálum sem upp koma hjá greiningarteyminu, málum

sem vettvangsteymið vísar þangað og öðrum málum sem kunna að vera tekin upp t.d. vegna ábendinga. Endurskoðunarteymið vinnur málin til enda og lýkur þannig upplýsingaferlinu.

Greiningarteymið

Greiningarteymið skiptist í tvær einingar. Greining I annast vélrænar greiningar á gagnagrunnum skattkerfisins og tilheyrandi samkeyrslu gagna til notkunar við skatteftirlit. Greining II yfirfer niðurstöðurnar og tekur stikkprufur úr þeim til frekari skoðunar út frá fyrirliggjandi ársreikningum og öðrum innkomnum upplýsingum sem alla jafna er ekki að finna í kerfum skattýfirvalda. Undir greininguna fellur einnig úrvinnsla þeirra ábendinga sem berast skattýfirvöldum, skráning þeirra og val á skoðunarandlögum. Jafnframt sér greiningarteymið um gerð sérstakrar áætlunar um umfang eftirlits þar sem verkefnum er forgangsraðað á grundvelli viðurkenndra sjónarmiða við mat og flokkun á áhættuþáttum. Markmið þessarar áætlunar eru m.a. að stuðla að samræmdri framkvæmd skatteftirlits og að ákveða umfang og áherslur í skatteftirliti á hverjum tíma.

Það er fyrst eftir að ákveðið hefur verið í hvaða verkefni skuli ráðast hverju sinni að keyrðir eru út listar úr kerfum skattýfirvalda yfir skattaðila sem taka á til skoðunar. Notast er við viðurkenndar (óhlutdrægar) aðferðir við valið, svo sem samanburð upplýsinga á skattframtali, greiningu frávika, slembiúrtað og áhættugreiningu. Það fer eftir aðstæðum hverju sinni hvaða aðferð verður fyrir valinu eða hvort notast er við samspil aðferða. Þó svo að stundum sé litið til þess við val á verkefnum hvaða atvinnugreinar eða málaflokkar hafa verið skoðaðir á síðustu árum og hverjir ekki, þá er einnig tekið tillit til áhættugreiningar við val á verk-

efnum. Áhættugreining felur í sér skoðun á fyrirliggjandi upplýsingum og mati á þeirri áhættu sem til staðar er hverju sinni. Reynt er að meta líkindin á því að skattaðilar skili röngum upplýsingum til skattfyrivalda vegna mistaka, undandráttar eða skattsvika. Auk þeirra verkefna sem verða til eftir ofangreindum leiðum þá á allnokkur hluti verkefna í eftirliti uppruna sinn í ábendingum sem berast frá skattaðilum, álagningardeildum skattstofanna, öðrum ríkisstofnunum og hagsmunasamtökum. Einnig er nokkuð um það að litid sé til fyrri skoðana eða annarra fyrirliggjandi gagna.

Í vöruhúsi gagna og ýmsum öðrum gagnagrunnum skattfyrivalda eru geymd ýmis gögn frá skattaðilum á rafrænu formi sem notuð eru við áhættugreininguna, auk þess sem safnað er sérstaklega og skráðar niður upplýsingar um einstaka atvinnugreinar. Upplýsingar sem aflað er í þessu skyni gera starfsmönnum greiningarteymisins kleift að greina helstu áhættur í starfsemi fyrirtækja, lykilþætti og kennitölur, sem aftur nýtast þeim við val á verkefnum og aðilum til skoðunar í eftirliti. Slíkt gefur jafnframt til kynna hvar helst er þörf á umbótum og niðurstöðurnar geta haft mikið að segja um framtíðaráherslur eftirlitssviðsins.

Vettvangsteymið

Eins og fram hefur komið er vettvangsteymið eitt af þremur teyimum á eftirlitssviðinu. Vettvangsteymið sérhæfir sig í vettvangseftirliti (oft nefndu samtímaeftirliti). Þessari skipan var komið á fyrir um ári síðan, en fram að því var vettvangseftirliti sinnt samhliða öðru almennu skatteftirliti. Reynslan erlendis frá hefur sýnt að það aðgreint frá öðru skatteftirliti og mælti það með þessari breytingu. Það að landinu var breytt í eitt skattumdæmi styrkti mjög þessa áherslubreytingu.


Verkefni vettvangsteymisins beinast að hvers konar rekstraraðilum og hafa það meginmarkmið að greina frávik frá réttri skattframkvæmd sem ekki koma fram við annars konar skatteftirlit. Skoða þarf meira en forskráð gögn í kerfum ríkisskattstjóra og farið er á vettvang gjaldandans til að öðlast betri skilning á aðstæðum í viðskipta- og skattaumhverfi hans. Mikið er lagt upp úr að vettvangseftirlitið sé sýnilegt til að skapa varnaðaráhrif og jafnframt til að vera gjaldendum leiðbeinandi um rétta skattframkvæmd. Hafa ber í huga að víða um heim er litid svo á að varnaðaráhrifin skili mestum árangri í að tryggja rétt skattskil.

Eðli málsins samkvæmt fer mikilvægur hluti starfsins fram á starfsstöð gjaldanda, en þar geta aðstæður verið mjög flóknar, þannig að alls ekki er öruggt að skráning viðskipta skili sér rétt í reikningsskil og fjárhagsskýrslur sem skattskil svo byggja á. Hætta er á að skráð gögn séu ekki alltaf rétt meðhöndluð ef skilningur á aðstæðum og viðskiptum er ekki til staðar. Það getur bæði gerst fyrir slysi og af ásetningi. Með þetta í huga er vettvangseftirlitinu skipt í tvo flokka:

I. Hefðbundnar fyrirtækjaheimsóknir þar sem lögð er áhersla á fyrirfram ákveðin atriði svo sem tekjuskráningu, virðisaukaskattsskil, staðgreiðsluskil og önnur þau gjöld sem lögð eru á gjaldandann og ríkisskattstjóra er ætlað að hafa eftirlit með.

II. Sérhæfðar greiningar á flókn-um gagna-, stjórnunar- og upplýsingakerfum gjaldenda. Með upplýsingakerfum er m.a. átt við skipulag bókhaldskerfa sem getur verið mjög mismunandi milli kerfa og einstakra gjaldenda. Við slíkar aðstæður getur frumskráning viðskipta verið langt frá hefðbundnum reikningsskilum sem gæti leitt til fráviks frá réttri skattframkvæmd.

Skipulag eftirlitssviðs





Eftirlitsstarfsmenn Laugavegi 166.

Verkefni vettvangsteymisins verða til með ýmsum hætti. Fyrst er til að nefna vélrænar greiningar greiningarteymisins úr kerfum skattkerfisins. Einnig er farið í sérstakar svæða- og atvinnuvegaskoðanir og svo berast ábendingar til ríkisskattstjóra sem fara í sérstakan farveg. Algengt er að blanda þessum aðferðum saman. Þar sem meginmarkmið með vettvangseftirliti er að greina áhættuþætti og frávik sem ekki koma fram við annars konar skatteftirlit þá getur vettvangsteymið ekki alfarið takmarkað sig við vélrænar greiningar úr kerfum skattkerfisins. Þetta á við um atriði eins og svarta vinnu, óskráðan atvinnurekstur eða skráð gögn sem aldrei rata í reikningsskil gjaldenda.

Verið er að þróa áfram vinnubrögð og verklag við vettvangseftirlit til að tryggja

enn betur virkni vettvangseftirlitsins. Til þess að auðvelda þetta hafa verið skilgreindir frammistöðu- og árangursmælikvarðar fyrir næstu tólf mánuði. Vettvangsteymið vinnur náið með greiningar- og endurskoðunarteyminu.

Endurskoðunarteymið

Fjölmennasta teymið innan sameinaðs eftirlitssviðs ríkisskattstjóra er endurskoðunarteymi sem í eru tæplega 30 manns og tilheyra einingarnar á Akranesi og Akureyri þeim hóp. Endurskoðunarteymið tekur við verkefnum frá greiningar- og vettvangsteymunum til frekari skoðunar og rekur þau mál sem upp koma til enda, þ.e. sér um að upplýsa málin, boða gjaldabreytingar og úrskurða í þeim. Þá veitir teymið umsagnir til yfirkattaneftndar og

ríkislögmanns vegna eftirlitsmála sem eru kærð til nefndarinnar eða fara fyrir dómstóla. Teymið samanstendur af lögfræðum og viðskiptamenntuðum sérfræðingum, auk starfsmanna sem hafa mikla reynslu af skatteftirliti eða viðlíka störfum.

Teymið greinist í nokkra hópa sem leggja hver um sig áherslu á tiltekna tegund verkefna sem upp koma. Sem dæmi má nefna hóp sem sérhæfir sig í málum þar sem reynir á lögfræðileg álitaefni, hóp sem sérhæfir sig í skoðun stórfyrirtækja o.s.frv. Hver hópur hefur á að skipa verkefnastjórum með það hlutverk að hafa ákveðna umsjón með framvindu verkefna sem hópi þeirra hefur verið falin úrvinnsla á. Með þessu fyrirkomulagi skapast sérþekking innan hvers hóps sem auðvelt er að byggja ofan á með markvissri fræðslu.

Gjaldabreytingar eftirlitseininga skattstjóra og ríkisskattstjóra (nettó)

Gjöld og skattar	2007	2008	2009
Opinber gjöld	1.613.546.270	2.673.200.249	2.760.598.433
Virðisaukaskattur og álag	8.042.517	36.588.605	64.548.635
Tryggingagjald og álag á staðgreiðslu	14.313.776	24.238.687	49.389.823
Samtals	1.635.902.563	2.734.027.541	2.874.536.891
Lækkun á yfirfæranlegu tapi	1.046.268.849	8.813.397.305	1.269.105.760

Um nettóbreytingar er að ræða þar sem lækkun gengur á móti hækkun.

Helstu verkefni sem tekin hafa verið til úrvinnslu á árinu 2010 eru m.a. könnun á skattskyldu svokallaðra söluréttarsamninga og skyldra samninga, réttmæti samruna félaga í skattalegu tilliti, athugun á eignarhaldi aflandsfélaga út frá hugsanlegri skattskyldu hér á landi, skuldsettari yfirtökur, viðskipti einstaklinga og lögaðila með hlutabréf á árunum 2004-2008, úthlutun arðs umfram eigið fé í upphafi árs og úthlutun arðs á fyrsta rekstrarári félags, svo einhver mál séu nefnd.

Endurskoðunarteymið leggur áherslu á vönduð og fagleg vinnubrögð þar sem málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaganna eru lagðar til grundvallar. Í því felst meðal annars að reglur um málshraða, jafnræði og meðalhóf séu virtar. Innan teymisins er að finna sérstakan gæðastjóra sem ætlað er það hlutverk að hlutast til um að þessi gæðamarkmið séu virt. Þá er lögð áhersla á að starfsmenn séu vakandi fyrir lagabreytingatillögum sem æskilegt er að koma á framfæri við stjórnvöld.

Árangur af skatteftirliti

Sé litið til gagna um skattbreytingar á síðustu þremur árum, sbr. upplýsingar í töflunni hér að framan, má sjá að endurákvörðun eftirlitseininganna á undandregnum sköttum nam rúmum 7 milljörðum króna á tímabilinu. Yfirfæranlegt tap sem fellt var niður er ekki meðtalið í þessari fjárhæð heldur eingöngu beinar gjaldabreytingar til nettóhækkunar. Til samamburðar má geta þess að endurákvörðun eftirlitssviðs ríkisskattstjóra á undandregnum sköttum það sem af er árinu 2010 (til 14.10.) nemur um 2.300 milljónum króna.

Árangur af eftirliti verður hins vegar ekki eingöngu mældur með hækkun gjalda heldur einnig í aukinni þekkingu skattaðila á reglukerfinu og bættem skattskilum almennt. Skatteftirlit sem felur í sér heimsókn á starfsstöð skattaðila, athugasemdir og leiðbeiningar er ekki síður mikilvægt en skatteftirlit sem leiðir af sér hreinar gjaldabreytingar. Við vettvangseftirlit koma til dæmis oft í ljós annmarkar á skattskilum aðila sem ekki sjást við hefðbundið skrifborðseftirlit. Víða um heim er litið svo á að sýnilegt eftirlit skili mestu í gegnum forvarnargildið sem það hefur. Varnaðaráhrif skatteftirlits skipta því verulegu máli og kannski mestu máli þegar á heildina er litið.



Aðalsteinn Hákonarson, sviðsstjóri eftirlitssviðs, ásamt öðrum helstu stjórnendum sviðsins.

Þurftum að sleikja hvert einasta umslag og frímerki

Viðtal við Sigrúnu Ólafsdóttur sem starfaði í 48 ár á sama vinnustaðnum, skattstofunni á Hellu.



Pegar Sigrún Ólafsdóttir kom til starfa á skattstofunni á Hellu var John F. Kennedy forseti Bandaríkjanna og Ólafur Thors forsætisráðherra á Íslandi. Viðreisnarstjórnin var nýkomin til valda og skömmunum á nauðsynjavörum var að ljúka. Sigrún var kornung stúlka þegar skattstofunni var komið á fót og varð hún fyrsti starfsmaðurinn þar auk skattstjórans. Eftir 48 ára samfelld starf á skattstofunni lét hún af störfum síðastliðið sumar. Það var tilefni til að heyra hvað á daga hennar hafði drifið. Sigurlaug M. Jónasdóttir tók hana tali.

Sigrún Ólafsdóttir er fædd í Þykkva-bænum, sveitaborpi með símstöð, bensín-stöð og verslun sem var rekin af ágætum kaupmanni sem hugsaði afar vel um „bændurna sína.“ Sigrún var bóndastelpa, elst af átta systkinum, og þurfti oft að passa yngri börnin og lærði þannig um-burðarlyndi og þolinmæði. „Ég átti það til að stökkva yfir túnið til ömmu, enda stundum plásslítið heima, og þar lærði ég að lesa. Mannlíf í Þykkvabænum byggir mjög á kartöfluframleiðslu. Ég man eftir að mamma fór tvisvar á ári til Reykjavíkur; á haustin til að kaupa föt fyrir okkur systkinin og svo auðvitað rétt fyrir jólin. Fólkið var ákaflega samheldið og hjálplegt ef einhver þurfti aðstoð. Ef fólk leit upp frá kartöflugrasinu sá það til hafsins sem daðraði við sandinn í 16 kílómetra fjarlægð.“

Sigrún ákvað snemma að ganga menntavegin og fara í Kvennaskólann í Reykjavík; hún ætlaði ekki að verða bóndi og ekki að búa í Þykkvabænum. Hún var ekki mikið fyrir skepnur, meira fyrir bókina, og las alla tíð mikið. „Mér var treyst fyrir lykli bókasafns skólans og las flestar bækurnar sem þar voru í hillum, mér til mikillar gleði og ánægju.“ Sigrún las utanskóla tvo bekk og tók svo próf upp í þriðja bekk. Hún flutti til Hellu árið 1959.

Þegar Sigrún var komin með prófið árið 1962 kunni hún á ritvél, sem ekki var algengt hjá konum en Sigrúnu þótti sjálfri ekkert merkilegt. Það þótti hinsvegar nýskipuðum skattstjóranum í Suðurlandsumdæmi, Filippusi Björgvinssyni, þegar hann frétti af stelpunni sem kunni að vélrita. Það er nefnilega ekki hægt að hiksta á Hellu án þess að allir viti það. Filippus bað Sigrúnu endilega að koma og vélrita fyrir sig bréf. Hún svaraði kallinu og festist við það á skattstofunni þann 3. janúar 1963 og losnaði ekki þaðan fyrr en nýlega á þessu ári. Sigrún gegndi ýmsum störfum hjá skattstofunni og endaði sem deildarstjóri.

Hvernig var fyrsti vinnudagurinn hjá skattstofu Suðurlands-umdæmis?

Ansi skrautlegur. Skattstofan var þá til húsa á hótelinu á Hellu í aðeins einu herbergi. Filippus þurfti að skjótast til Reykjavíkur þennan dag og ég var skilin eftir ein með ritvélinni sem tók upp á því að festast út á hlið og hvernig sem ég reyndi að galdra hana til verka gekk það ekki. Hún vildi ráða. Það var enginn sími á skrifstofunni

”

*Ég lærði snemma
að maður á alltaf
að reikna allt tvisvar
og það tók tíma fyrir mig
að treysta tölvunni
svo ég fór alltaf yfir það
sem hún reiknaði*

en á hótलगanginum var sveitasími með sveif. Ég fór fram á gang í leit að aðstoð en gætti ekki að mér í ákafanum og skellti hurðinni í lás og komst ekki inn aftur. Það þurfti að brjóta upp hurðina til að hleypa mér inn. Þegar Filippus kom aftur var ég næstum eins brotin og hurðin, en hann bjargaði sálarheill minni með fallegu brosi.

Hvernig var svo að vinna á skattstofunni?

Gefandi en vissulega erfitt. Til dæmis var erfitt að hlusta á fólk sem í örvilnan hringdi, kannski nýbúið að fá tilkynningu um hækkun skatta og vissi ekki hvernig það gæti staðið í skilum. En mér tókst oft að tala fólk til rósemdar og það kvaddi sátt eftir allt saman. Margt kom mér á óvart, til dæmis þegar ég í upphafi starfa minna fór mér til gamans á mannfagnað í Þykkvabænum

og fann að fólkið þar vantreysti mér, taldi mig komna til að njósna um það fyrir skattstjórnann. Ég fékk til dæmis athugasemd frá einstaklingi sem sagði í hálfkæringi: „Nú, þú veist svo sem allt um mig!“ Rétt eins og þetta væri mjög dularfull heimsókn. Sumt fólk hélt virkilega að við, starfsmenn skattstofunnar, værum að njósna fyrir skattayfirvöld. Það var vont því hvar sem við vorum þá stödd vorum við alls ekki að kanna hvað einstakir menn ættu til, hvernig þeir lifðu og hvort þeir skulduðu.

Sigrún brosir við tilhugsunina um fyrstu árin á skattstofunni þegar fátt var um tæki og tól til hjálpar starfsfólki. Tæknin og nýjungar í tækjum breytti þó vinnuaðstöðu fólksins með tíð og tíma.

Ég byrjaði með handsnúna reiknivél og bókfærsluvélina var drasl en svo fékk ég allt í einu rafmagnsvél sem gerði mikið gagn. Ég barðist jafnframt lengi við erfiða ritvél, klossaða þýska vél. Þegar valsinn fór út í enda hélt ég að hann kæmi aldrei aftur, svo seinvirk var vélin. En svo bankaði tæknin dag nokkurn, og það án þess að brjóta hurðina hjá skattstofunni á Hellu, og lífið varð léttara og tæknilega betra. Við fengum seint og um síðir blauta gúmpúða svo að við gátum hætt að sleikja hvert einasta frímerki og umslag sem við sendum út, og þau voru mörg. Okkur munaði sko um munnvatnið.

Mest þótti mér til um ljósritunarvélina sem skipti sköpum á þeim tíma. Áður þurfum við að afrita framtöl fyrir fólk ef það óskaði þess og það tók tímann sinn. Svo kom tölvann og þvílíkur léttir! Ég lærði snemma að maður á alltaf að reikna allt tvisvar og það tók tíma fyrir mig að treysta tölvunni svo ég fór alltaf yfir það sem hún reiknaði. Ég var lengi að venja mig af því og eiginlega ekki alveg búin að því þegar ég hætti störfum. Ég þurfti alltaf að líta minnst tvisvar á tölurnar á skjánum, tilbúin að leiðrétta, því ég vissi betur!

Er þjónustulund fólks minni að verða nú þegar allt er hægt að afgreiða í tölvunni án þess að orð falli milli manna?

Tölvurnar létu störfin mikið á skattstofunni. Upp úr 1980 komu fyrstu vélarnar og nokkrum árum síðan var hver starfsmaður kominn með skjá þar sem unnt var að skoða framtöl og annað án þess að taka pappírsöggnin fram. Áður fyrir hjálpuðum við sumum bændum í Rangárvallasýslu með framtöl þeirra. Mér þótti gott að geta það. Þeir, blessaðir, komu til okkar á skattstofuna, bönkuðu mildilega á dyrnar og gengu boðnir inn með plastpoka fulla af reikningum og gögnum ýmiskonar. Í öðrum poka var kannski saltfiskur og brennivínsflaska, svona til að auka á vellíðan allra, ef þess yrði óskað, sem aldrei varð. Þjónustulund var mikil nauðsyn á þeim tíma og er enn auðvitað. Maður var að fjalla um viðkvæm mál og afar persónuleg, með hag hvers og eins í huga og auðvitað líka sjálfs ríkissjóðs.

Hvað með skattundandrátt? Var kannski ekki búið að finna slíkt upp í Rangárvallasýslu á þessum tíma?

Bændurnir blessaðir voru ekki að reyna að svíkja neitt. Þeir kannski reiknuðu eitthvað

rangt en það var ekki ásetningur og við leiðréttum það. En seinni árin var margt orðið öðruvísi hvað heiðarleika manna snerti. Menn voru orðnir djarfari í tilraunum til að blekkja skattayfirvöld. Bókhald einstaklinga var ekki lengur í rassvasanum heldur komið til endurskoðenda og sumum fannst gjarnan að endurskoðandinn bæri ábyrgð á framtalinu. Hve oft heyrði maður ekki sagt: „Ég veit ekkert um þetta, hann NN sér um þetta fyrir mig.“

Það var oft ærið að gera á skattstofu Suðurlandsumdæmis þegar vorið nálgaðist og búið að skoða hvert framtal, leggja saman alla dálka og gera klárt. Þá beið mín mikil vinna við að leiðrétta framtöl. Oft leist mér ekki á blikuna þegar sturtað var á borðið mitt úr fullum kassa af plögguum sem þurfti að leiðrétta. Þá missti maður tök á tímanum og var ekkert að hafa fyrir því að líta á klukkuna.

Nú hafa nýir skattar komið í stað annarra, ekki satt?

Þegar ég byrjaði var söluskatturinn nýkominn á en fyrir 20 árum tók virðisaukaskatturinn við og skömmu áður staðgreiðslan. Það var mikil breyting þegar þessi kerfi tóku við af þeim eldri og töluverð aðlögun varð að því. En allt gekk þetta vel og mjög ánægjuleg samskipti hafa öll þessi



Sigrún ung að árum.

ár verið við samstarfsfólkið hjá RSK. Þau leiðbeindu okkur og komu okkur í gegnum þessar miklu breytingar. Svo var það fastur liður í nokkur ár að fólk frá RSK kom á vorin til að hjálpa við álagninguna. Einn af þeim var t.d. hann Steinþór minn sem löngu seinna varð svo skattstjóri hér.



Síðasta starfsdag Sigrúnar var rautt þema henni til heiðurs. Inga Hanna Guðmundsdóttir, Guðmundur Tryggvason, Alexandra Lind Elínardóttir, Sigrún Anna Ólafsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Steinþór Haraldsson, Ásdís G. Jónsdóttir, Sigurbjörg Björgúlfsdóttir, Sigurlín Jónsdóttir, Oddrún M. Pálsdóttir, Magnea Bjarnadóttir, Guðrún Karlsdóttir, Elín Grétarsdóttir, Arna Ragnarsdóttir og Heiðrún Ólafsdóttir.



Skattstofan á Hellu er að Vegskálum 1.

Hvernig var svo að hætta störfum?

Skrítið vissulega, undarlegt tóm kom í tilveruna fyrst! Mér finnst núna að ég sé eiginlega komin í langt sumarfrí. Þetta verður að venjast og gerir án efa, eins og ég vandist þeim breytingum sem bætt tækni hafði á störfin á skattstofunni. Það má venjast öllum skrambanum, líka allskonar nýjungum í tækni og tólum og svo er það staðreynd að ég er komin í lokafrí. Það kemur til með að blasa við hverjum og einum og þá er ekkert við því að gera og mikilvægt að reyna að njóta þess.

Hvað hjálpar Sigrúnu helst að sættast við frið langa?

Ég er með glöðu geði að hugsa um liðnar stundir og get hugsað svo fallega til allra þeirra ágætu manna sem ég starfaði með. Við vorum fyrst aðeins tvö við Filippus, tvö í þrjá mánuði, en þá kom þriðji maðurinn til starfa, Jón Þorgilsson. Svo fluttum við í gamla kaupfélagshúsið niður við ána lygnu og þar vorum við til ársins 1975, með þetta líka fína útsýni yfir ána ef við höfðum tíma til að njóta þess. Það hvíldi, jú, huga ef við gátum litið upp og út um glugga. Og enn fluttum við um aldamótin, þegar byggt var nýtt sérhannað hús utan um starfseminu stutt frá þjóðveginum. Þá breyttist starfsaðstaðan mjög mikið til batnaðar og það er sérstaklega rúmgóð geymsla í kjallaranum.

Á þessum árum fjölgaði starfsmönnum hægt og þegar ég hætti vorum við þrettán.

Ég hef starfað með fjórum skattstjórum á þessum tæpu 48 árum. Filippus var skattstjóri í 6 ár en þá tók Hálfán Guðmundsson við sem skattstjóri árið 1968 og var til ársins 1984. Hálfán hóf þá

störf hjá ríkisskattstjóra. Lengst vann ég með Hreini Sveinssyni sem tók við stöðu skattstjóra af Hálfáni. Hreinn hafði verið skattstjóri á Ísafirði en færði sig á Suðurlandið. Hreinn var skattstjóri í 23 ár, til ársins 2007. Þá kom Steinþór Haraldsson til okkar frá ríkisskattstjóra en röskum tveimur árum síðar var embættinu breytt með því að sjálfstætt embætti skattstjóra var lagt niður og skattstofan varð hluti af ríkisskattstjóraembættinu.

Það er ýmislegt sem bíður mín við starfslokin. Ég hef í gegnum mína vinnu hjálpað ellilífeyrisþegum og öryrkjum með skattaframtölin og mun eflaust halda því áfram. Ég ætla meira að segja að halda fræðslufund fyrir eldri borgara í sambandi við framtöl. Ég hef ennþá næga orku og ætla að nýta heilsu mína til góðra verka.

Allt félagsstarf á vel við mig. Ég er formaður barnaverndarnefndar; það þótti víst gott að hafa ömmu í því, svo ég leiði þann hóp. Svo er ég formaður félagsmálanefndar. Mér finnst gott að hjálpa fólki, hefur eflaust eitthvað með æsku mína að gera. Það hefur áhrif á barnshjartað þegar allt í kringum mann er hjálpfúst og vinnjarnlegt fólk.

Eiginmaður Sigrúnar Ólafsdóttur er Sigurður Óskarsson, ættaður úr Fljótshlíð. Þau gengu í hjónaband árið 1961 og eignuðust þrjú börn, dreng og tvær stúlkur, sem án efa kunna á ritvél en það þykir ekki umtalsvert lengur, hvorki á Hellu eða annars staðar.

SMJ

Steinþór Haraldsson og Hreinn Sveinsson voru skattstjórar frá 1984 til 2009.



Atvinnuleysisbætur



Páll Kolbeins

Um miðjan tíunda áratuginn hófst upp-gangsskeið í íslensku efnahagslífi sem stóð nær óslitið fram til ársins 2008. Almenn hagsæld ríkti og lífskjör bötnuðu með hverju árinu sem leið. Á þessum árum var lánsfé til neyslu og fjárfestinga auðsótt, atvinna næg og laun hækkuðu þrátt fyrir að þúsundir útlendinga hópuðust til landsins til að njóta og taka þátt í góðærinu. Uppbyggingunni voru þannig engar skorður settar. Framteljendum á skattgrunnskrá fjölgaði um 12.567 á árinu 2006, eða um 5,2%, og 10.855 á árinu 2007 eða 4,3%. Þetta er gríðarlega hraður vöxtur, langt umfram náttúrlegan vöxt þjóðarinnar og að öllum líkindum meiri vöxtur en innviðir samfélagsins hefðu þolað til langs tíma lítið.

Alger umskipti urðu í íslensku efnahagslífi 2008. Bankarnir riðuðu til falls og ríkið greip inn í til að tryggja að í landinu yrði rekin greiðslumiðlun og að almenn-ingur hefði aðgang að lausafé. Í einu vetfangi gerbreyttust aðstæður fyrirtækjanna í landinu. Margir hafa misst vinnuna og laun annarra hafa lækkað. Afleiðinga þessara sviptinga fór að gæta strax í lok árs 2008 en segja má að þær hafi komið fram af fullum þunga árið 2009. Vinnumálastofnun greiddi 29.271 manni rúman 21,5 milljarð í atvinnuleysisbætur árið 2009. Sumir þeirra sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur árið 2009 dvöldust erlendis hluta úr ári og voru skattar þeirra því handreiknaðir af starfsmönnum skattstofa. Hér er um að ræða 1.633 manns. Þar sem skattstofnar þessara framteljenda eru ýmist ekki fyrirliggjandi eða ekki sambærilegir við skattstofna annarra framteljenda er þeim iðulega sleppt í staðtölum. Þessir framteljendur fengu rúman milljarð greiddan í atvinnuleysisbætur árið 2009. Þegar lítið er framhjá handreiknuðum voru atvinnuleysisbætur rúmum 16,8 milljörðum hærri en árið áður. Atvinnuleysisbætur voru rétt

um tveir milljarðar árin 2006 og 2007 en tæpir 3,7 milljarðar 2008. Um 11,7% þeirra sem töldu fram skattskyldar tekjur árið 2009 fengu greiddar atvinnuleysisbætur. Er það mun herra hlutfall en sést hefur síðan fyrst var farið að gera sérstaka grein fyrir atvinnuleysisbótum á skattskýrslu árið 1996. Árið 2007 fengu 1,9% þeirra sem voru með skattskyldar tekjur greiddar atvinnuleysisbætur.

”

Um 11,7% þeirra sem töldu fram skattskyldar tekjur árið 2009 fengu greiddar atvinnuleysisbætur og er það mun herra hlutfall en sést hefur síðan fyrst var farið að gera sérstaka grein fyrir atvinnuleysisbótum á skattskýrslu

Atvinnuleysi mest hjá láglæna- og millitekjufólki

Flestir þeirra sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur árið 2009 voru með minna en þrjár milljónir í laun, lífeyri og bætur árið 2008. Hér er um að ræða 14.453 þeirra 27.638 sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur árið 2009, eða 52,3%. Rúmlega þúsund manns voru ekki með neinar tekjur árið 2008. Um 12,6% þeirra sem voru með minna en þrjár milljónir í tekjur árið 2008 fengu greiddar atvinnuleysisbætur ári síðar. Þetta er lægra hlutfall heldur en hjá þeim sem voru með þrjár til sex milljónir í tekjur en 13,1% þeirra fengu greiddar atvinnuleysisbætur árið 2009. Athyglisvert er að af þeim 33.338 einstaklingum sem voru með tekjur á bilinu þrjár til fjórar milljónir á árinu 2008, fengu 15,5% þeirra atvinnuleysisbætur árið 2009, eða nánast 2 af hverjum 13.

Eftir því sem tekjur hækka leita færri á náðir Vinnumálastofnunar. Um 5,9% þeirra sem voru með meira en sex milljónir í tekjur árið 2008 fengu greiddar bætur árið 2009 eða 1.950 af 32.928. Hlutfallið er enn lægra hjá þeim sem voru með meira en tíu milljónir eða 4,4%; 358 af 8.144.

Hækkuðu á milli ára

Tekjur flestra þeirra sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur árið 2009 lækkuðu á milli ára. Þetta er auðvitað eðlilegt í ljósi þess að atvinnuleysisbætur eru iðulega lægri en atvinnutekjur. Það vekur hins vegar athygli að 12.624 eða 45,7% þeirra sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur árið 2009 voru með hærri tekjur árið sem þeir fengu bæturnar greiddar en árið áður. Þegar þeir sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur eru skoðaðir með hliðsjón af því hvort tekjur þeirra höfðu hækkað eða lækkað frá fyrra ári þá sést að flestir þeirra sem voru með minna en þrjár milljónir í tekjur árið 2008 voru með hærri tekjur ári síðar, eða árið sem þeir fengu greiddar atvinnuleysisbætur. Hér er um að ræða 8.441 þeirra 14.453 einstaklinga sem voru með minna en þrjár milljónir í tekjur árið 2008 og fengu greiddar atvinnuleysisbætur árið 2009. Tekjur flestra þeirra sem voru með þrjár til sex milljónir í tekjur árið 2008 og fengu greiddar atvinnuleysisbætur ári síðar voru hins vegar lægri árið sem bæturnar voru greiddar. Hér er um að ræða 7.323 af þeim 10.172 sem voru með tekjur á þessu bili árið 2008 og fengu greiddar atvinnuleysisbætur árið 2009 eða 72,3%.

Ef hópurinn sem var með sex til tíu milljónir í tekjur árið 2008 er skoðaður sést að af þeim 1.592 sem voru með tekjur á þessu bili og fengu greiddar atvinnuleysisbætur árið 2009 höfðu 1.345 lækkað í tekjum árið sem þeir fengu bæturnar greiddar eða 84,5%. Tekjur 247 höfðu hækkað. Tekjur 334 þeirra 358 sem voru með meira en tíu milljónir í tekjur árið 2008 höfðu lækkað frá árinu áður, eða 93,3%.

Hátekjufolk fær atvinnuleysisbætur

Eins og gefur að skilja þá má búast við því að árstekjur þeirra sem þurfa að leita á

náðir Vinnumálastofnunnar séu í flestum tilfellum fremur lágar. Þannig voru 17.769 þeirra 27.638 sem fengu greiddar bæt-
ur með minna en þrjár milljónir í tekjur árið sem þeir fengu bæturnar greiddar. Þetta eru 64,3% þeirra sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur árið 2009. Vinnumála-
stofnun greiddi þessu fólki 14,5 milljarða í bætur. Tekjur 7.525 höfðu hækkað á milli ára en 10.244 höfðu hins vegar lækkað. Atvinnuleysisbætur voru 43,7% tekna þessa fólks. Meðalbætur voru 815.743 kr.

Árið 2009 voru 8.535 manns greiddar atvinnuleysisbætur sem voru með þrjár til sex milljónir í tekjur en 30,9% þeirra sem fengu atvinnuleysisbætur voru með tekjur á þessu bili árið 2009. Þessir framteljendur fengu rúma 5,3 milljarða í atvinnuleysisbætur en bæturnar voru 15,5% tekna þeirra. Tekjur 4.150 höfðu hækkað á milli ára. Sumir þeirra sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur árið 2009 voru með fremur háar tekjur árið sem þeir fengu bæturnar greiddar. Hér er þó iðulega um undantekningartilvik að ræða. Atvinnuleysisbætur voru þó yfirleitt ekki stór hluti tekna þessa hóps. Í fyrra fengu 323 einstaklingar sem voru með meira en tíu milljónir í laun, hlunnindi, lífeyri og greiðslur aðrar en fjármagnstekjur, greiddar atvinnuleysisbætur frá Vinnumálastofnun. Þetta fólk fékk rúmar 237 milljónir greiddar í bætur en var með tæpa 7,4 milljarðar í tekjur. Atvinnuleysisbætur voru um 6,4% tekna þessa fólks. Í þessum hópi voru 290 með hærri tekjur árið sem þeir fengu bæturnar greiddar en árið áður. Fimm þeirra sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur árið 2009 voru með meira en 40 milljónir í

tekjur árið 2009. Þeir voru með tæpa 391 milljón í tekjur en þar af voru 4,7 milljónir atvinnuleysisbætur.

Hálaunamenn á bótum

Sumir sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur árið 2009 og voru með háar tekjur hafa drýgt tekjur sínar með því að taka út lífeyrissparnað. Þá eru ýmsar skattfrjálsar greiðslur s.s. dánarbætur eða miska- og skaðabætur oft stór hluti tekna þessa fólks. Þegar litið er framhjá öðrum tekjum en launum, hlunnindum, reiknuðu endurgjaldi og hagnaði af vinnu við eigin atvinnurekstur er þó samt sem áður nokkur hópur fólks sem fékk greiddar atvinnuleysisbætur árið 2009 þrátt fyrir að hafa fengið háar launagreiðslur það ár. Langflestir eða 22.514 þeirra 27.638 sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur, eða 81,5%, voru þó með minna en þrjár milljónir í launatekjur árið 2009. Þar af fengu 4.037 engin laun greidd. Þá voru 9.186, eða þriðjungur þeirra sem fengu bætur, með þrjár til sex milljónir í laun árið sem þeir fengu greiddar bætur og 457 fengu sex til tíu milljónir í laun. Athygli vekur að 65 manns voru með meira en tíu milljónir í launatekjur árið 2009 en fengu þó greiddar bætur frá Vinnumálastofnun árið 2009. Þetta fólk fékk 23 milljónir greiddar í bætur.

Flestir fá minna en milljón

Flestir þeirra sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur árið 2009 fengu fremur lítill greitt. Því má ætla að flestir hafi verið atvinnulausir hluta úr ári eða ekki átt rétt á hærri bótum. Þannig fengu 11.932 manns minna en 500 þúsund kr. greiddar í atvinnuleysisbætur árið 2009 en þetta

eru 43,2% þeirra sem fengu greiddar bætur. Atvinnuleysisbætur voru 7,7% tekna þessa fólks. Vinnumálastofnun greiddi 7.190 manns 500 þúsund til eina milljón í bætur sem þýðir að 69,2% þeirra sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur fengu minna en eina milljón greidda. Atvinnuleysisbætur voru 69,1% tekna þessa fólks. Þá fengu 8.277 eina til tvær milljónir greiddar í bætur. Þetta er rétt tæpur þriðjungur þeirra sem fengu atvinnuleysisbætur. Atvinnuleysisbætur voru rúmur helmingur tekna þessa fólks eða 54,8%. Loks fengu 239 menn og konur tvær til þrjár milljónir greiddar í atvinnuleysisbætur en þar af var einn sem fékk tvær og hálfa til þrjár milljónir greiddar. Atvinnuleysisbætur voru 69,1% tekna þessa fólks.

Erlendir ríkisborgarar


Á uppgangstímanum var mikla vinnu að hafa í atvinnugreinum sem síðan hefur þurft að segja upp fólki. Þar ber helst að telja byggingariðnað og ýmsar mannaflsfrekar iðngreinar. Margir erlendir ríkisborgarar misstu vinnuna árið 2009 sem sést af því að 3.568 erlendir ríkisborgarar fengu greiddar atvinnuleysisbætur það ár. Þetta eru 14,6% erlendra ríkisborgara á skattgrunnskrá. Um 10,8% Íslendinga á skattgrunnskrá fengu greiddar atvinnuleysisbætur árið 2009.

Við álagningu 2010 voru 24.362 erlendir ríkisborgarar skattskyldir hér á landi sem var um 9,3% framteljenda á skattgrunnskrá. Erlendir ríkisborgarar voru um 12,2% þeirra sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur en Vinnumálastofnun greiddi þessu fólki tæpa 3,6 milljarða árið 2009. Þegar menn bera saman hlutfall erlendra ríkisborgara við hlutfall þeirra Íslendinga sem hafa fengið greiddar bætur verður að hafa í huga að stór hópur Íslendinga er hvorki í vinnu né í atvinnuleit.

Ungt fólk á bótum

Margir þeirra sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur árið 2009 voru frekar ungir að árum, undir þrítugu. Þetta unga fólk var oft mjög tekjulágt árið sem það fékk greiddar atvinnuleysisbætur. Flestir þeirra sem fengu greiddar bætur og voru með minna en milljón í tekjur það ár, tilheyra þessum hópi. Hér er einnig um að ræða fjölmenna hópa bótaþega.

Fjöldi þeirra sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur 2009
ráðað eftir launum



Framtalsskil lögaðila



Karl Óskar
Magnússon

Fram til ársins 1997 voru framtalsskil lögaðila (félaga) með þeim hætti að skil að var inn ársreikningi félagsins og jafnframt einföldu eyðublaði á einni síðu sem dró saman helstu stærðir úr ársreikningi. Á eyðublaðinu voru jafnframt gerðar skattalegar leiðréttingar ef um þær var að ræða og niðurstaðan varð tekjuskatts- og eignarskattstofn sem skráður var í tölvukerfi skattfyrvalda og lagt á. Framsetning þessara skila gat verið með ýmsum hætti og oft vantaði upp á samræmi t.d. milli félaga í sömu atvinnugrein. Engar samræmdar upplýsingar úr rekstrar- og efnahagsreikningum félaganna voru til staðar á aðgengilegu formi. Til að reyna að samræma og auka við þær upplýsingar sem félög skiluðu á skattframtali sínu var strax árið 1993 farið að huga að því hjá RSK að útbúa samræmt, staðlað skattframtal rekstraraðila. Hugmyndin var jafnframt að slíkar samræmdar upplýsingar mætti nota til skatteftirlits, þar sem t.d. væri hægt að nýta tölvutæknina til að bera saman einstaka rekstraraðila innan sömu atvinnugreinar og finna framtöl sem ástæða væri til að skoða nánar. Tilraunaútgáfa af slíku skattframtali kom árið 1997 en það ár voru skil á því formi valkvæð.

Árið 1998 var í fyrsta skipti gert að skyldu að skila inn nýju, stöðluðu skatt-

framtali lögaðila á eyðublaðinu RSK 1.04. Um var að ræða ítarlegt, samræmt framtalsform, sem tók mið af uppsetningu rekstrar- og efnahagsreiknings í bókhaldi. Þetta nýja staðlaða eyðublað var sex blaðsíður en fyrra skattframtal lögaðila var á einni blaðsíðu. Upphaflega var hugmyndin að með þessu nýja framtalsformi þyrfti ekki að skila ársreikningi en frá því var horfið og var lögaðilum gert skylt að skila ársreikningi með skattframtali sínu. Við innleiðingu þessa nýja framtals var á fyrsta ári hægt að sækja sérstaklega um

”

*Undanfarin ár hafa
rafræn skil á skattframtali
lögaðila verið á bilinu
95%-98% innkominna
framtala, þannig að
pappírsskilin eru orðin
nánast hverfandi*

að skila því með takmarkaðri útfyllingu ef um var að ræða flókinn, umfangsmikinn og sérhæfðan rekstur (t.d. bankar, tryggingafélög o.þ.h.).

Við upptöku þessa nýja lögaðilaframtals urðu framtalsskilin nokkru flóknari en áður hafði verið og jafnframt tók tíma fyrir framteljendur að setja sig inn í hið nýja framtal og venjast notkun þess. Af

þessum sökum var árið 1998 ákveðið að lengja framtalsfrestinn og fresta álagningu lögaðila til loka október, en fram að þeim tíma hafði lögaðilaálagningin fylgt álagningu einstaklinga í lok júlí. Síðan þá hefur þessum sama tíma verið haldið vegna lögaðilaálagningar (í lok október) og hefur því meginþorri lögaðilaframtala verið að berast til skattfyrvalda mánuðina ágúst til október.

Samhliða upptöku þessa nýja framtalsforms var árið 1998 boðið upp á sérstakt framtalsforrit sem gerði framteljendum kleift að skila framtalinu á rafrænu formi en fram til þess tíma hafði eingöngu verið hægt að skila inn framtali á pappír. Inn í forritið var byggð villuþrófun, sjálfvirk samlagning samtölureita o.fl. sem stuðlaði að réttari framtalsskilum þeirra sem notuðu forritið í stað þess að skila á pappír. Hægt var að skila framtalinu á disklingi eða með tölvupósti til skattfyrvalda. Rafræn framtalsskil lögaðila með forritinu náðu strax miklum vinsældum enda sýndi það sig fljótt að mun auðveldara var að fylla út hið flókna nýja framtalsform í forritinu heldur en að gera það á pappírformi. Undanfarin ár hafa rafræn skil á skattframtali lögaðila verið á bilinu 95%-98% innkominna framtala þannig að pappírsskilin eru orðin nánast hverfandi.

Árið 2004 var í fyrsta skipti boðið upp á framtalsskil lögaðila í gegnum netframtal á heimasíðu ríkisskattstjóra, rsk.is. Þá hætti RSK jafnframt að gefa út sérstakt framtalsforrit árlega vegna lögaðilaframtalsins. Undanfarin ár hefur fyrirtækið DK-hugbúnaður ehf. selt framtalsforrit sem hægt er að nota til framtalsgerðar og rafrænna skila á skattframtali með XML-skeytasendingu. Fagframteljendur (endurskoðendur og bókarar) hafa mikið notað þetta forrit við skil á skattframtölum lögaðila. Talsverður meirihluti rafrænna lögaðilaframtala berst því inn í gegnum framtalsforrit DK. Undanfarin ár hafa þó skil á lögaðilaframtölum í gegnum netframtal RSK aukist og stefna nú í 25% af rafrænum skilum. Frá árinu 2004 hafa þau fáu skattframtöl sem enn berast á pappír verið skráð á skattstofum inn í sérstaka útgáfu af netframtalinu þannig að öll innkomin framtöl eru nú aðgengileg á tölvutæku formi.

	Grunnskrá	Lagt á skv. framtali	Hlutf. af gr.skrá	Áætlun	Hlutf. af gr.skrá
2000	15.689	11.352	72,4%	4.337	27,6%
2001	17.134	12.393	72,3%	4.741	27,7%
2002	18.717	13.370	71,4%	5.347	28,6%
2003	21.405	15.012	70,1%	6.393	29,9%
2004	23.441	16.390	69,9%	7.051	30,1%
2005	25.543	17.178	67,3%	8.365	32,7%
2006	27.447	18.429	67,1%	9.018	32,9%
2007	29.478	20.099	68,2%	9.379	31,8%
2008	32.576	22.166	68,0%	10.410	32,0%
2009	33.866	22.334	65,9%	11.532	34,1%

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir framtalsskil lögaðila frá árinu 2004. Þetta er staðan eins og hún var þann 1. september sl. Miðað er við stöðu innkominna framtala þann 15. október ár hvert en þá lýkur vinnslu lögaðilaframtala til álagningar.


Lögaðilum á skattgrunnskrá hefur fjölgað gríðarlega mikið undanfarin ár. Þannig voru árið 1998 um 13.000 framtalsskyldir lögaðilar í landinu, árið 2004 voru þeir orðnir 23.440 og árið 2010 eru skráðir um 35.600 framtalsskyldir lögaðilar. Á sama tíma hefur einstaklingum í rekstri fækkað talsvert þar sem þeir hafa margir flutt rekstur sinn yfir í einkahlutafélag. Þrátt fyrir þessa miklu fjölgun hafa framtalsskil lögaðila verið nokkuð stöðug sem hlutfall af framtalsskyldum lögaðilum. Þannig hafa undanfarin ár verið komin inn framtöl frá u.þ.b. 2/3 hluta skattskyldra lögaðila við lok álagningarvinnslu skattfyrivalda (u.þ.b. 67%-69% framtala). Þannig er að jafnaði áætlað á um 1/3 lögaðila við álagninguna í lok október. Eftir álagningu halda síðan lögaðilaframtöl áfram að streyma inn og eru þá afgreidd sem kærur og erindi. Að lokum sitja þó eftir ca. 13%-17% framtalsskyldra lögaðila sem aldrei skila framtali vegna viðkomandi árs. Líklega eru langflest þeirra lítill einkahlutafélög með hverfandi litla starfsemi („dauð“ félög). Flest „alvöru“ félög (með einhvern rekstur) eru væntanlega með endurskoðanda/bókara sem sér um framtalsskilin fyrir viðkomandi.

Í meðfylgjandi töflu má sjá þróun í fjölda skattskyldra lögaðila á grunnskrá og fjölda áætlana ár hvert frá árinu 2000. Áætlanir hafa aukist aðeins eftir því sem framteljendum á skrá hefur fjölgað, en undanfarin ár hefur um þriðjungur framteljenda fengið áætlun.


Ljóst er að það er með öllu óásættanlegt að þurfa að jafnaði að áætla á 1/3 hluta framtalsskyldra lögaðila. Ýmsar hugmyndir hafa reyndar verið viðraðar til þess að bæta úr framtalsskilunum, t.d. með auknum auglýsingum um að alltaf beri að skila inn framtali (jafnvel þó engin velta sé í

félagi), reyna að henda dauðum félögum út af grunnskrá, leggja á einhvers konar sektir við því að skila framtali of seint eða gera forráðamenn félags með einhverjum hætti ábyrgari fyrir því að framtali félags sé skilað. Enn sem komið er hafa þó slíkar hugmyndir ekki náð fram að ganga.

Fjöldi skattskyldra lögaðila á grunnskrá



Hlutfall áætlaðra lögaðila við álagningu



	Grunnskrá	Innkomið 15.10	Hlutfall af gr.skrá	Áætlanir	Hlutfall af gr.skrá	Eftir 15.10	Hlutfall af gr.skrá	Samtals komið	Hlutfall af gr.skrá	Skilar ekki framtali	Hlutfall af gr.skrá
2004	23.441	15.990	68,2%	7.051	30,1%	3.514	15,0%	19.504	83,2%	3.937	16,8%
2005	25.543	17.189	67,3%	8.365	32,7%	4.585	18,0%	21.774	85,2%	3.769	14,8%
2006	27.447	18.916	68,9%	9.018	32,9%	5.075	18,5%	23.991	87,4%	3.456	12,6%
2007	29.478	20.528	69,6%	9.379	31,8%	5.275	17,9%	25.803	87,5%	3.675	12,5%
2008	32.576	22.614	69,4%	10.410	32,0%	4.926	15,1%	27.540	84,5%	5.036	15,5%
2009	33.866	22.785	67,3%	11.532	34,1%	4.205	12,4%	26.990	79,7%	6.876	20,3%

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir framtalsskil lögaðila frá árinu 2004. Þetta er staðan eins og hún var þann 1. september sl. Miðað er við stöðu innkominna framtala þann 15. október ár hvert en þá lýkur vinnslu lögaðilaframtala til álagningar.

Starfsmannafundir með fjarfundabúnaði

Ferða- og upphaldskostnaður lækkar - fleiri eiga oftast kost á fræðslu og þátttöku í fundum - fólk laust við óþægindi af ferðalögum - mikill tímasparnaður í vinnu - aukinn frítími

Fjarkennsla, fjarnám og fjarfundir, sem gjarnan nefnast einu nafni fjarfundir, hafa verið í mikilli þróun á undanförunum árum og bæði tölvu- og fjarskiptatækni tekið miklum framförum. Þar sem starfsstöðvar ríkisskattstjóra eru dreifðar um landið ætti þetta form upplýsingamiðlunar að henta vel en hér á landi búum við víðast hvar vel hvað varðar tölvusamband. Ferða- og upphaldskostnaður lækkar og fleiri eiga oftast kost á fræðslu og að hafa með sér samráð. Mikill vinnutími sparast og skerðing á frítíma starfsmanna vegna ferðalaga minnkar.



Gunnar Karlsson

Fjarfundir geta verið með ýmsum hætti. Eitt formið er að þátttakendur koma sér fyrir í sérútbúnum kennslustofum vítt og breitt um landið og fylgjast með og taka beinan þátt í fundinum eftir atvikum. Einnig er unnt að stunda fjarnám eða taka þátt í fundi með aðstoð tölvu á þeim tíma og stað sem það hentar starfsmanninum. Þegar um kennslu er að ræða þá er oft notast við sérstakan kennsluvef við framsetningu námsefnisins og notaðar t.d. talsettar glærur, fyrirlestrar sem teknir hafa verið upp í mynd o.fl. Sem dæmi um þannig kennsluumhverfi má nefna WebCT en sá hugbúnaður tengir saman og heldur utan um helstu þætti fjarkennslunnar.

Val á formi fjarfundar ræðst af til efni, fjölda þátttakenda og staðsetningu þeirra sem taka þátt í fundinum. Sem dæmi nefni ég hér nokkur form fjarfunda sem að ég þekki af eigin reynslu en sú upptalning er ekki tæmandi.

Tölva fyrirlesara send út. Skjárin er sendur út og á fjarfundunum getur birst mynd bæði af tölvu og fyrirlesara. Hentar t.d. mjög vel ef kennt er á ný forrit eða farið yfir efni sem best er að sýna beint úr tölvu.

Fjarfundur þar sem allir eru í mynd (gagnvirk mynd- og hljóðsamskipti). Fjarfundarnir eru allir í mynd hjá öllum, allan tímann. Hentar vel fyrir minni fundi þar sem allir vilja sjá alla.

Fyrirlestur í fjarfundi. Fyrirlesarinn er allan tímann í mynd á öllum fjarendunum

en sjálfur sér hann hvern fjarendanna ákveðinn tíma í senn. Þetta form hentar ágætlega fyrir hefðbundna fyrirlestra.

Raddstýrður fjarfundur. Mynd af þeim sem hefur orðið kemur upp á öllum fjarendum. Hentar ágætlega fyrir fundi og kennslu þar sem gert er ráð fyrir nokkrum eða miklum samskiptum þátttakenda.

Einnig má nefna form eins og spjallþræði og spjall í rauntíma sem getur hentað ágætlega í vel afmarkaðri umræðu.

Eftir sameiningu skattstofanna og gamla RSK í eina miðlæga stofnun með dreifða starfsemi, embætti ríkisskattstjóra, hefur skilningur á gildi fjarfunda og áhugi á að nýta þá í þágu starfsmanna aukist verulega. Þörfin fyrir samráðsfundi og tíðni þeirra hefur aukist, ekki síst meðan gagnger endurskipulagning á sér stað í hinni nýju stofnun. Starfsemin er dreifð og stjórn verkefna gengur þvert á starfsstöðvar. Þörfin á tíðum og greiðum samskiptum fólks innan sama sviðs, þvert á





starfsstöðvarnar og milli sviða, í formi funda vegna samráðs og/eða upplýsinga-
gjafar mun áfram vera mikil.

Haldnir voru stórir starfsmannafundir 12. febrúar og 5. maí sl. og stór fundur með tekjuskattsdeildum 10. mars. Fundirnir voru haldnir á Grand Hótel Reykjavík og voru starfsmenn af Laugavegi, Tryggvagötu, Suðurgötu, Hellu og Akranesi á staðnum, en starfsmenn á Akureyri, Egilsstöðum, Vestmannaeyjum, Ísafirði og Siglufirði tóku þátt í fundunum í gegnum fjarfundabúnað. Reynslan af þessum fundum var mjög góð og starfsmenn almennt á einu máli um að efni fundanna hefði skilað sér fullkomlega. Í öllum tilvikum var um mikinn sparnað að ræða samborið við það að kosta alla til Reykjavíkur, að ógleymdum miklum tímasparnaði, og jafnframt fékk fólk að dvelja í sínu umhverfi, laust við óþægindi af ferðalögum. Sé tekjuskattsfundurinn tekinn sem dæmi þá gátu miklu fleiri setið hann en ella og fengið þannig beint upplýsingar sem áttu erindi til allra starfsmanna sem unnu að yfirferð fyrir álagningu einstaklinga. Á Akureyri gátu t.d. 12 í stað tveggja til þriggja notið fundarins sem hefði verið raunin hefði fundurinn einungis verið í Reykjavík. Þessir kostir fjarfunda nýtast sömuleiðis við sí- og endurmenntun. Fleiri geta oftari notið fræðslu eða fengið miðlað upplýsingum.

Sem mótrök gegn kostum fjarfunda er oftast nefnt að þátttakendur myndi ekki eins persónuleg tengsl við fyrirles-



Myndirnar eru frá starfsmannafundinum 5. maí sl. og teknar á Grand Hótel í Reykjavík og í húsnæði Háskólans á Akureyri.

ara og samstarfsmenn eins og á staðar-/nærfundum eða í staðar-/nærkennslu. Eins geta tæknileg atriði verið til trafala en ættu ekki að gera það ef tæki og töl eru í góðu ásigkomulagi, þekking á notkun búnaðarins til staðar og netsambandið í lagi. Þetta eru atriði sem eiga fyrst og fremst við þegar aðstaða er leigð frá þriðja aðila vegna fjölmennustu fundanna. Þá er nauðsynlegt að tengiliðir séu á hverjum stað og geti gripið inn í ef eitthvað fer úrskeiðis.

Í öllum tilfellum sparast ferða- og uppihaldskostnaður, fleiri eiga oftari kost á fræðslu og þátttöku í fundum og fólk losnar við óþægindin af ferðalögum, ekki síst á veturna þegar veður eru válynd. Mikill tími sparast jafnframt sérstaklega á þeim stöðum þar sem samgöngur eru


erfiðastar og þá ekki aðeins tími til vinnu heldur einnig dýrmætur frítími starfsmanna en þar með hefur starfið minni áhrif á einkalíf þeirra. Þá má nefna að aukin notkun síma- og fjarfunda flokkast undir vistvænar aðgerðir og er einnig jákvæð hvað varðar heilsu og líðan starfsmanna í þeim tilvikum þar sem tíðni vegna fundasetu væri ella mikil.

Rétt er að ítreka að fjarfundir eiga ekki að koma alfarið í stað staðarfunda heldur aðeins að hluta til og sem nauðsynleg viðbót eins og rakið hefur verið. Á móti kemur kostnaður við fjarfundina, búnað o.fl. en þegar á allt er litið eru kostir þess að nýta fjarfundi ótvíræðir.

Niðurstöður álagningar 2010

Upplýsingar úr skattframtölum bera órækan vitnisburð um þau umskipti sem urðu haustið 2008.

Framteljendum á skattgrunnskrá hefur fækkað, launatekjur lækkað en atvinnuleysisbætur og greiðslur úr séreignarlífeyrissjóðum hafa hins vegar hækkað mikið. Þrátt fyrir að launatekjur hafi lækkað um 5,8% á milli ára hækkaði tekjuskattstofn um 1,5%. Fjármagnstekjur af arði, vöxtum og söluhagnaði lækkuðu hins vegar um 28,4%. Skatthlutföll hafa verið hækkuð en álagðir tekjuskattar sem renna til ríkis voru um 8,9 milljörðum lægri en við álagningu í fyrra sem skýrist fyrst og fremst af hærri persónuafslætti og minni fjármagnstekjum.



Páll Kolbeins

Síðastliðinn áratug fjölgaði framteljendum á skattgrunnskrá mjög ört. Nú, þ.e. við álagningu 2010, voru 261.436 framteljendur á skrá eða rúmum fimmtungi fleiri en fyrir tíu árum. Það teljast því nokkur tíðindi að nú fækkaði framteljendum á skattgrunnskrá um 6.058 eða 2,3% á milli árána 2008 og 2009, en það er í fyrsta skipti sem fækkar á skattgrunnskrá á milli ára. Þessi lækking skýrist aðallega af því að rúmlega átta þúsund útlendingar hafa horfið aftur til síns heima eftir að atvinnuástandið hér á landi versnaði. Nú voru hins vegar 1.976 fleiri íslenskir ríkisborgarar á skattgrunnskrá. Skattar þeirra sem koma hingað til landsins til stuttrar dvalar eru iðulega handreiknaðir af starfsmönnum skattstofa. Skattstofnar þessara framteljenda eru ýmist ekki fyrirbyggjandi eða ekki sambærilegir við skattstofna annarra framteljenda og er þeim því iðulega sleppt í staðtölum. Nú voru skattar 17.914 gjaldenda handreiknaðir sem er 5.483 færri en í fyrra.

Samsetning tekna breytist

Tekjur landsmanna hafa aukist mikið á undanförunum árum. Fjármagnstekjur hafa aukist meira en aðrar tekjur og er vægi þeirra því meira. Landsmenn töldu nú fram tæpa 955,6 milljarða í skattskyldar tekjur en þar af voru fjármagnstekjur tæpir 139,3 milljarðar eða 14,6%. Nokkuð hefur dregið úr vægi fjármagnstekna því árið 2007 voru fjármagnstekjur um fjórðungur skattskyldra tekna. Tekjuskattstofn var nú um 11,9 milljörðum hærri en í fyrra en á móti lækkuðu fjármagnstekjur um tæpa 55,2 milljarða eða 28,4%. Skattskyldar tekjur lækkuðu því um 4,3% á milli ára. Hér er því um töluverð umskipti að ræða frá því sem verið hefur.

Samsetning annarra tekna hefur einnig breyst nokkuð á milli ára. Vægi launa hefur minnkað en á móti hafa bætur og lífeyrisgreiðslur hækkað. Starfstengdar greiðslur, þ.e. launatekjur, endurgjald fyrir vinnu, laun, hlunnindi, reiknað endurgjald og hagnaður einstaklinga sem reka fyrirtæki í eigin nafni hafa hækkað mikið á undanförunum árum. Nú bregður svo við að þessar greiðslur lækka um rúma 39,8 milljarða, eða 5,8% á milli ára. Launatekjur voru 650,6 milljarðar samanborið við rúma 690,4 milljarða í fyrra. Þegar litið er framhjá tekjum sem menn hafa af eignum eða fjármagnstekjum þá voru starfstengdar greiðslur nú

um 73,4% tekna en á undanförunum árum hafa slíkar greiðslur verið um 80% tekna. Á móti lægri launum vega hins vegar ýmsar bætur, s.s. atvinnuleysisbætur sem og greiðslur úr lífeyrissjóðum sem hækkuðu nú mikið. Á meðan launa- og fjármagnstekjur lækkuðu um hátt í hundrað milljarða hækkuðu atvinnuleysisbætur og greiðslur úr lífeyrissjóðum um hátt í 40 milljarða. Skattskyldar tekjur landsmanna lækkuðu því um tæpa 43,3 milljarða. Þetta eru mikil tíðindi því tekjur landsmanna hafa ekki lækkað að nafnvirði í háa herrans tíð.

Atvinnuleysisbætur með eindæmum

Sem fyrr segir hækkuðu atvinnuleysisbætur verulega milli ára. Árið 2009 greiddi Vinnumálastofnun 29.271 manns 21,5 milljarða í atvinnuleysisbætur sem er 17,6 milljörðum meira en árið áður en þá fengu 11.088 manns greiddar bætur. Atvinnuleysi var nær óþekkt hér á landi framan af tíunda áratuginum en á þeim tíma streymdu þúsundir útlendinga til landsins til að vinna. Frá árinu 2007 hafa atvinnuleysisbætur hins vegar hækkað mikið. Vinnumálastofnun greiddi 1,7 milljarða í atvinnuleysisbætur árið 2007 en þá fengu 4.729 manns bætur. Á þessu tímabili hefur fjárhæð atvinnuleysisbóta því hækkað um 1094% og fjöldi þeirra

sem fengu atvinnuleysisbætur aukist um 518%. Um 11,7% þeirra framteljenda sem töldu fram útsvarsskyldar tekjur höfðu fengið greiddar atvinnuleysisbætur árið 2009. Hér hafa því orðið mjög hröð umskipti til hins verra.

Séreignarsparnaðurinn tekinn út


Landsmenn tóku út tæpa 91,8 milljarða úr lífeyrissjóðum árið 2009. Þeir sem orðnir voru 60 ára tóku út tæpa 15 milljarða úr séreignarlífeyrissjóðum í formi almennra útborgana. Ekkert þak var á útborgunum nú og hafa margir því tekið talsverðar fjárhæðir úr séreignarlífeyrissjóðum. Frá upphafi árs 2009 var þeim sem ekki voru orðnir 60 ára leyft að taka út eina milljón úr séreignarlífeyrissjóði, eða 111 þús. á mánuði. Hér er um að ræða tímabundna ráðstöfun sem var ætlað að gera fólki kleift að bregðast við breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Alls nýttu 39.184 sér þessa heimild og tóku þeir samanlagt út 21 milljarð af séreignarsparnaði sínum. Hér er ekki um eiginlegar tekjur að ræða heldur úttekt lífeyrissparnaðar sem var undanþegin skatti þegar greitt var í lífeyrissjóð.

Tekjur hækka

Þegar litið er framhjá fjármagnstekjum hækkuðu tekjur almennt í þjóðfélaginu á milli árunna 2008 og 2009. Tekjur landsmanna voru tæpum 15,5 milljörðum hærri nú en fyrir ári; hækkuðu úr tæpum 870,9 milljörðum í rúma 886,3 milljarða. Hins vegar voru framteljendur 575 færri við álagningu í ár en í fyrra. Flestir þeirra sem féllu af skrá nú voru með tekjur undir meðallagi en meðaltekjur árið 2008 voru um 3.568 þús. kr. Eins og gefur að skilja má búast við því að meðaltekjur hækki þegar þeim fækkar sem telja fram lágar tekjur, en meðaltekjur hækkuðu um rúmar 72 þús. kr. á milli ára og voru tæpar 3.640 þús. kr. árið 2009.


Tekjudreifingin í þjóðfélaginu hefur breyst nokkuð á milli ára. Nú voru fleiri með meira en fimm milljónir í tekjur á ári, 54.990 saman borið við 51.622 í fyrra. Hins vegar fækkaði þeim um 3.943 sem voru undir þessum fimm milljón króna mörkum. Þá vekur athygli að mun fleiri töldu fram tvær til þrjár milljónir í tekjur í ár en í fyrra eða 48.688 manns saman borið við 47.053 í fyrra. Margir hafa misst vinnuna eða horfið frá landinu sem hefur leitt til þess að framteljendum á ákveðnu tekjubili hefur fækkað. Þegar litið er framhjá fjármagnstekjum sem eru taldar fram sameiginlega af hjónum, þá töldu 6.621 færri einstaklingar fram eina til tvær milljónir í tekjur á framtali nú en í fyrra.

Fjöldi framteljenda á hverju tekjubili 2008 og 2009
raðað eftir tekjum alls




Framteljendum hefur fækkað á milli árunna 2008 og 2009. Mest fækkaði þeim sem voru með eina til tvær milljónir í tekjur. Flestir eru með eina til fimm milljónir í launatekjur.

Sundurliðun tekna einstaklinga 2008
raðað eftir tekjum alls




Sundurliðun tekna einstaklinga 2009
raðað eftir tekjum alls



Nokkur breyting hefur orðið á tekjusetningu einstaklinga. Laun og launatengdar greiðslur hafa lækkað en í staðinn hafa atvinnuleysisbætur og greiðslur úr lífeyrissjóðum hækkað. Þetta á sérstaklega við um þá sem voru með eina til fjórar milljónir í tekjur.


Tekjuskattar %

Meðaltækjuskattur einstaklinga 2008 og 2009




Þegar aðeins er litið til tekjuskatts og útsvars hefur skattbyrði breyst nokkuð á milli ára. Skattbyrði einhleypinga sem voru með meira en 4,5 milljónir í tekjur jókst á milli ára. Þegar tekið er tillit til þess að persónuafsláttur er millifæranlegur á milli hjóna greiða þeir sem voru með meira en sjö milljónir að jafnaði hærri skatt en við álagningu 2009.

Tekjuskattstofn og skattar eftir tíundum 2008



Tekjuskattstofn og skattar eftir tíundum 2009



Hlutfurð tekjuhæstu tíu prósentanna í skattskyldum tekjum landsmanna hefur dregist saman en hlutfurð þeirra í tekjuskatti hefur hins vegar aukist. Tekjuhæstu 40% framteljenda voru með 69,8% útsvarsskyldra tekna en greiða nú 83,8% tekjuskatts og útsvars.

Tekjumunur minnkar

Nokkur breyting hefur orðið á tekju-dreifingu milli ára. Helmingur framteljenda var nú með meira en 2.877 þús. krónur í tekjur en árið 2008 var miðgildi tekna 2.800 þús. kr. Þá veku nokkra athygli að efri fjórðungsmörk hafa hækkað um 142 þús. krónur en fjórðungur framteljenda á grunnskrá var með meira en 4.756 þús. kr. í tekjur árið 2009, skv. framtölum ársins 2010. Tíu prósent framteljenda voru með meira en 7.052 þús. kr. í tekjur en árið 2008 lágu þessi mörk við 6.842 þús. kr. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú að 2.627 fleiri voru nú með fimm til tíu milljónir í tekjur en árið 2008, en 45.844 manns voru með tekjur á þessu bili. Þá voru 215 fleiri með 10 til 25 milljónir í tekjur. Árið 2009 voru 8.620 manns með tekjur á þessu bili. Hins vegar hefur þeim sem voru með mjög háar tekjur fækkað. Árið 2009 voru færri með meira en 25 milljónir í tekjur en árið 2008, þ.e. 526 saman borið við 603.

Lífeyrissparnaður hefur vegið þyngst í tekjum þeirra sem hafa verið með tvær til fjórar milljónir í tekjur. Nú varð nokkur breyting á. Greiðslur úr lífeyrissjóðum voru um 8,3% af tekjum þeirra sem töldu fram meira en fimm milljónir í tekjur árið 2009, samanborið við 3,4% árið áður. Þeir sem voru með meira en 25 milljónir í tekjur tóku út 1,7 milljarða úr séreignarsjóðum árið 2009. Lífeyrissparnaður var um 10,4% tekna þessa fólks.

Tryggingabætur og greiðslur úr lífeyrissjóðum vega einna þyngst í tekjum þeirra sem voru með minna en þrjár milljónir í tekjur. Launatekjur voru um helmingur tekna þessa hóps árið 2009 sem er ívið minna en árið 2008. Hlutfall launatekna í tekjum hópsins sem var með tvær til fjórar milljónir í tekjur var um tíu prósentum lægra skv. framtölum 2010 en árið áður.

Launagreiðslur lækka

Undanfarin ár hafa laun landsmanna hækkað ár frá ári en nú varð breyting á. Færri fengu greidd laun fyrir vinnu og heildarlaunagreiðslur lækkuðu. Við álagningu nú, 2010, töldu 4.162 færri fram greiðslur eða endurgjald fyrir vinnu en í fyrra, 184.518 samanborið við 188.680 árið áður. Nú töldu um átta þúsund fleiri fram minna en eina milljón í launatekjur en 94.675 framteljendur voru með tekjur undir þessum mörkum. Þar af voru 59.004 ekki með neinar launatekjur árið 2009 samanborið við 55.417 árið 2008. Á hinn bóginn fækkaði þeim sem voru með meira en eina milljón í

launatekjur en 148.847 manns voru yfir þessum mörkum árið 2008, skv. skattframtölum ársins 2009, 8.548 færri en árið áður. Mest fækkaði í hópnum sem var með eina til fimm milljónir í laun og hlunnindi en 121.804 töldu fram launatekjur á þessu bili sem er 5.985 færri en árið áður. Árið 2009 voru 41.527 með meira en fimm milljónir í laun og aðrar starfstengdar greiðslur, 2.563 færri en 2008. Þar af voru 6.249 með meira en tíu milljónir sem er 205 færri en 2008. Þá voru 242 framteljendur með meira en 25 milljónir í laun árið 2009 en árið 2008 voru 380 yfir þessum mörkum.

Þar sem fleiri telja nú fram minna en eina milljón í tekjur á sama tíma, og færri eru með launatekjur yfir einni milljón og færri fá greidd mjög há laun, hafa meðallaunatekjur lækkað og launamunur minnkað. Meðallaunatekjur þeirra sem á annað borð töldu fram laun og starfstengdar greiðslur voru 3.526 þús. kr. árið 2009 samanborið við 3.659 þús. kr. árið 2008 og hafa þær því lækkað um 133 þús. kr. á milli ára. Helmingur landsmanna taldi fram minna en 2.987 þús. kr. í laun, en miðgildismörk voru nú 102.863 kr. lægri en árið 2008. Fjórðungur þeirra sem töldu fram laun voru með meira en 4.771 þús. kr. í laun á ári en fjórðungsmörk lækkuðu um 78.016 kr. Tíu prósent þeirra sem töldu fram launatekjur voru með meira en 6.930 þús. kr. í laun samanborið við 7.003 þús. kr. árið áður, og loks var eitt prósent framteljenda með meira en 14.495 þús. kr. í laun á ári. Þessi mörk voru við 15.019 þús. kr. árið 2008 og hafa þannig lækkað um 523.563 kr. milli ára. Rétt er að taka fram að hér er aðeins verið að fjalla um þá sem töldu fram einhverjar launatekjur hvort ár um sig en vel getur verið að fjöldi einstaklinga sem er á vinnumarkaði hafi verið atvinnulaus og því ekki þegið nein laun fyrir vinnu árið 2009. Það má því telja líklegt að launabreytingin sé enn meiri ef menn skoða eingöngu þá sem voru með einhverjar launatekjur hvort ár um sig.

Hálaunamönnum fækkar

Eins og gefur að skilja hefur orðið nokkur breyting á launum margra framteljenda. Margir sem voru skattskyldir árið 2009 hafa fallið frá eða horfið frá landinu og eru því ekki skattskyldir hér lengur og aðrir hafa bæst í hóp skattskyldra hér, náð aldri eða flutt til landsins. Ef skoðað er hvernig launatekjur þeirra 231.451 framteljenda sem voru á skattgrunnskrá við álagningu bæði árin 2009 og 2010 hafa

breyst sést að 48.708 þessara framteljenda voru ekki með neinar launatekjur árið 2008 og þar af voru 42.558 enn án launatekna ári síðar. Hér er að öllum líkindum fyrst og fremst um ungmenni, námsmenn, öryrkja og aldraða að ræða sem eru ekki á vinnumarkaði og hafa því engar tekjur af vinnu. Þá er einnig hópur einstaklinga sem skilar ekki framtali en tekjur þessarar framteljenda eru áætlaðar af skattstjórum. Af þeim 182.743 sem voru með launatekjur árið 2008 höfðu 86.311 eða 47,2% hækkað í launum en 94.277 höfðu lækkað eða 51,6%.

Flestir þeirra sem voru með háar launatekjur árið 2008 lækkuðu í launum á milli ára. Árið 2008 voru 43.036 fram-

”

Tryggingabætur og greiðslur úr lífeyrissjóðum vega einna þyngst í tekjum þeirra sem voru með minna en þrjár milljónir í tekjur

teljendur með meira en fimm milljónir í starfstengdar greiðslur. Ári síðar fengu 24.792, eða 57,6% þessara framteljenda, minna greitt fyrir vinnu. Þá voru 6.289 framteljendur með meira en tíu milljónir í starfstengdar greiðslur en 3.925 þessara framteljenda höfðu lækkað í launum ári síðar eða 62,4%. Þá er athyglisvert að 296 þeirra 369 sem voru með meira en 25 milljónir í launatekjur árið 2008 höfðu lækkað ári síðar eða 80,2%. Þó svo að kaupréttarsamningar hafi oft ranglega verið færðir á skattframtal sem aðrar tekjur, með björgunarlaunum, framfærslulífeyri og styrkjum stéttarfélaga og því ekki taldir með hér sem launatekjur, bendir allt til þess að hálaunamönnum hafi fækkað nokkuð á milli árunna 2008 og 2009.

Hálaunamenn lækka í launum

Sem fyrr segir var 231.451 einstaklingur á skattgrunnskrá við álagningu árin 2009 og 2010. Af þessum framteljendum töldu 182.743 fram launatekjur árið 2009 en aðeins 169.818 bæði árin 2008 og 2009. Hins vegar töldu 175.968 þessara 231.451

framteljenda fram laun árið 2010. Skýringin er sú að 6.150 þeirra framteljenda sem töldu fram launatekjur árið 2009 voru ekki með neinar launatekjur árið 2008. Af þeim 43.036 framteljendum sem voru með meira en fimm milljónir í launatekjur árið 2008 voru 34.826 enn yfir þessum tekjumörkum ári síðar. Þar af voru 5.933 með meira en tíu milljónir í launatekjur og 226 með meira en 25 milljónir. Flestir þeirra sem voru með meira en tíu milljónir í launatekjur árið 2008 voru enn með svo háar tekjur ári síðar. Við álagningu 2009 voru 6.289 framteljendur yfir þessum tíu milljón króna mörkum en ári síðar voru 4.563 þessarar framteljenda enn með meira en tíu milljónir í launatekjur. Hins vegar voru flestir þeirra 369 framteljenda sem voru með meira en 25 milljónir í tekjur árið 2008 komnir niður fyrir þessi mörk ári síðar. Aðeins 133 voru enn yfir mörkunum. Árið 2009 voru 306 með meira en 10 milljónir í launatekjur og þar af voru 246 með meira en 15 milljónir í tekjur.

Tekjuskattar lækka

Tekjuskattar hafa hækkað mikið á undanförunum árum samfara hröðum vexti skattstofna. Nú var hins vegar minna lagt á landsmenn í tekjuskatt en í fyrra. Sem fyrr segir hækkaði tekjuskattsstofn um 1,5% þrátt fyrir að launagreiðslur í þjóðfélaginu hafi dregist nokkuð saman. Tekjuskatts- og útsvarsstofn var nú 11,9 milljörðum hærri en fyrir ári, eða samtals 816,3 milljarðar. Ríkið lagði 198,6 milljarða á landsmenn í tekjuskatt og útsvar en þar af var tekjuskattur tæpir 87,9 milljarðar og útsvar 110,2 milljarðar. Hér eru skattar handreiknaðra taldir með. Álagður tekjuskattur lækkaði nú um 2,5 milljarða en þegar tillit er tekið til kostnaðar ríkisins af skattaafslætti þeirra sem nýta skattaafslátt ekki að fullu til greiðslu tekjuskatts, þá lækka tekjur ríkisins af tekjuskatti um 4,9 milljarða eða um 5,3% á milli ára. Útsvarið var tæpum 1,5 milljörðum hærri en í fyrra og hefur því hækkað í takt við stofninn.

Færri greiða tekjuskatt

Samspil skatthlutfalls, skattleysismarka og tekjudreifingar hefur áhrif á það hvað ríkið hefur miklar tekjur af tekjuskatti. Tekjur ríkisins af tekjuskatti lækkuðu nú fyrst og fremst vegna þess að persónuafsláttur var hækkaður á milli ára. Skatthlutföll voru hins vegar almennt hækkuð. Almennur tekjuskattur var hækkaður úr 22,75% í 24,1%. Á miðju ári 2009 var tekinn upp 8% hátekjuskattur sem var

lagður á tekjur sem voru hærri en 700 þús. á mánuði. Persónuafsláttur var hins vegar hækkaður mjög ríflega, eða um 24%, úr 408.409 kr. í 506.466 kr. Skattleysismörk hækkuðu því úr 1.143.362 kr. í 1.361.468 kr. eða um rúm 19%. Þessar breytingar, og þá sérstaklega hærri skattleysismörk, hafa leitt til þess að færri greiða nú tekjuskatt en fyrir ári. Tekjuskattur var nú lagður á 158.603 gjaldendur eða 63,4% þeirra sem voru með útsvarsskyldar tekjur. Í fyrra var lagður tekjuskattur á 179.521 gjaldanda sem var þá tæp 69,8% framteljenda með útsvarsskyldar tekjur.

Skattbyrðin breytist

Eins og gefur að skilja hafa breytingarnar sem gerðar voru á skattkerfinu haft áhrif á skattbyrði einstakra gjaldenda og tekjuhópa. Skattkerfið virkar þannig að hærri skattur er að jafnaði greiddur af hærri tekjum. Þegar tekjur aukast hækkaar meðalskattbyrði einstaklingsins. Þetta leiðir til þess að þeir sem hafa hæstu tekjurnar greiða hlutfallslega meira af tekjum sínum í tekjuskatta en þeir sem eru með litlar tekjur.

Þegar litið er framhjá áhrifum barna- og vaxtabóta þá hefur skattbyrðin þyngst á einhleypingum sem voru með meira en tæpar 4.580 þús. í tekjuskattstofn en lækkað hjá þeim sem voru undir þessum mörkum. Bróðurpartur tekjuskattstofnsins liggur undir þessum mörkum sem þýðir að breytingar á skattbyrði þessa hóps koma mörgum til góða en hefur jafnframt mikil áhrif á tekjur ríkisins af tekjuskatti. Þá hafa breytingar á tekjuskattstofninum, og þá sérstaklega það að hátekjumönnum hefur fækkað og tekjur þeirra hafa minnkað, leitt til þess að fleiri greiddu lægri skatta og því hafa tekjur ríkisins af tekjuskatti minnkað. Þeir sem voru með minna en fimm milljónir í tekjuskattstofn greiddu nú 9,4 milljörðum minna í tekjuskatt og útsvar en í fyrra á meðan þeir sem voru með meira en fimm milljónir í tekjuskattstofn greiddu 8,6 milljörðum meira. Hins vegar greiddu framteljendur sem voru með meira en 25 milljónir í tekjur nú tæpum 1,5 milljörðum minna í tekjuskatt þrátt fyrir að þeir hafi greitt að jafnaði 38% af tekjum í tekjuskatt saman borið við 34,4% árið áður. Færri eru nú yfir þessum mörkum og tekjur þeirra hafa minnkað.

Í þessu sambandi er athyglisvert að skoða hvernig skatturinn sem lagður er á hefur breyst. Á einfaldan hátt má sjá hvaða áhrif breytingar á meðalskatti hvers tekjuhóps hefur á álagðan tekju-

skatt. Um leið hversu miklu skatturinn hefði skilað ef engar breytingar hefðu verið gerðar á persónuafslætti og skatthlutföllum, þ.e. ef meðalskattur á hverju tekjubili hefði verið óbreyttur frá því við álagningu í fyrra. Þegar tekið er tillit til persónuafsláttar sem er fluttur á milli hjóna greiddu þeir sem voru með sex til sjö milljónir í tekjuskattstofn að jafnaði 28,9% skatt af tekjum ársins 2008 og 2009. Þeir sem voru undir þessum mörkum greiddu almennt minna í tekjuskatta við álagningu árið 2010 en árið áður. Ef þessir framteljendur hefðu greitt sama hlutfall af tekjum að jafnaði og árið áður þá hefðu þeir greitt 8,7 milljörðum meira í tekjuskatta en lagt var á þá við álagningu nú. Þeir sem voru með meira en sjö milljónir í tekjur greiddu hins vegar 2,8 milljörðum meira í tekjuskatta við álagningu nú en þeir hefðu gert ef

”

Þegar litið er framhjá áhrifum barna- og vaxtabóta þá hefur skattbyrðin þyngst á einhleypingum sem voru með meira en tæpar 4.580 þús. í tekjuskattstofn

engar breytingar hefðu verið gerðar á álagningarforsendum. Þannig má með nokkurri einföldun ætla að tekjuskattar hefðu verið hátt í sex milljörðum hærri ef engar breytingar hefðu verið gerðar á skattkerfinu.

Tekjuhæstu greiða meira

Breytingarnar á skattkerfinu hafa leitt til þess að skattbyrði tekjuhópanna hefur breyst og þar af leiðandi hlutdeild hvers tekjuhóps í heildartekjur landsmanna. Nú öfluðu þau tíu prósent framteljenda sem voru með hæstu tekjurnar, hér er enn litið fram hjá fjármagnstekjum, um 28,9% tekjuskatts skyldra tekna. Hér er um að ræða 24.353 einstaklinga en um 39,2% tekjuskatts og útsvars voru lögð á þennan hóp framteljenda. Hluttur tekjuhæstu tíu prósentanna í tekjum hefur minnkað en hluttur þeirra í sköttum hefur

aukist, sem táknar að tekjumunur í þjóðfélaginu hefur minnkað og að skattar á háar tekjur hafa hækkað eða lágar tekjur lækkað; skattkúrfan er orðin brattari. Þau tíu prósent framteljenda sem voru með hæstu tekjur í fyrra öfluðu 29,2% útsvarsskyldra tekna í landinu en greiddu 37,5% þeirra tekjuskatta sem lagðir voru á landsmenn. Hlutdeild næsta tíundahóps þar fyrir neðan jókst hins vegar úr 16,5% af heildartekjuskattstofni í 16,8%. Hlutdeild þeirra í tekjusköttum jókst úr 19,1% í 19,8% af heildartekjuskatti. Næsti tíundarhópur, en 70% framteljenda eru með lægri tekjur en þessi hópur, voru með 13,3% tekna og greiddu 14,3% tekjuskatta en í fyrra greiddi þessi hópur um 14,1% tekjuskatta. Skattbyrði þessa hóps er því nær óbreytt sem eitt og sér þýðir að meðaltekjur hópsins liggja nærri 4,5 milljónum.

Skattbyrði tekjulægstu 30% framteljenda hefur hins vegar lækkað nokkuð. Þau tíu prósent sem voru með hærri tekjur en 20% framteljenda og lægri tekjur en 70% framteljenda voru með óbreytta hlutdeild í tekjuskattstofni, eða 4,7%, en hluttur þeirra í heildarskattbyrði lækkaði úr 1,7% í 1%. Tekjulægsti fimmtungur framteljenda var með 3,9% tekna árið 2008 en ári síðar var hann með 3,5% tekjuskattstofns. Í fyrra var 0,1% tekjuskatta borinn af þessum hópi framteljenda en nú greiddu þeir enga skatta. Í þessu ljósi er athyglisvert að tekjuhæstu 40% framteljenda greiddu um 84% af almennum tekjuskatti og útsvari við álagningu 2010.

Tekjur hjóna lækka

Skattbyrði þeirra tekjulægstu hefur lækkað á meðan skattbyrði þeirra tekjuhæstu hefur aukist. Ef skoðað er hvernig skattbyrði hjóna og samskattaðra hefur breyst á milli ára sést að heildartekjur hjóna hafa lækkað. Hér eru fjármagnstekjur hjóna taldar með í heildartekjum. Í fyrra voru 15% hjóna með meira en 14.405 þúsund í heildartekjur. Nú höfðu þessi tekjumörk fallið niður um tæpar 190 þúsund krónur. Munurinn er meiri hjá þeim 5% framteljenda sem voru með hæstu tekjurnar en tekjumörk þessa hóps hafa lækkað um 1.891 þúsund, úr 22.351 þúsund í 20.460 þúsund. Hér er um að ræða 3.117 hjón og 3.116 hjón hvort árið. Þessi hópur 5% tekjuhæstu hjóna var með 142,2 milljarða í tekjur árið 2008, sem var þá 21,3% tekna hjóna, samanborið við 115,8 milljarða árið 2009 eða 18,1% heildartekna hjóna. Helmingur hjóna var með meira en 8.593 þús. í tekjur skv. skattfram-


tölum ársins 2010 en þessi mörk voru tæpum 124 þúsundum hærri í ár en árið áður. Skýringin á þessari hækkan er sem fyrr segir sú að margir hafa tekið út séreignarsparnað og drýgt tekjur sínar þannig.

Meira lagt á þá efnameiri


Þrátt fyrir að tekjumörk og tekjur tekjuhópanna sem liggja á milli tekjulægstu 30% hjóna og 15% tekjuhæstu hjóna hafi almennt hækkað, þ.e. fleiri eru með hærri tekjur, þá lækkaði skattbyrði tekjulægstu 65% hjóna og sambúðarfólks. Skattar hinna hækkuðu hins vegar nokkuð og sérstaklega tekjuhæstu fimm prósent hjóna. Þegar allir skattar og gjöld sem einstaklingum er gert að greiða eru reiknaðir sem hlutfall af heildartekjum og að viðbættum bótum þá var meðalskattur hjóna nú 20,7% samanborið við 19,7% í fyrra. Þau 5% hjóna sem voru með lægstu heildartekjurnar árið 2008 greiddu enga skatta af tekjum við álagningu 2009. Þau fengu hins vegar 2,6% uppbót á tekjur í formi barna- og vaxtabóta. Nú var neikvæð skattbyrði þessara tekjulægstu 5% hjóna sem voru með minna en 3.672 þús. kr. í tekjur um 4,9%. Meðalskattbyrði hópsins sem var með 3.672 til 4.378 þús. kr. í tekjur, en næsttekjulægstu 5% hjóna voru með tekjur á þessu bili árið 2009, var 7,8% í fyrra samanborið við 5,3% nú. Skattbyrði þessa hóps hefur lækkað um 2,5 prósentustig. Skattbyrði þeirra sem voru með meira en 10.323 þús. í tekjur árið 2009, en 35% hjóna voru með tekjur yfir þessum mörkum, þyngdist nokkuð. Breytingin er meiri eftir því sem tekjurnar hækka. Þau fimm prósent hjóna sem voru með hæstu tekjurnar greiddu 23,4% skatt af tekjum ársins 2009. Tekjuhæstu fimm prósent hjóna greiddu 17,9% skatt af tekjum ársins 2008. Skattbyrði þessa hóps hefur þannig þyngst um 5,5 prósentustig eða 30,7%.

Hjón með tiltölulega háar tekjur greiða þannig mun stærri hlut tekna sinna í skatt nú en fyrir ári. Tekjuskattar voru hækkaðir á móti hærri persónuafslætti, en persónuafsláttur vegur ekki upp á móti nema litlum hluta skatta sem lagðir eru á háar tekjur. Hins vegar hafa fjármagnstekjur minnkað mikið á undanförunum tveimur árum. Fjármagnstekjur voru um 47% tekna tekjuhæstu fimm prósent hjóna árið 2009 samanborið við 56,7% árið áður. Þá var fjármagnstekjuskattur hækkaður mjög ríflega á miðju ári 2009, eða um 50%, á fjármagnstekjur

Heildartekjur hjóna og samskattaðs sambúðarfólks 2009 og 2008




Meðalskattbyrði hjóna og samskattaðs sambúðarfólks á hverju fimm prósent hlutfallsbili 2008 og 2009




Skattbyrði 65% hjóna og samskattaðs sambúðarfólks lækkaði á milli árunna 2008 og 2009. Minni fjármagnstekjur, hækkan skatthlutfalls og auðlegðarskattur leiddu til þess að skattbyrði tekjuhæstu fimm prósent hjóna og sambúðarfólks jókst úr 17,9% í 23,4% eða um rúman þriðjung.

Skattar og bætur hjóna og samskattaðs sambúðarfólks 2008 og 2009 raðað eftir tekjuskattsstofni




Eignir og skuldir einstaklinga raðað eftir eignum í árslok 2009




Þeir framteljendur sem eiga mestar eignir skulda tiltölulega minnst og eiga því mestar hreinar eignir. Skuldir eru 86,2% eigna þeirra sem eiga 10 til 20 milljónir. Þeir sem eiga meira en 100 milljónir skulda hins vegar 16,6% af eignum.

Eignir landsmanna raðað eftir eignum í árslok 2009



Langstærstur hluti eigna almennings er bundinn í fasteignum. Fasteignir eru um 80% eigna þeirra sem eiga minna en fimmtíu milljónir. Þegar eignir aukast minnkar vægi fasteigna. Fasteignir voru 31% eigna þeirra sem áttu meira en 100 milljónir.

Fjármagnstekjur einstaklinga 2009



Þeir sem eiga mestar eignir hafa mestar tekjur af eignum. Fjármagnstekjur drógu saman um 55,2 milljarða á milli ára. Nú töldu 3.632 fjölskyldur fram meira en 100 milljónir í eignir. Þessar fjölskyldur töldu fram bróðurpart fjármagnstekna, 36,8% vaxta af innstæðum, 71,9% vaxta af verðbréfum, 60,4% arðs af hlutabréfum og 80,9% hagnaðar af sölu hlutabréfa.

hjóna umfram 500 þús. Loks leggst hinn nýi auðlegðarskattur fyrst og fremst á tekjuhæstu hjónin en 2.172 milljónir voru lagðar á þau fimm prósent hjóna sem voru með hæstu tekjurnar árið 2009.

Tekjuhæstu fimm prósentin greiddu 1.619 milljónum meira í skatt í ár en árið áður. Tekjuhæstu 60% fjölskyldna greiddu hins vegar 2.349 milljónum minna. Tekjuhæstu 40% hjóna og sambúðarfólks, en hér er um að ræða hjón sem voru með meira en 9.709 þúsund í tekjur, greiddu hins vegar 3.738 milljónum meira. Skattbyrðin hefur þannig aukist hjá hátekjufólki en minnkað hjá lágtekjufólki.

Skuldir aukast meira en eignir

Skuldir landsmanna jukust nú meira en eignir annað árið í röð. Á meðan matsverð eigna hækkaði um fjögur prósent hækkuðu skuldir um 12,4%. Eignir landsmanna hækkuðu nú að verðmæti um rúma 147,4 milljarða á meðan skuldir jukust um 209,3 milljarða. Skuldir jukust þannig um 61,9 milljarða umfram eignir. Það er ekki aðeins að skuldir hækki nú meira en eignir heldur er einnig athyglisvert að sá einstaki eignaliður sem hækkaði mest á milli ára er áætlanir ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóri áætlaði landsmönnum 72,3 milljarða í eignir en alls óvíst er um hversu raunhæft þetta mat er. Eignir landsmanna voru metnar á 3.804,2 milljarða og skuldinar á 1.892,5 milljarða í árslok 2009.

Í þessu sambandi er athyglisvert að 1.448 fleiri töldu nú fram meira en 50 milljónir í eignir en á framtali 2009 og þar af áttu 520 fleiri meira en 100 milljónir, 3.632 samanborið við 3.112 árið áður. Þá fækkaði þeim um 9.730 sem áttu engar framtalsskyldar eignir, en 7.922 fleiri áttu einhverjar eignir sem voru þó metnar á minna en 10 milljónir. Helsta skýringin á þessari miklu fækkun er líklega sú að margir útlendingar fluttu frá landinu árið 2009 og svo hitt að skattstjórar áætluðu nú eignir þeirra sem ekki skiluðu framtali vegna svokallaðs auðlegðarskatts sem nú var lagður á eignir landsmanna.

Þegar fjallað er um tekjur, eignir, skuldir og skatta er rétt að hafa í huga að hér eru allar fjárhæðir tilgreindar eins og þær koma fyrir á skattframtölum og álagningarseðlum á hverjum tíma. Eignir landsmanna hækkuðu þannig um fjögur prósent frá árslokum 2008 til ársloka 2009. Verðlag hækkaði hins vegar um 7,5% á sama tímabili. Þetta þýðir að hver króna var í reynd aðeins 93 aura virði í árslok 2009 miðað við verðgildi hennar einu ári fyrr og að

raunvirði eigna landsmanna rýrnaði því um 118,3 milljarða milli ára miðað við verðgildi krónunnar í árslok árið 2008.

Skiptir í tvö horn

Það virðist sem skipti nokkuð í tvö horn hvað varðar eignir og skuldir landsmanna. Annars vegar er stór hópur fólks sem á til-
tölulega lítið og skuldar mikið og svo er tiltölulega lítill hópur sem á miklar eignir og skuldar lítið. Þá ber ekki á öðru en að eignafólki hafi yfirleitt tekist að ávaxta fé sitt nokkuð vel en almennt lítur út fyrir að fleiri eigi nú meira þrátt fyrir erfitt árferði.

Eignir þeirra sem áttu meira en 50 milljónir jukust um 145,2 milljarða á sama tíma og eignir þeirra sem áttu minna en 50 milljónir jukust um rúma 2,2 milljarða. Nú voru 7.729 fleiri undir þessum eignamörkum en fyrir ári en 1.448 fleiri voru yfir mörkunum. Hér er lítið framhjá þeim sem telja ekki fram neinar eignir. Þeim fjölgaði mest sem áttu minna en tíu milljónir eða um 7.922.

Nú áttu 520 fleiri fjölskyldur eignir sem metnar voru á meira en 100 milljónir. Þessir 3.632 framteljendur áttu samanlagt 751,5 milljarða. Fyrir ári töldu 3.112 framteljendur sem áttu meira en 100 milljónir fram tæpa 674,3 milljarða í eignir. Eignir þessa hóps hafa því aukist um 77,2 milljarða, eða 11,5% á sama tíma og 16,7% fleiri skipa þennan hóp. Öðru máli gegnir um skuldirnar en skuldir þeirra sem áttu minna en 50 milljónir jukust um 154,8 milljarða, eða 152,8 milljörðum meira en eignirnar. Skuldir hinna sem áttu meira en 50 milljónir jukust um tæpa 54,4 milljarða. Framteljendur sem áttu meira en 50 milljónir í desember 2009 áttu þannig tæpum 145,2 milljörðum meira en framteljendur sem áttu meira en 50 milljónir í desember 2008. Þá áttu þeir sem áttu meira en 100 milljónir í desember 2009 77,2 milljörðum meira en sami eignahópur ári fyrir.

Hér þarf að fara varlega við að túlka upplýsingarnar því hér er ekki alltaf um sama hóp framteljenda að ræða hvort árið um sig. Framteljendur eru flokkaðir eftir eignum en þegar eignir aukast færast framteljendurnir upp um eignaflokk. Þetta gefur hins vegar vísbendingu um þróun eigna og skulda í þjóðfélaginu.

Verðbréfaeign eykst mikið

Af einstökum eignaliðum, öðrum en áætlunum, jókst verðbréfaeign mest eða um 59,2 milljarða sem er 28,1% hækkun frá því í fyrra. Þær fjölskyldur sem áttu meira en 100 milljónir í eignir áttu 199 milljarða

af þeim 269,9 milljörðum sem landsmenn áttu í verðbréfum en þetta eru um 73,7% verðbréfaeignar landsmanna. Verðbréfaeign þeirra sem skipa þennan hóp jókst um 44,3 milljarða á milli ára.

Árið 2009 voru innstæður forskráðar á framtöl landsmanna en við það hækk-
uðu innstæður á framtölum gríðarlega. Þetta gerðist á þeim tíma sem talsverðar sviptingar voru í íslensku þjóð- og efnahagslífi og því er erfitt að leggja mat á að hversu miklu leyti innstæður voru vant-
taldar fram að þeim tíma. Landsmenn töldu fram 265,3 milljarða í innstæður árið 2008 en ári síðar, þegar innstæður voru for-
skráðar af ríkisskattstjóra, voru innstæður einstaklinga í bönkum 635 milljarðar. Það lítur út fyrir að um 100 þúsund fjölskyldur hafi ekki hirt um að telja fram bankainn-

”

*Skuldir landsmanna
jukust nú meira en eignir
annað árið í röð.*

*Á meðan matsverð eigna
hækkaði um fjögur prósent
hækkuðu skuldir
um 12,4%*

stæður á framtali fram að þeim tíma.

Nú lækkuðu innlendar innstæður nokkuð eða um tæpa 18,9 milljarða. Erlendar innstæður hækkuðu hins vegar um 1,7 milljarða en landsmenn áttu 11,7 milljarða á erlendum innlánsreikningum í árslok 2009. Það er ekki ólíklegt að fé hafi nú verið flutt af ríkistryggðum innlánsreikningum í verðbréfasjóði eða ríkisskuldabréf. Þeir sem áttu eignir sem metnar voru á meira en 100 milljónir áttu um þriðjung innstæða í bönkum í árslok 2009. Innstæður þessara 3.632 framteljenda lækkuðu um 19,1 milljarð. Innstæður þeirra sem áttu 50 til 100 milljónir hækkuðu hins vegar um rúman 2,1 milljarð og innstæður þeirra sem áttu á bilinu 10 til 50 milljónir lækkuðu um 2,5 milljarða. Þeim sem áttu minna en tíu milljónir fjölgaði um 7.922 en innstæður þessa hóps voru tæpum 2,3 milljörðum hærri í árslok 2009 en árið áður.

Matsverð fasteigna

Matsverð fasteigna hækkaði um 55,7 milljarða eða 2,3% á milli ára. Fasteignir eru

langstærsti eignaliðurinn en fasteignir í eigu landsmanna voru metnar á 2.491,9 milljarða í árslok 2009. Þegar á heildina er lítið eru um 65% eigna landsmanna bundnar í fasteignum en fasteignir eru mun stærri hluti eigna vel flestra heimila. Þannig voru fasteignir um 78,2% eigna þeirra 57.227 fjölskyldna sem áttu eignir sem metnar voru á 20 til 50 milljónir. Þó að matsverð fasteigna hafi almennt hækkað lækkaði matsverð eigna þeirra sem áttu minna en 50 milljónir í árslok 2009 um 24,8 milljarða saman borið við þá sem áttu minna en 50 milljónir árið áður. Hins vegar vógu fasteignir þyngra í eignasafni þeirra sem áttu meira en 50 milljónir árið 2009 en ári fyrir. Matsverð fasteigna í eigu þessa hóps hækkaði um rúma 80,5 milljarða milli ára. Hér er spurning hvort að færri eignir hafi verið metnar á minna en 50 milljónir í árslok 2009 en árið 2008 sem gæti skýrt af hverju framteljendum sem eiga eina til 10 til 50 milljónir fækkar um 193. Þeir sem áttu meira en 100 milljónir áttu hins vegar 36,1 milljarði meira í fasteignum en árið áður.

Hlutabréfaeign rýrnar

Hlutabréfaeign landsmanna rýrnaði nú um 13,7 milljarða á milli ára. Landsmenn áttu 80,8 milljarða að nafnverði í hlutabréfum í árslok 2009. Hlutabréf eru talin fram á nafnvirði og gefa því sjaldnast rétta mynd af verðmæti eða markaðsverði eignarhlutarins í félögunum sem um ræðir. Hlutabréf voru um eitt prósent eigna þeirra sem eiga eignir metnar á 30 til 40 milljónir. Vægi hlutabréfi í eignasafni fólks eykst svo jafnt og þétt eftir því sem eignirnar aukast en hlutabréf voru 5,4% eigna þeirra sem eiga meira en 100 milljónir. Þessi hópur á 40,8 milljarða að nafnverði sem er rétt um helmingur hlutabréfa landsmanna. Færri telja nú fram hlutabréf en í fyrra en nú töldu 50.644 fjölskyldur fram eignarhlut í félögunum, 1.078 færri en fyrir árið 2008.

Skuldir aukast

Skuldir landsmanna hækkuðu nú um 209,3 milljarða á milli ára eða um 12,4%. Fjölskyldurnar í landinu skulda nú tæpa 1.892,5 milljarða. Skuldir vegna íbúðar-
kaupa hækkuðu um tæpa 92,8 milljarða en aðrar skuldir hækkuðu um 116,6 milljarða eða 18,7%. Þeir sem eiga minna en 50 milljónir skulda hlutfallslega mun meira en þeir sem eiga yfir 50 milljónir. Efnaminni hópurinn skuldaði 1.436,6 milljarða í árslok 2009 en þar af voru 935,8 milljarðar vegna kaupa á íbúðarhúsnæði.

Þessi hópur skuldaði 154,8 milljörðum meira en sambærilegur hópur árið áður. Eignirnar voru hins vegar um 2,2 milljörðum meiri. Þeir sem áttu meira en hundrað milljónir skulduðu rúma 125 milljarða eða 6,6% skulda einstaklinga.

Fleiri skulda mikið

Nú voru fleiri skuldum vafnir en í fyrra. Árið 2008 skulduðu 4.212 fjölskyldur meira en 50 milljónir en nú skulduðu

skyldur munu samanlagt þurfa að punga út 1,1 milljarði í skatt af eignum. Níu fjölskyldur munu þurfa að greiða meira en 20 milljónir í auðlegðarskatt.

Eignatekjur minnka

Tekjur af eignum hækkuðu gríðarlega síðasta áratuginn en nú lækkuðu fjármagnstekjur um 28,4% eða um tæpa 55,2 milljarða. Fjármagnstekjur voru 244,2 milljarðar skv. framtölum ársins 2008



5.473 fjölskyldur svo mikið. Þessar fjölskyldur skulduðu 457,7 milljarða sem er nú tæpur fjórðungur skulda einstaklinga eða 24,2%. Á móti þessum skuldum stóðu eignir sem metnar voru á 392,8 milljarða. Af þessum hópi skulduðu 832 fjölskyldur meira en 100 milljónir en samanlagðar skuldir þeirra voru 154 milljarðar. Eignir á móti skuldum voru 125,9 milljarðar. Árið 2008 skulduðu 14 fjölskyldur meira en einn milljarð og voru samanlagðar skuldir þessarar fjölskyldna tæpir 21,7 milljarðar. Nú skulduðu 12 fjölskyldur meira en einn milljarð og voru samanlagðar skuldir þeirra tæpir 18,3 milljarðar. Einhverjir hafa flutt úr landi en aðrir hafa gert upp skuldir sínar að fullu eða að hluta.

Auðlegðarskattur

Svokallaður auðlegðarskattur var nú lagður á eignir landsmanna í fyrsta sinn. Auðlegðarskattur er 1,25% eignarskattur sem lagður var á þá einhleypinga sem áttu meira en 90 milljónir og hjón sem áttu meira en 120 milljónir í skuldlausar eignir. Nú voru lagðir tæpir 3,8 milljarðar á þennan hóp eignafólks sem telur 3.817 manns. Hér er um að ræða rúmlega tvö þúsund fjölskyldur en tæplega helmingur þeirra mun greiða minna en 500 þús. kr. í skatt af eignum sínum. Þar af greiða 497 fjölskyldur minna en 200 þús. Einar 422 fjölskyldur munu greiða 500 þús. til milljón. Hins vegar voru meira en tíu milljónir lagðar á eignir 56 fjölskyldna. Þessar fjöl-

samanbórið við tæpa 140 milljarða nú. Undanfarnir ár hafa söluhagnaður og arðgreiðslur hækkað mest fjármagnstekna. Þegar markaðsverð verðbréfa hækkaði myndaðist hagnaður þegar bréfin voru seld eða innleyst. Söluhagnaður hefur hækkað mikið síðustu ár en þegar fjármálakerfið hrundi töpuðust hins vegar veruleg verðmæti sem landsmenn áttu í hlutabréfum og öðrum verðbréfum. Eignir féllu í verði og fáir högnuðust af sölu verðbréfa eða annarra eigna. Söluhagnaður, sem var 151,3 milljarðar skv. framtölum ársins 2009, var nú rúmir 13,2 milljarðar og hefur ekki verið svona lítill síðan við álagningu 2001.

Arðgreiðslur sem hafa farið vaxandi á undanförunum árum lækkuðu einnig mikið. Landsmenn fengu 41,2 milljarða greidda í arð árið 2009 eða um 11,2 milljörðum minna en árið áður. Arður hefur þannig dregist saman um 21,4%. Það vekur athygli að mun færri fengu greiddan arð árið 2009 en árið áður. Aðeins 5.725 fjölskyldur töldu fram arð á framtali 2010 samanbórið við 37.317 fjölskyldur árið á undan. Þetta segir sína sögu um ástand á fjármálamarkaði en stór almenningshlutfélög fóru í þrot árið 2008.

Þá vekur það athygli að vaxtatekjur af innlendum og erlendum verðbréfum lækkuðu um hartnær 70% eða tæpa 23 milljarða. Hér gætir áhrifa af falli banka- en þeir töpuðu miklum fjármunum sem landsmenn höfðu lagt í ýmis konar

verðbréfasjóði sem voru í þeirra vörslu. Vaxtatekjur af verðbréfum eru vextir, verðbætur, gengisbreytingar og affallatekjur og því gætir hér áhrifa breyttra markaðsaðstæðna, gengis og verðlags. Vaxtatekjur af verðbréfum hækkuðu mjög mikið árið 2008 eða um tæp 69%. Það væri áhuga-vert að fá að vita hversu mikið af þessu var hagnaður af sölu verðbréfa eða gengismunur í verðbréfasjóðum sem urðu að engu þegar bankakerfið hrundi. Vaxtatekjur eru nú lægri en þær voru fyrir þessar sviptingar eða rétt um tíu milljarðar.

Í fyrra voru innstæður áritaðar á skattframtöl landsmanna í fyrsta sinn en við það að skattayfirvöld fengu upplýsingar um bankainnstæður og vexti afhentar frá bönkunum nær þrefölduðust framtaldir vextir af innstæðum. Vaxtatekjur af innstæðum í bönkum voru nú 7,4 milljörðum lægri en árið áður en ástæðan er sennilega sú að vextir og verðbætur voru lægri árið 2009 en árið 2008. Eins og gefur að skilja hafa þeir sem eiga eignir tekjur af eignum. Þau tvö prósent fjölskyldna sem áttu eignir sem metnar voru á meira en hundrað milljónir voru með 36,9% vaxtatekna af innstæðum, 71,9% vaxtatekna af verðbréfum og 60,4% þess arðs sem var greiddur af hlutabréfum var greiddur þessum framteljendum. Þá kom 80,9% hagnaðar af sölu hlutabréfa í hlut þessa hóps.

Fjármagnstekjuskattur lækkar

Fjármagnstekjuskattur lækkaði nú um rúma fjóra milljarða frá því við álagningu í fyrra eða um 20,4%. Skatturinn lækkaði minna en fjármagnstekjurnar sem dröguðust saman um 55,2 milljarða eða 28,4%. Allt frá árinu 1998 hefur verið lagður 10% skattur á allar fjármagnstekjur en nú varð breyting á. Fjármagnstekjuskattur var hækkaður töluvert við álagningu nú eða um 50%, úr 10% í 15% af hærri tekjum en 250 þús. sem aflað var seinni part ársins 2009. Þeir sem voru með minna en 250 þús. í fjármagnstekjur sluppu þannig við skattahækkunina og greiddu áfram 10% af fjármagnstekjum nú sem fyrr.

Breytinga að vænta

Það er ljóst að þær breytingar sem voru gerðar á skattkerfinu árin 2008 og 2009 hafa aukið skattbyrði hátekju- og eignafólks. Nú hefur verið tekið upp fjölþrepa skattkerfi sem verður að ýmsu leyti frábrugðið skattkerfinu sem var innleitt hér árið 1988. Það verður spennandi að sjá hvernig álagning næsta árs mun líta út.

Úrskurðir



Bragi Freyr
Kristbjörnsson

YSKN 319/2009

Hlutabréf – Kaupréttur

Með úrskurði sínum færði skattstjóri kæranda til tekna x kr. vegna nýtingar á meintum kauprétti á hlutabréfum í Z ehf. Skattstjóri taldi að kaup kæranda á hlutabréfum í félaginu við hækkun hlutafjár í félaginu á genginu 1,25 væru nýting á kauprétti kæranda, eða ígildi slíks réttar að hlutabréfum í félaginu, sem bæri að skattleggja. Lagði skattstjóri til grundvallar gangverð bréfanna í viðskiptum sem skattstjóri taldi að svaraði til 4,17 og því bæri að telja kæranda til tekna mismun á kaupverði og gangverði. Skattstjóri byggði ákvörðun sína á því að kaup kæranda á hlutabréfum í félaginu hefðu falið í sér starfstengd hlunnindi kæranda vegna starfa hans í þágu félagsins, og að hlutabréfakaup hans teldust kaupréttarsamningur eða ígildi hans sem kærandi hafði fengið á grundvelli starfssambands síns við félagið sem umbun fyrir unnin störf í þágu þess.

Yfirkattaneftnd taldi hins vegar að skattstjóri hefði byggt niðurstöðu sína í máli þessu á afar veikum grunni. Taldi nefndin að skattstjóri hefði með úrskurði sínum einhent sér í að vefengja og hrekja skýringar og rök kæranda án þess að grundvöllur málsins, staðreynsla á umræddum kauprétti, væri þó treystur. Var af þeim sökum fallist á varakröfu kæranda um niðurfellingu tekjufærslu skattstjóra.

Skattstjóra tekst ekki að sýna fram á það með nægjanlega skýrum og óvefengjanlegum hætti að kærandi hafi nýtt meintan kaupréttarsamning og af þeim sökum er úrskurður skattstjóra felldur úr gildi.

YSKN 321/2009

VSK – Undanþegin starfsemi – Bankastarfsemi – Þóknarir frá erlendum aðila

Kærandi í máli þessu er einkahlutafélag sem er alfarið í eigu móðurfélags sem skráð er í Þýskalandi. Tilgangur kæranda er að annast og reka innheimtu fyrir netverslanir og sjá um markaðsmál, upplýsingar, rannsóknir og ráðgjöf fyrir netverslanir, ásamt því að veita ráðgjöf varðandi fjármál, stjórnun og önnur mál í tengslum við netverslanir. Ágreiningur málsins varðar þá ákvörðun skattstjóra að telja tekjur sem tilgreindar voru sem undanþegin velta á virðisaukaskattsskýrslum kæranda til skattskyldrar veltu, enda hafi félaginu borðað að skila virðisaukaskatti af þóknunum sem það fékk frá móðurfélagi sínu sem jafnframt voru einu tekjur félagsins.

Ágreiningur málsins snýr því að því hvort starfsemi kæranda sé virðisaukaskattsskyld eða undanþegin skattskyldu skv. 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988. Starfsemi kæranda einskorðaðist við það að taka við greiðslum og upplýsingum um greiðendur frá íslenskum greiðslukortafyrirtækjum fyrir hönd hins þýska útibús móðurfélagsins. Yfirkattaneftnd taldi að þau gögn sem fyrir lágu um starfsemi kæranda og tengsl félagsins við starfsemi móðurfélagsins bentu til þess að starfsemi þess væri fyllilega sambærileg við starfsemi fjármálastofnana og væri þar af leiðandi undanþegin virðisaukaskatti á grundvelli 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988.

Í úrskurði þessum er farið yfir túlkun á 10. tölul. 3. mgr. 2. gr laga um virðisaukaskatt. Í skattfrákvæmd hefur verið miðað við að félög sem fengið hafa leyfi FME geti fallið undir ákvæðið. Í þessum úrskurði telur yfirkattaneftnd að líta megi þannig á starfsemi kæranda, enda sé hún fyllilega sambærileg við starfsemi fjármálastofnana og þar af leiðandi undanþegin virðisaukaskatti.

YSKN 322/2009

VSK – Sérstök og frjáls skráning – Atvinnuskyn – Tengdir aðilar

Kæruefnið í máli þessu er sú ákvörðun skattstjóra að synja kæranda um sérstaka og frjálsa skráningu í virðisaukaskattsskrá samkvæmt 1. og 4. gr. reglugerðar nr. 577/1989 vegna verulegra endurbóta á fasteign í eigu kæranda og útleigu hennar til sjálfseignarstofnunar. Forsendur skattstjóra voru þær að fyrirhuguð útleiga húsnæðisins gæti ekki talist stunduð í atvinnuskyni þegar litið væri til allra aðstæðna og tengsla aðila leigusambandsins.

Yfirkattaneftnd taldi hins vegar að frumskilyrði reglugerðarinnar um atvinnurekstur skattskylds aðila væri uppfyllt. Ekki þótti það rýra málstað kæranda þótt umrædd fasteign, sem ætluð var til leigu fyrir listamenn og arkitekta, hefði yfir að búa gistiaðstöðu samhliða vinnu- aðstöðu. Yfirkattaneftnd taldi því að forsendur skattstjóra fyrir synjun skráningar kæranda gætu ekki staðist og var því fallist á kröfu kæranda.

Í þessu máli er að miklu leyti deilt um málsvæðing sem sjaldan koma upp í skattfrákvæmd. Yfirkattaneftnd hnykkir í þessum úrskurði á túlkunaratriðum er varða atvinnuskyn í virðisaukaskattsskyldum rekstri og skilyrði sérstakrar og frjálsrar skráningar.

YSKN 8/2010

Vaxtabætur – Tvær íbúðir

Kærandi krafðist þess að breytingu skattstjóra á tilgreindum vaxtagjöldum hans á skattframtölum yrði hnekkt. Kærandi fór fram á að fá vaxtabætur vegna íbúðarhúsnæðis sem staðsett er á höfuðborgarsvæðinu þó svo að aðaldvalarstaður kæranda hafi verið á Austurlandi. Samkvæmt skýringum kæranda var íbúðin á höfuðborgarsvæðinu notuð vegna tímabundinna atvinnu- og námsþarfa.

Yfirkattaneftnd taldi að undantekning meginreglunnar um að maður eigi

einungis rétt á vaxtabótum með einni íbúð, þeirri sem ætluð er til eigin nota, ætti ekki við í tilviki kæranda.

Yfiskattanefnd hnykkir hér á þeim reglum sem gilda um undantekningar frá meginreglunni um greiðslu vaxtabóta og skilyrði reglunnar. Þessi úrskurður er í fullu samræmi við skattfrankvæmd.

YSKN 38/2010

Erfðafjárskattur – Sala fasteignar úr dánarbúi

Ágreiningur þessa máls snýr að því hvort miða eigi skattstofn erfðafjárskatts sem dánarbúi arfleifanda seldi við söluverð fasteignarinnar samkvæmt kaupsamningi eða fasteignamat á dánardegi arfleifanda. Krafa kæranda lýtur að því að fallist verði á það að miða við söluverð fasteignarinnar en sýslumaður ákvað að breyta innsendri erfðafjárskýrslu þar sem ekki þótti sýnt fram á að almennt markaðsverð eignarinnar hefði verið lægra en fasteignamatsverð hennar á dánardegi arfleifanda.

Yfiskattanefnd taldi að skýlaus ákvæði laga nr. 14/2004, sbr. B-lið 3. mgr. 4. gr. laganna, að ákvarða beri skattstofn fasteignarinnar við fasteignamat eins og það er skráð hjá Fasteignaskrá Íslands á dánardegi arfleifanda. Kröfum var því hafnað.

Með þessum úrskurði er því slegið föstu að miða skuli við fasteignamat á dánardegi arfleifanda en ekki söluverð fasteignar eða mat löggilts fasteignasala á verðmæti eignarinnar. Niðurstaða yfiskattanefndar er í samræmi við skattfrankvæmd.

YSKN 57/2010

Erfðafjárskattur – Verðbréf á dánardegi – Bankahrun

Kærufnið varðar ákvörðun á verðmæti tilgreindra verðbréfa dánarbús til erfðafjárskatts. Með erfðafjárskýrslu fylgdu ýmis gögn varðandi mat á verðmæti þeirra verðbréfa sem um er deilt í málinu til erfðafjárskatts, þar á meðal greinargerð, yfirlit yfir matsverð sjóða og skuldabréfa svo og yfirlit yfir markaðsverð hlutabréfa, skuldabréfa og hlutdeildarskírteina í sjóðum o.fl., þar á meðal hinna umdeildu verðbréfa á dánardegi arfleifanda, 31. október 2008. Sýslumaður tók afstöðu til verðmætis hinna umdeildu verðbréfa til erfðafjárskatts en ágreiningsefni þessa máls lýtur

að því hvort miða eigi við síðasta skráða gengi umræddra verðbréfa eins og það var fyrir bankahrun eða fyrsta skráða gengi eftir bankahrun, enda endurspeglir það raunverulega eign á dánardegi.

Yfiskattanefnd tekur fram að lög nr. 14/2004 séu afdráttarlaus um það að verðbréf, sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, beri að telja til eignar á kaupgengi eins og það er skráð við síðustu lokun markaðar fyrir andlát arfleifanda og að ákvarða beri skattstofn erfðafjárskatts til samræmis við það. Óumdeilt var að umrædd verðbréf vegna hlutdeildar í Sjóði 1 voru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Af þeim sökum væri ekki lagaheimild fyrir hendi til þess að unnt sé að taka til greina kröfu kæranda um lækkun á skattstofni erfðafjárskatts vegna umræddra verðbréfa. Kröfum kæranda var því hafnað.

Í máli þessu var þess krafist að miðað yrði við aðra dagsetningu en lög leyfa. Niðurstaða yfiskattanefndar er í fullu samræmi við skattfrankvæmd.

YSKN 128/2010

VSK – Nytjaskógrækt – Tímamörk skráningar

Kærufni málsins snýr að því hvenær gildur samningur hafi stofnast um nytjaskógrækt á jörð kæranda. Kærandi telur sig hafa náð samningi við V um nytjaskógrækt snemma árs 2004 og að frá og með þeim tíma hafi verið stunduð nytjaskógrækt á jörðinni í samstarfi við V. Skattstjóri féllst á það með stoð í samningi sem gerður var milli kæranda og V 12. apríl 2008 að kæranda bæri réttur til skráningar í grunnskrá virðisaukaskatts, og skráði kæranda með upphafsdagsetningu 12. apríl 2008. Hinsvegar taldi skattstjóri að fyrir undirritun fyrrgreinds samnings hefði kærandi stundað landbótaskógrækt, þ.e. skógrækt sem ekki miðaði að framleiðslu viðarafurða, sem skattstjóri byggir á orðalagi samnings frá árinu 2004.

Yfiskattanefnd þótti að sýnt hefði verið fram á það að tilgreining um landbótaskógrækt í samningi kæranda og V hafi hvorki verið í samræmi við tilgang samningsgerðarinnar né framkvæmd samningsins. Var því byggt á skýringum kæranda þess efnis að um mistök við samningsgerð hafi verið að ræða og að kærandi hafi frá árinu 2004 stundað nytjaskógrækt en ekki aðra skógrækt eins og skattstjóri hélt fram.

Þessi úrskurður hnykkir á þeim tíma-mörkum sem afturvirk skráning á grunnskrá virðisaukaskatts getur tekið mið af. Sjaldan koma mál tengd nytjaskógrækt fyrir yfiskattanefnd en í þessu máli féllst nefndin á beiðni kæranda.

YSKN 138/2010

Staðgreiðsla – Takmörkuð skattskylda – Milliganga í hlutabréfaviðskiptum

Kæra í máli þessu varðar endurákvörðun ríkisskattstjóra á skilaskyldri staðgreiðslu kæranda, sem er viðskiptabanki, staðgreiðsluárið 2003 auk álagsbeitingar vegna vangreiddrar skilaskyldrar staðgreiðslu. Hinn kærdi úrskurður ríkisskattstjóra kvað á um það að kæranda hefði borið að standa skil á staðgreiðslu tekjuskatts af söluhagnaði hlutabréfa í Í hf. í viðskiptum milli tveggja erlendra aðila, N og J, og svo EA ehf. á árinu 2003, þar sem kærandi hafi annast milligöngu á staðgreiðsluskyldum greiðslum í viðskiptum þessum. Byggði ríkisskattstjóri á því að seljendur hlutabréfanna, þ.e. hin erlendu félög, bæru takmarkaða skattskyldu hér á landi vegna umrædds söluhagnaðar hlutabréfa hér á landi og að um væri að ræða staðgreiðsluskyldar greiðslur.

Fram kom í úrskurði yfiskattanefndar að hugtakið „milligöngumaður“ eigi sér ekki fastmótaða merkingu í íslenskum rétti auk þess sem lögskýringargögn veiti afar takmarkaða leiðbeiningu um skýringu þess. Þótti nefndinni ljóst að marghátuð miðlun og milliganga um greiðslur og viðskipti með fjármálagerninga væri ríkur þáttur í starfsemi kæranda. Mat nefndin það svo að við upptöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 hefði ekki með skýrum hætti verið kveðið á um takmarkaða skattskyldu vegna söluhagnaðar hlutabréfa í lögum um tekjuskatt. Sú staðreynd, ásamt því að í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 45/1987 kæmi ekkert fram um mögulegar staðgreiðsluskyldur banka og annarra fjármálastofnana vegna greiðslumiðlunar og annars konar milligöngu slíkra aðila í verðbréfaviðskiptum, þótti ekkert benda til þess að tilgangur löggjafans hafi verið sá að mæla fyrir um staðgreiðsluskyldu vegna þess háttar milligöngu. Taldi yfiskattanefnd að kærandi gæti ekki talist hafa haft milligöngu um greiðslur í þeim viðskiptum sem um var að ræða og féllst því á aðalkröfu kæranda um niðurfellingu úrskurðar ríkisskattstjóra.

Yfiskattanevnd tekur sérstaklega fram í niðurstöðu sinni að staðgreiðsluskylda þurfi að vera skýr og ótvíræð til þess að hægt sé á henni að byggja. Í þessu máli þótti yfiskattanevnd lög ekki benda til staðgreiðsluskyldu og féllst því á aðalkröfu kæranda.

YSKN 149/2010

Peningamarkaðssjóðir – Mótreykingur – Frádráttur tapaðra fjármagnstekna

Aðalkrafa kæranda í málinu er að honum verði heimilað að draga tap sem varð af viðskiptum hans með peningabréf frá vaxtatekjum af bankainnstæðum og sölu verðbréfa á sama ári. Kröfu sína studdi kærandi við 2. mgr. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003.

Yfiskattanevnd féllst ekki á kröfur kæranda, enda var ekki um að ræða tap á greiðslukræfum fjármagnstekjum í skilningi ákvæðisins heldur tap vegna gengislækkunar við sölu umræddra hlutdeildarskírteina. Það þótti engu breyta þótt kærandi hafi ráðstafað gengishækkun peningabréfa, sem seld voru fyrr á árinu, til kaupa á þeim bréfum sem hann síðar seldi með tapi.

Niðurstaða yfiskattanevndar er í samræmi við skattfrankvæmd.

YSKN 153/2010

Skattlagning lífeyrissparnaðar

Kærandi fékk greiðslur frá lífeyrissjóðum á árinu 2008 sem skattstjóri taldi vera skattskyldar á grundvelli 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, þannig að umræddar lífeyrissjóðstekjur féllu undir almennt skattstig en ekki fjármagnstekjuskatt. Mótmæli kæranda sneru að því að um tvísköttun væri að ræða. Ekki var fallist á röksemdir kæranda.

Niðurstaða yfiskattanevndar er í samræmi við skattfrankvæmd.

YSKN 154/2010

VSK – Skattverð – Notuð vélknúin ökutæki

Efnislegur ágreiningur í máli þessu varðaði ákvörðun skattverðs vegna sölu kæranda á notuðum tjaldvögnum og hjólhýsum síðla árs 2007. Af hálfu skattstjóra var byggt á

því í málinu að telja bæri heildarsöluverð, þó án virðisaukaskatts, til skattverðs í greindum viðskiptum og hækkaði skattstjóri skattskylda veltu kæranda af þeim sökum. Kærandi krafðist þess hins vegar að skattverð í viðskiptum félagsins með notaða tjaldvagna og hjólhýsi yrði ákvarðað eftir þeirri aðferð sem um ræðir í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 50/1988, þ.e. sem 80,32% af mismun innkaupsverðs og söluverðs að meðtöldum virðisaukaskatti.

Yfiskattanevnd komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að orðalag 1. mgr. 10. gr. ætti eingöngu við um notuð vélknúin ökutæki og þar af leiðandi gætu viðskipti kæranda með tjaldvagna og hjólhýsi ekki fallið undir reiknireglu ákvæðisins.

Niðurstaða yfiskattanevndar er í samræmi við skattfrankvæmd.

YSKN 177/2010

Fasteignaviðskipti – Lækkun söluverðs – Tengdir aðilar – Málamyndagerningur

Krafa kæranda í þessu máli laut að lækkun á tilfærðri fjárhæð söluhagnaðar vegna sölu fasteignar á árinu 2008. Kærandi keypti fasteignina á árunum 2006 og 2007 og seldi eigin einkahlutafélagi eignina á árinu 2008. Með kæru til skattstjóra fór kærandi fram á það að tilfærður söluhagnaður yrði lækkaður á grundvelli samkomulags sem orðið hefði með kæranda og félagi í hennar eigu.

Yfiskattanevnd taldi að þegar litið væri til tengsla aðila að umræddum fasteignaviðskiptum bæri það mikinn keim af málamyndagerningi sem ekki væri hægt að byggja á í skattalegu tilliti. Kröfu kæranda var hafnað.

Í þessum úrskurði er hnykkt á því að ekki verði byggt á málamyndagerningum milli tengdra aðila til þess að komast hjá skattlagningu.

YSKN 188/2010

Staðgreiðsla – Starfstengd hlunnindi – Beiðni um endurgreiðslu – Ekki kæránleg ákvörðun

Kæra í máli þessu varðaði úrskurð skattstjóra vegna erindis kæranda sem bar yfirskriftina „fyrirvari um réttmæta staðgreiðslu og krafa um endurgreiðslu“, þar sem kærandi fór fram á að staðgreiðsla sem

kærandi hefði haldið eftir af launatengdum hlunnindum tiltekinna starfsmanna félagsins og staðið skil á yrði endurgreidd að fullu. Fram kom í erindinu að kærandi liti svo á að ekki væri um staðgreiðsluskyld hlunnindi að ræða í skilningi laga nr. 45/1987, og hefði af þeim sökum innt staðgreiðsluna af hendi með fyrirvara um réttmæti hennar.

Yfiskattanevnd tók fram að hér væri um að ræða beiðni kæranda um leiðréttingu á staðgreiðslu á staðgreiðsluári. Álagning opinberra gjalda 2009 vegna tekjuársins 2008 hefði ekki farið fram þegar kærandi leitaði til skattstjóra með umrædda endurgreiðslubeiðni. Að því virtu, og þegar horft væri til þess að hér væri um að ræða framkvæmd staðgreiðslu sem hvorki tengist sérstakri ákvörðun skattstjóra eða ríkisskattstjóra samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda sem fæli í sér endanlega ákvörðun um skattfjárhæð, taldi yfiskattanevnd að ekki væri um kæránlega skattaákvörðun að ræða sem félli undir úrskurðarvald yfiskattanevndar. Var kærinni vísað frá yfiskattanevnd af þeim sökum.

Niðurstaða yfiskattanevndar er í samræmi við skattfrankvæmd.

YSKN 192/2010

Dagpeningar – Friðargæsluliði – Ekki tilfallandi ferðir

Ágreiningur í máli þessu varðar þá ákvörðun skattstjóra að hafna umkröfðum frádrætti samkvæmt kæru á móti tekjuferðum dagpeningum frá vinnuveitanda kæranda sem starfaði sem friðargæsluliði á árinu 2008. Byggði skattstjóri ákvörðun sína á því að ekki væri um að ræða tilfallandi ferðir á vegum launagreiðandans utan venjulegs vinnustaðar, hvað snerti tilgreinda ferðadaga til S, og því væru ekki uppfyllt skilyrði til frádráttar samkvæmt reglum um dagpeninga.

Yfiskattanevnd féllst á röksemdir skattstjóra og tók fram að ekki yrði annað séð en að um samfellda dvöl hafi verið að ræða. Kröfum kæranda var hafnað.

Niðurstaða yfiskattanevndar er í samræmi við skattfrankvæmd.

AF VETTVANGI SKATTARÉTTAR

Ne bis in idem

Dómur Hæstaréttar Íslands 22. september í máli nr. 371/2010



Ragnheiður
Björnsdóttir

Málavextir eru þeir að mál var höfðað á hendur einstaklingunum A, B og C og lögaðilunum D og E vegna eigin skattskila, auk þess sem A, B og C voru í málinu ákærð sem fyrirsvarsmenn framangreindra félaga fyrir brot sem þau voru talin hafa framið í rekstri þeirra. Fallið var frá ákærinni á hendur E eftir að það var tekið til gjaldþrotaskipta. Ákærðu kröfðust þess að ákærum á hendur þeim yrði vísað frá dómi.

Frávísunarkrafa vegna þeirra ákæru-liða er lutu að eigin skattskilum ákærðu byggði á því að þau hefðu þegar mátt þola refsingu í formi skattálags fyrir þau brot sem þau voru ákærð fyrir, en ríkisskattstjóri hefði úrskurðað í málum þeirra þar sem vantaldir skattstofnar hefðu verið hækkaðir og álagi bætt við þá hækkun og yfirs kattane fnd staðfest þá álagsbeitingu. Með því að sækja mál á hendur þeim í annað sinn fyrir brotin væri brotið gegn reglunni um ne bis in idem, sbr. 4. gr. 7. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu.

Í íslenskri þýðingu er í fyrrnefndu ákvæði samningsviðaukans kveðið á um að enginn skuli sæta lögsókn eða refsingu að nýju í sakamáli innan lögsögu sama ríkis fyrir brot sem hann hefur þegar verið sýknaður af eða sakfelldur fyrir með lokadómi samkvæmt lögum og sakamálaréttarfari viðkomandi ríkis. Ágreiningur stóð um það hvort um væri að ræða „sama brot“ í skilningi þessa ákvæðis.

Í úrskurði héraðsdóms er rakið að við þingfestingu málsins hefðu ákærðu krafist frávísunar, en kröfunni hefði verið synjað með hliðsjón af fordæmum mannréttindadómstóls Evrópu þar sem ekki væri um að ræða sama brot. Þegar sá úrskurður hefði gengið hefði dómara málsins og sakflytjendum ekki verið kunnugt um nýlegan dóm yfirdeildar mannréttindadómstóls Evrópu þar sem skilgreint væri að nýju hvenær um „sama brot“ væri að ræða í skilningi 1. mgr. 4. gr. 7. samnings-

”

*Frávísunarkrafa
vegna þeirra ákæru-liða er
lutu að eigin skattskilum
ákærðu byggði á því að
þau hefðu þegar mátt þola
refsingu í formi skattálags
fyrir þau brot sem þau
voru ákærð fyrir*

viðaukans og hefði úrskurður héraðsdóms byggt á öðrum og þrengri skilningi á þessu ákvæði samningsviðaukans en þeim sem mannréttindadómstóllinn hefði nú tekið upp. Ljóst væri að úrskurðir skattyfirvalda sem um ræddi í málinu væru komnir til af nákvæmlega eða efnislega sömu atvikum og ákært væri fyrir í máli fyrir héraðsdómi. Leit dómstóllinn svo á, með vísan til nýgengins dóms mannréttindadómstólsins, að málsmeðferð skattyfirvalda teldist taka til sömu atvika eða brota og ákærðu hefði nú verið gefin að sök. Voru þeim ákæru-liðum er lutu að eigin skattskilum ákærðu vísað frá dómi.

Af hálfu A, B og C var ennfremur krafist frávísunar í þeim tilvikum sem skattyfirvöld hefðu ekki gert þeim álag persónulega. Í þeim tilvikum sem skattstofnar lögaðilanna hefðu verið hækkaðir og álagi bætt við þær hækkanir væri ljóst að málsmeðferð skattyfirvalda hefði jöfnum höndum beinst að ákærðu fyrirsvarsmönnum félaganna og lögaðilunum. Fæli það í sér brot á 1. mgr. 4. gr. 7. samningsviðaukans.

Í tilefni af síðastgreindri kröfu var af hálfu ákæruvaldsins tekið fram að rannsókn þessa máls hefði beinst bæði að skattskilum ákærðu sjálfra og lögaðilanna. Ákærðu hefðu haft stöðu sakbornings hjá skattrannsóknarstjóra og ríkislögreglustjóra, bæði vegna þess að rannsóknin hefði beinst að skattskilum þeirra sjálfra og jafnframt vegna þess að þau gætu sætt refsíabyrgð sem fyrirsvarsmenn lögaðilanna. Ákvæði 1. mgr. 4. gr. 7. samningsviðaukans girði ekki fyrir það að fleiri en einn, þ.e. lögaðili og fyrirsvarsmaður, sæti saksókn og refsingu fyrir sömu brot. Rannsókn málsins væri ekki liður í lögsókn á hendur ákærðu og gæti ekki sem slík girt fyrir síðari saksókn með útgáfu ákæru. Ákærðu tjái ekki að bera það fyrir sig að þau hefðu sætt lögsókn, með því að þau hefðu haft stöðu sakbornings í tengslum við rannsókn á skattalagabrotum félaganna, sem síðar hefði leitt til álags á þau, enda gæti slík rannsókn ekki leitt til þess að fyrirsvarsmennirnir sættu álagi.

Héraðsdómur leit svo á að það fælist í 1. mgr. 4. gr. 7. samningsviðaukans að sami aðili yrði að eiga hlut að fyrri og síðara málinu. Málsmeðferð hjá skattyfirvöldum vegna atvika er vörðuðu lögaðilana stæði því ekki í vegi að fyrirsvarsmenn þeirra yrðu sóttir persónulega til saka, þótt þeir hefðu komið fram fyrir hönd félaganna við rannsókn málsins. Því var ekki fallist á frávísunarkröfu ákærðu hvað þessa ákæru-liði varðaði.

Ákærvaldið kærði úrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar Íslands, þar sem máli þess á hendur A, B, C og D var að hluta vísað frá dómi. Hæstiréttur rakti að með 2. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, hefði löggjafinn áréttað að þrátt fyrir lögfestingu mannréttindasáttmálans væri enn byggt á grunnreglunni um tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar að því er varðaði gildi úrlausna þeirra stofnana sem settar hefðu verið á fót samkvæmt sáttmálanum. Þótt dómstólar líti til dóma mannréttindadómstólsins við skýringu sáttmálans þegar reynir á ákvæði hans sem hluta af íslenskum landsrétti, leiði af þessari skipan að það væri verkefni löggjafans að gera nauðsynlegar breytingar á landsrétti til að virða skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu. Hér á landi sé á því byggt að heimilt sé að fjalla um brot gegn skattalögum í tveimur aðskildum málum þótt þau geti átt rót sína að rekja til sömu eða samofinna atvika. Ef kröfur varnaraðila yrðu teknar til greina hefði því í reynd verið slegið föstu að þessi skipan fái ekki staðist. Vísað var til þess að dómaframkvæmd mannréttindadómstóls Evrópu hefði að nokkru leyti verið misvísandi um þau atriði sem miða skuli við þegar metið sé hvort fjallað sé um sama brot í fyrri og síðari úrlausn um refsiverða háttsemi. Dómstóllinn hafi þó hafnað því að 4. gr. 7. viðaukans standi því í vegi að annars vegar sé



fjallað um endurákvörðun skatta og beitingu álags vegna brots á reglum um framtalsskyldu og hins vegar um refsingu í öðru máli í tilefni af sömu málsatvikum. Talið var að þrátt fyrir að nýlegur dómur mannréttindadómstólsins hefði markað breytta stefnu um skýringu fyrrnefnds ákvæðis væri til þess að líta að það mál varðaði aðstæður, sem ólíkar væru því máli sem hér er til umfjöllunar, svo og að svipaða skipan og þá, sem er hér á landi á stjórnkerfi skattamála um tvískiptingu mála um beitingu álags og ákvörðun refsingar, sé að finna í allnokkrum ríkjum sem eru aðilar að

mannréttindasáttmála Evrópu. Tekið var fram að til þess að unnt væri að slá því föstu að þessi skipan skattamála hér á landi fengi ekki staðist vegna ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu yrði að minnsta kosti að liggja skýrt fyrir að íslensk lög fari í bága við þau, eftir atvikum í ljósi dóma mannréttindadómstólsins. Þegar af þeirri ástæðu að ekki stæði þannig á í málinu var hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Skattskylda tekna, váttryggingabætur vegna sjúkdóms

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur dags. 7. júlí 2010 í málinu A gegn íslenska ríkinu



Guðrún Jenný Jónsdóttir

Málsatvik eru þau að A fékk greiddar váttryggingabætur vegna sjúkdóms. Á skattframtali sínu taldi hún bæturnar fram sem skattfrjálsar tekjur. Skattstjóri lagði tekjuskatt á umræddar bætur og

kærði A þann úrskurð skattstjóra til yfirsattanefndar og krafðist þess að bæturnar yrðu skattfrjálsar. Yfirsattanefnd hafnaði kröfu A.

A stefndi þá íslenska ríkinu og krafðist ógildingar á úrskurði yfirsattanefndar. Kröfur sínar studdi A með því að skattfrelsi sjúkdómabóta hefði verið lagt til grundvallar af hálfu líftryggingafélaga og að skattyfirvöld hafi látið það átölulaust í fjölda ára. A vísaði einnig til þess að sjúkdómatryggingar teldust til líftrygginga samkvæmt lögum um váttryggingasamninga og þar með féllu bætur vegna sjúkdóma undir ákvæði 2. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga,

þar sem kveðið er á um skattfrelsi líftryggingabóta sem greiddar eru í einu lagi. Bæturnar falli ekki undir ákvæði 2. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga enda séu bæturnar ákveðnar í einu lagi sbr. 2. tölul. 28. gr. sömu laga. Þá vísaði A til ákvæða E-liðar 16. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem fram kemur að slysa- eða örorkubætur sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll séu ekki skattskyldar. Í 3. tölul. 20. gr. sömu reglugerðar komi svo fram að eignaauki vegna útborgunar lífsábyrgðar og örorkubóta teljist ekki til skattskyldra tekna nema um sé að ræða mánaðarlegar eða árlegar greiðslur.

A hélt því fram að það sem réði skattfrelsinu væri það hvort að bætur væru ákveðnar til greiðslu í einu lagi og hvort að þeim væri ætlað að koma í stað atvinnutekna. Þær bætur sem A hefði fengið væru eingreiðslubætur og væru greiddar án tillits til þess hvort váttryggingartaki hefði orðið fyrir tekjutapi eða útlögðum kostnaði. Um sé að ræða miskabætur sem séu til þess fallnar að bæta miska sem hljóti af því að greinast með erfiðan sjúkdóm. A taldi ljóst að markmið löggjafans hafi verið að fella sjúkdómatryggingar undir líftryggingar enda sé enginn eðlismunur á þessum váttryggingum nema að líftrygging greiðist út við andlát en sjúkdómatrygging við nánar tilgreinda sjúkdóma. Þá séu bætur þessar skattfrjálsar í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Bretlandi.

Að síðustu vísaði A til þess að gera yrði þær kröfur að skattareglur séu skýrar og ótvíræðar enda séu þær íþyngjandi. Skattyfirvöld hafi í meira en 10 ár ekki lagt túlkun skattstjóra til grundvallar skattlagningu einstaklinga eða í samskiptum við fjármálastofnanir sem sjái um sölu slíkra trygginga. Skilningur tryggingafélaga og Samtaka íslenskra tryggingafélaga hafi alla tíð verið að sjúkdómatryggingar séu tekjuskattfrjálsar. Í ljósi þessa sé verulegur vafi á því hvort að ákvæði 2. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga hafi að geyma nægjanlega skýra skattlagningarheimild í skilningi 40. og 77. gr. Stjórnarskrárinnar.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu og studdi þá kröfu sína að úrskurður yfirsattanefndar væri í samræmi við lög. Stefndi vísaði til þess að tekjuhugtak tekjuskattslaganna sé rúmt og taki til hvers konar gæða sem aðila hlotnist og unnt sé að meta til peningaverðs með þeim undantekningum og takmörkunum sem lögin hafi að geyma og er þar vísað til t.d. 28. gr. laganna. Í athugasemdum með 7. gr. laganna kemur fram að upptalning 7. gr. geti ekki orðið tæmandi og að ekki verði gagnályktað frá henni.

Stefndi vísaði til þess að samkvæmt beinu og ótvíræðu orðalagi 2. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaganna taki skattskyldan til skaðabóta og váttryggingafjár vegna sjúkdóma, slysa, atvinnutaps eða launamissis og hvers konar annarra skaðabóta og váttryggingabóta sbr. þó ákvæði 2. tölul. 28. gr. Yfirsattanefnd hafi réttilega talið að ekki léki neinn vafi á því að

hinar umdeildu tryggingabætur féllu undir framangreindan tölul. 7. gr. Þá hafi hugtakið líftrygging fastmótaða merkingu í íslenskum rétti og almennri málvenju. En með því sé átt við váttryggingu þar sem tryggt sé gegn dánaráhættu þann tíma sem váttryggingarsamningur er við lýði. Flokkun gildandi laga um váttryggingasamninga breyti ekki því hvernig bætur eru skattlagðar.

Stefndi benti á að orðalag 7. gr. sé ótvírætt og ef vilji löggjafans hefði staðið til að breyta þeirri tilhögun að sjúkdómatryggingar væru skattskyldar hefði laga-breytingu þurft til. Þá var því mótmælt að greiðslufyrirkomulag bóta ráði skattskyldu. Það eigi eingöngu við um þær



bætur sem taldar eru upp í 2. tölul. 28. gr. laganna og að sú upptalning sé tæmandi talin. Í samræmi við dómaframkvæmd og lögskýringasjónarmið beri að túlka undanþágur þröngt.

Stefndi hafnaði því að skattframkvæmd hafi verið á þá lund að bætur á borð við þær sem A móttók hafi verið undanþegnar skatti eða taldar til undanþáguákvæðis 2. mgr. 28. gr. tekjuskattslaga. Engin sönnun af hendi A hafi komið fram um það. Þá skipti skilningur tryggingafélaga, samtaka þeirra, váttryggingamiðlara eða hagsmunasamtaka annarra ekki máli. Héraðsdómur hafnaði því að óheimilt hefði verið af hálfu skattyfirvalda að leggja tekjuskatt á þær bætur sem A fékk greiddar og sýknaði íslenska ríkið. Í forsendum héraðsdóms kemur fram að samkvæmt

7. gr. tekjuskattslaga teljast skattskyldar tekjur, með þeim undantekningum og takmörkunum sem greinir í lögnum, hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs. Ekki skiptir máli hvaðan þær stafi eða í hvaða formi þær séu. Váttryggingabætur séu skattskyldar samkvæmt 2. tl. A-liðar 7. gr. laganna nema undantekning á því eigi við samkvæmt 2. tl. 28. gr. Þá segir orðrétt í forsendum dómsins:

Verður hvorki ráðið af 2. tl. 28. gr. laga um tekjuskatt né af lagaákvæðum í lögnum um váttryggingasamninga eða reglugerðar-ákvæðum, sem vísað er til af hálfu stefnanda að umræddar váttryggingabætur, sem stefnandi fékk greiddar, teljist greiðsla á líftryggingafé í skilningi laga um váttryggingasamninga. Breytir engu í því sambandi þótt sjúkdómatrygging falli undir heilsutryggingar og að um þær váttryggingar fari samkvæmt reglum sem eiga við um líftryggingar eftir ákvæðum laga um váttryggingasamninga. Þau lagafyrirmæli breyta ekki efnislegu innihaldi skattalaga. Þær undantekningar, sem taldar eru upp í 2. tl. 28. gr. laganna, gilda samkvæmt orðanna hljóðan aðeins um greiðslu á líftryggingarfé, dánarbótum, miskabótum og bótum fyrir varanlega örorku og þegar þessar bætur eru ákveðnar í einu lagi til greiðslu.

Héraðsdómur taldi ekki unnt að skilja ákvæði 7. gr. og 28. gr. laga nr. 90/2003 með hliðsjón af forsögu þeirra, athugasemdum í greinargerð sem og E-lið 16. gr. og 2. tölul. 20. gr. reglugerðar nr. 245/1963

um tekjuskatt og eignarskatt, þannig að skilin milli þess hvort váttryggingabætur vegna líkamstjóns eru skattskyldar eða skattfrjálsar ráðist af því hvort bæturnar eru ákveðnar í einu lagi til greiðslu eða ekki. Þá hafnaði dómstóllinn þeirri skýringu stefnanda, að sjúkdómatryggingu væri ætlað að bæta miska, sem hlytist af því að greinast með erfiðan sjúkdóm. Þá taldi héraðsdómur að það hefði engin áhrif þó að líftryggingafélög eða aðrir hafi talið fyrir misskilning að váttryggingabætur vegna sjúkdóma væru skattfrjálsar.

Dómi héraðsdóms hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Ingvar J. Rögnvaldsson
vararíkisskattstjóri



Hvert stefnir?

Skattheimta skal samkvæmt stjórnarskrá byggð á lögum. Því hefur iðulega verið haldið fram að að samsvörun verði að vera á milli skattalaga og útgjalda ríkissjóðs. Þessar stærðir verði þannig að haldast í hendur og breytist önnur þá hafi það áhrif á hina. Hlutverk þeirra sem vinna í skattkerfinu, og ætlað er að framfylgja skattalögum, er mótað með mismunandi beinskeyttum hætti. Dönsk skattfyrirvöld hafa til að mynda orðað verkefni sitt á þann hátt að í því felist að tryggja réttláta og skilvirka fjármögnum á hinum opinbera rekstri fram-tíðarinnar.

Frá lagasetningu til framkvæmdar skattákvæða eru mörg verkefni og margbreytileg. Nú orðið er unnt að leysa flest verkefni með aðstoð tölvutækninnar en tölvur, eins og aðrar vélar, vinna ekki annað en þá sem fyrir þær er lagt. Þau gögn sem eru til úrvinnslu byggjast almennt á skilvísni og heiðarleika skattgreiðenda.

Skattfyrirvöldum er ætlað að kynna oft á tíðum flókna lagasetningu með einföldum og auðskildum hætti fyrir skattborgurunum þannig að sem flestir þekki réttindi sín og skyldur. Þá skal stuðlað að því að þeim sem sækja þurfa rétt sinn, standa skil á upplýsingum eða inna af hendi skattgreiðslur sé gert slíkt sem tæknilega auðveldast.

Birting ein og sér dugir skammt ef hún kemst ekki til vitundar og eftirbreytni móttakandans. Þannig var lengi með framtalsleiðbeiningar að iðulega þurfti að lesa þeim textann sem þær hafði í hendi og leiðbeina síðan um færslu talna í skattframtal. Þrátt fyrir að fullur skilningur hefði náðst um rétt framtalsskil þá gat það farið svo að leiðréttinga væri þörf eða kalla þyrfti eftir frekari upplýsingum. Á árum áður þurfti iðulega að endurupptaka skattframtöl vegna þess að endurskoðun hafði leitt í ljós að tekjur voru vantaldar. Með aukinni og bættri upplýsingagjöf, sem hefur gert skattfyrirvöldum kleift að árita á skattframtöl upplýsingar um tekjur og eignir, hefur þessum aðgerðum stórlega fækkað og er það vel.

Enn fyrirfinnast þau svið skattframtalda, þar sem álagning og erindi um hvers konar endurgreiðslur byggja á einhliða upplýsingum þess sem á samskipti við

skattfyrirvöld. Niðurstaða úrvinnslu þessara gagna byggir á trúverðugleika gagnanna og formi þeirra. Almennt er gert ráð fyrir að umsókn og undirgögn hennar séu ófölsuð. Á þessu byggir m.a. skilvirkni opinberrar stjórnsýslu hér á landi, þ.e. að ekki þurfi að gera sérstakar varúðar-ráðstafanir þegar erindi berast frá skattborgurum.

Traust á sér mörg birtingarform, allt frá því að vera gagnkvæmt í mannlegum samskiptum og til þess trausts sem borið er til mannlegra verka, hvort heldur mannvirkja, skjala eða þeirra ákvarðana sem teknar eru. Skattframtöl og önnur skattgögn eru hér á engan hátt undanskilin sem hver önnur mannanna verk. En í ljósi nýlegra atburða þar sem uppvíst hefur orðið um að stórar fjárhæðir hafa verið sviknar út úr ríkissjóði með skipulögðu skjalafalsi verður ekki undan því litið að rofnað hefur það almenna traust sem ríkt hefur hingað til í skattframtöldum hér á landi.

Í undanförunum leiðurum Tíundar hefur iðulega verið fjallað um skipulegan undandrätt tekna þar sem viðskipti hafa verið færð upp í margvíslegan búning, ýmist til að flytja tekjur úr landi eða lækka skattstofna með sýndarviðskiptum. Sjónir skattfyrivalda hafa þannig fremur beinst að því að upplýsa undandrätt tekna og eigna sem átti sér stað í at-hafnalífinu en að verjast atlögum að eigin starfsemi. Á alþjóðlegum ráðstefnum skattfyrivalda hafa verið til umfjöllunar leiðir til að mæta þeim samdrætti sem versnandi efnahagsástand hefur í för með sér. Almennt þarf að draga úr þjónustu og starfsmönnum við eftirlit fækkar. Til að mæta þessu hafa verið kannaðar leiðir til að hafa áhrif á skattgreiðendur, ýmist almennt eða með samkomulagi við stærstu fyrirtæki og þá sem annast framtalsskil, um að gagnkvæmt traust ríki í öllum samskiptum. Samskipti sem þessi yrðu gjarnan byggð á skriflegu samkomulagi og skilmálum.

Það er ekki örgrannt um að mörgum þyki nú langur vegur til þess að unnt verði að byggja skattheimtu á því að framlög til ríkisins og skattviltanir verði sjálfvirkar eða, eins og þeir bjartsýnustu horfa til, að sjálfsafgreiðsla verði ráðandi. Til þess erum við allt of skammt á veg komin og ljóst að eftir sem áður verður að veita aðhald, ef ekki herða á öllu regluverkinu.

Upplýsingatafla RSK

Staðgreiðsla opinberra gjalda 2010

Þrepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er nú reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

■ Af fyrstu 200.000 kr.	37,22%
■ Af næstu 450.000 kr.	40,12%
■ Af fjárhæð umfram 650.000 kr.	46,12%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur sem er 44.205 kr.

Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir.

■ 37,22%.....	af fyrstu 46.027* kr.
■ 40,12%.....	af 46.028-149.589** kr.
■ 46,12%	af launum umfram 149.589 kr.

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

* 2.400.000/365 * 7 = 46.027. ** 7.800.000/365 * 7 = 149.589.

Annað

■ Staðgreiðsla af vöxtum og arði	18%
■ Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 100.745 kr.	6%
■ Skattleysismörk tekjuárið 2010.....	1.425.218 kr.

Persónuafsláttur frá 1. janúar 2010

■ Einn mánuður	44.205 kr.
■ Hálfur mánuður	22.102 kr.
■ 14 dagar.....	20.346 kr.
■ Ein vika.....	10.173 kr.
■ Sjómannaafsláttur á dag	987 kr.

Tryggingagjald

■ Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald	8,65%
■ Sérstakt viðbótargjald v/sjómannna	0,65%

Virðisaukaskattur

■ Almenn skattþrep	25,5%
■ Sérstakt skattþrep	7,0%

Hámark barnabóta 2010

■ Hjón/sambúðarfólk	
- með fyrsta barni	152.331 kr.
- með börnum umfram eitt	181.323 kr.
- ótekjutengd viðbót v/barna yngri en 7 ára	61.191 kr.
■ Einstæðir foreldrar	
- með fyrsta barni	253.716 kr.
- með börnum umfram eitt	260.262 kr.
- ótekjutengd viðbót v/barna umfram eitt og yngri en 7 ára	61.191 kr.

Barnabætur eru greiddar út 1. feb., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv.

Vaxtabætur 2010

Vaxtabætur eru reiknaðar út frá vaxtagjöldum af lánum vegna íbúðarkaupa til eigin nota. Bæturnar eru bæði tekjutengdar og eignatengdar. Þær geta að hámarki orðið:

■ Hjá einhleypingi	246.944 kr.
■ Hjá einstæðu foreldri	317.589 kr.
■ Hjá hjónum og sambúðarfólki	408.374 kr.

Reglur varðandi útreikning vaxtabóta er að finna á rsk.is.

Kílómetragjald,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 4/2010

Gildir frá 1. 2. 2010

■ Almenn gjald, af fyrstu 10 þ. km, pr. km:	99,00 kr.
---	-----------

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag skal reikna 15% álag á almennt gjald. Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum, skal reikna 45% álag á almennt gjald.

Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2010

Gildir frá 1. 10. 2010

■ Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	19.100 kr.
■ Fyrir gistingu í eina nótt	10.350 kr.
■ Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag.....	8.750 kr.
■ Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	4.375 kr.

Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2009

Gildir frá 1. 3. 2009

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	187	125	120	80
■ Flokkur 2	SDR	159	106	102	67
■ Flokkur 3	SDR	141	94	90	60
■ Flokkur 4	SDR	125	83	80	54

RSK

RÍKISSKATTSTJÓRI